



SÉRBLAÐ FYLGIR

Europpris

FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. ágúst 2005 - 220. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MIÐVIKUDAGUR

Ísland gegn Suður-Afríku

Íslenska landsliðið í knattspyrnu mætir Suður-Afríku á Laugardalsvelli um kvöld. Strákarnir ætla sér sigur en fyrirliði landsliðsins, Eiður Smári Guðjohnsen, byst við erfiðum leik.



ÍÞRÓTTIR 22

Þýskur sveigjanleiki

Ástæðan fyrir að Þýskaland hefur dregist aftur úr í efnahagsmálum er að atvinnulífíð hefur ekki ráðið við óhefta samkeppni, segir Jón Ormur Halldórsson.



Í DAG 16


Arabar, Vesturlönd og misskilningurinn

Hussein Shehadeh heldur fyrirlestur á Borgarbókasafninu á Menn-ingarnótt um misskilninginn sem ríkir milli arabaheimsins og Vesturlanda. Hann segir misskilninginn aðallega byggðan á sögulegum grunni.



MENNING 24

VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA RIGNING EÐA SKÚRIR Gæti rofað nokkuð til suðvestanlands þegar líður á daginn. Hiti 10-17 stig, hlýjast austan til.

VEÐUR 4

Markaðurinn

Sögurnar... tölurnar...fólkið...

FYLGIR MED FRÉTTABLAÐINU Í DAG



8,5%* Peningabætur Landbankans

Börn líklega send heim af leikskólum vegna manneklu

Mannekla á leikskólum Reykjavíkurborgar leiðir líklega til þess að senda þurfi börn heim strax í næstu viku. Formaður menntasviðs Reykjavíkurborgar segir líklegt að ekki geti allir leikskólar veitt fulla þjónustu strax í haust. Ástandið er einna verst í Grafarvogi.

LEIKSKÓLAR Líkur eru á því að senda þurfi börn heim af leikskólum í höfuðborginni strax í næstu viku vegna manneklu. Einna verst er ástandið í Grafarvogi og hittust leikskólastjórar þar á fundi í gærmorgun til þess að ræða málið. Bóðað hefur verið til foreldrafunda í lok vikunnar og byrjun þeirrar næstu í nokkrum leikskólum þar sem ástandið er slæmt.

„Það er ljóst að í ákveðnum hverfum borgarinnar geta leikskólarnir ekki veitt fulla þjónustu strax í haust,“ segir Stefán Jón Hafstein, formaður menntaráðs

Reykjavíkurborgar. „Nokkrir leikskólar standa frammi fyrir því að ekki hefur tekist að ráða nóg af fólki og því líklegt að takmarka þurfi þjónustuna með aðgerðum á borð við þær að börnin geti ekki komið í leikskólann á hverjum degi.“

Stefán Jón segir á annað hundrad stöður lausar í leikskólum borgarinnar og óvenju erfitt að manna leikskólana. „Þensla á vinnumarkaði er gífurleg og atvinnuleysið komið niður í nánast ekki neitt,“ segir hann. „Það er gríðarlega hörð samkeppni um vinnuafli og við þannig aðstæður

er því miður erfitt að manna þessar stöður.“

Leikskólustjórar í Grafarvogi sem Fréttablaðið ræddi við í gærkvöld kváðu ástandið misslæmt. Undirbúningur aðgerða vegna manneklu er þó hafinn í nokkrum leikskólum og hætt við að tugir barna verði sendir heim dag hvern með haustinu að óbreyttu. Leikskólustjórnarnir segja fáar starfsumsóknir hafa borist og sumarstarfsmenn að hætta störfum.

„Ástandið er slæmt og mannekla fyrirsjáanleg,“ segir Elín Ásgrímsdóttir, leikskólustjóri í Graf-

arvogi. Elín segir að ástandið hafi ekki verið svona slæmt síðan fyrir fimm árum, þegar senda þurfti átta börn heim af leikskólanum dag hvern.

Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri Menntasviðs Reykjavíkurborgar, segir engar ákvarðanir hafa verið teknar um hvernig tekið verði á málum. Margar starfsumsóknir berist sviðinu þessa dagana og enn eigi eftir að vinna úr mörgum þeirra. Því sé óljóst hvort og þá hversu mikil áhrif mannekla á leikskólum muni hafa á starfið.

- ht



FERÐAMENN Í RIGNINGU Votviðrasamt var um allt land í gær. Þremmenningarnir á myndinni klæddu sig vel til að verjast bleytni. Það þurfa þeir að gera aftur í dag því samkvæmt veðurspá Sigurðar Ragnarssonar veðurfræðings heldur áfram að rigna í dag og næstu daga. Rigningin verður þó skúrakennari en í gær.

Ung kona ákærð: Skildi nýbura eftir í klósetti

BANDARÍKIN, AP Bandarísk kona á þrítugsaldri hefur verið ákærð fyrir að skilja nýfætt stúlkubarn eftir í klósetti í verslunarmiðstöð í Macon í Georgíuríki. Konan fæddi barnið á salerni, setti það ofan í klósettskál og haldi það með klósettrúllu og rusli.

Þrjár starfsmenn verslunarmiðstöðvarinnar komu barninu til hjálpar og viðskiptavinur tók til við að lífga barnið við þar til sjúkrabíll og hjálparstarfsmenn komu á vettvang.

Móðir stúlkunnar var handtekinn heima hjá sér. Hún er á þrítugsaldri og á börn fyrir. ■

Tilkynning

Hyundai annar söluhæsti bíllinn

Alls hafa um 900 Hyundai bílar selst það sem af er árinu og hefur sala þeirra allt að því tvöfaldað miðað við fyrstu sjö mánuði síðasta árs. Þessi mikla söluaukning gerir að verkum að Hyundai er nú annar söluhæsti bíll markaðarins, með 7,8% markaðshlutdeild og hefur merkið þar með hækkað sig um tvö sæti á milli ára, skv. upplýsingum Bílgreinasambandsins um sölu nýrra bíla. Þá er Hyundai með langstærstu markaðshlutdeildina í flokki sportjeppa og jepplinga eða tæplega fjórðungs hlut.



B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200
Opnið virka 10 til 18 og laugardaga frá 12 til 16

Ákæru gegn forsvarsmönnum Baugs þingfestar í dag: Eitt stærsta mál dómsins

DÓMSMÁL „Það má leiða líkum að því að þetta verði eitt stærsta mál sem farið hefur hér fram,“ segir Helgi I. Jónsson, dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur.

Eftir hádegi í dag verður þingfest mál ákærvaldsins á hendur helstu forvígismönnum Baugs en alls eru sex manns ákærðir í málinu: Jón Ásgeir Jóhannesson,

Jóhannes Jónsson, Kristín Jóhannesdóttir, Tryggvi Jónsson, Stefán Hilmar Stefánsson og Anna Þórðardóttir.

Dómari í málinu verður Pétur Guðgeirsson en honum til aðstoðar verða tveir meðdómarar en ákvörðun um hvenær málsmeðferð hefst verður tekin að þingfestingu lokinni.

Búast má við að fjölmenni verði í dómsal númer eitt en salurinn er ekki ýkja stór. Helgi segir engar sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar en hann á þó von á því að pláss verði fyrir alla. Um er að ræða sakborningana sex, verjendur þeirra, teymi saksóknara, dómsvörð auk fjölda fjölmiðlafólks.

- aðe

Sjá síður 10 og 12

3 dagar í hlaupið

Skráðu þig núna á marathón.is

ÍSLANDBANKA REYKJAVÍKUR MARAÐON

20. ÁGÚST 2005



SPURNING DAGSINS

Árni Þór, er grasið grænna vinstra megin?

„Já, vænt og grænt og iðar af lífi.“

Árni Þór Sigurðsson er borgarfulltrúi Vinstri grænna sem hafa ákveðið að bjóða fram undir eigin merkjum í næstu kosningum.

Undirbúningur frumvarps um réttarstöðu samkynhneigðra hafinn: Samkynhneigðir fá að ættleiða börn

RÉTTINDI Ríkisstjórnin hefur samþykkt að hefja undirbúning frumvarps sem meðal annars veitir samkynhneigðum rétt til jafns við gagnkynhneigða til þess að ættleiða börn frá útlöndum og gangast undir tæknifrjóvganir.

Stefnt er að því að frumvarpið verði tekið fyrir á haustþingi að sögn Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra.

Fyrirhugað frumvarp byggir á tillögum nefndar um réttarstöðu samkynhneigðs fólks sem lauk störfum síðastliðað haust. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að jafna bæri rétt samkynhneigðra og gagnkynhneigðra í

veigamiklum atriðum sem lúta meðal annars að staðfestri samvist og frumættleiðingum íslenskra barna.

Nefndin klofnaði þó í afstöðu sinni til ættleiðingar barna frá útlöndum og tæknifrjóvgana. Þau atriði verða þó væntanlega jafnframt lögð fram í frumvarpinu.

„Ef frumvarpið verður að veruleika hefur það einfaldlega þá þýðingu að allir verða jafnir hver sem staða þeirra er, á sama hátt og allir standa jafnt í okkar þjóðfélagi án tillits til trúmála eða litarháttar,“ segir Halldór. „Þarna er verið að stíga stórt skref í þá átt.“



RÉTTINDI SAMKYNHNEIGÐRA Samkynhneigð þör mega ættleiða börn og gangast undir tæknifrjóvganir ef tillaga að ríkisstjórnarfrumvarpi verður að lögum.

Grænlandingar í Danmörku:

Fá áfram fjárhagsaðstoð

DANMÖRK Claus Hjort Frederiksen, atvinnuáráðgjafi Danmerkur, áttetur með öllu að fjárhagsaðstoð við þá Grænlandinga í Danmörku sem ekki tala reiprennandi dönsku verði hætt.

Berlingske Tidende greinir frá því að jafnaðarmenn og íhaldsmenn hafi víðað þessar hugmyndir fyrir í sumar. Skiptar skoðanir voru um málið í Venstre, flokki Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra og Frederiksen atvinnuáráðgjafa, en danski þjóðarflokkurinn var alfarið á móti. Þingmenn Einingarflokksins fóru því fram á skýringar frá ráðherranum sem nú hafa verið gefnar.

-shg

Hinseginfræði í Kína:

Vinna gegn fordómum

SHANGHÆ, AP Virtur háskóli í Shanghæ, Fudan háskóli, er fyrsta menntastofnunin í Kína til að bjóða upp á nám í hinseginfræðum og menningu samkynhneigðra. Þegar hafa nokkur hundruð stúdentar sótt um að komast að en aðeins verða hundrad nemendur teknir inn í námið.

Gao Yanning, prófessor við háskólann, segir að markmiðið með náminu sé að vinna gegn fáfræði og fordómum í garð samkynhneigðra í Kína. Samkynhneigðir voru lögsóttir í kjölfar kommúnistabyltingarinnar í Kína 1949 og fordæmdir fyrir að vera afleiðing hnignandi vestrænna samfélaga.

-sda

Týndist á Vestfjörðum:

Ferðamaður kominn fram

LEIT Þýskur ferðamaður sem saknað var frá því á þriðjudagskvöld kom fram heill á húfi í Reykjavík laust fyrir klukkan þrjú í gær.

Maðurinn var í hópi ferðamanna á ferð við Hornvík þegar hann týndist. Samferðafólk hans náði sambandi við yfirvöld um morguninn og tilkynnti um hvarf hans. Um 30 björgunarsveitarmenn voru sendir til leitar. Auk þeirra tók þátt í leitinni skátahópur frá Reykjavík sem var á þessum slóðum fyrir tilviljun. ■

LÖGREGLUFRETTIR

PRIGGJA BÍLA ÁREKSTUR

Þrjár bílar lentu í árekstri í umdæmi lögreglunnar í Borgarnesi í gær. Enginn slasaðist þó.

FIMMTÁN UMFERÐARÓHÖPP Í REYKJAVÍK

Fimmtán umferðaróhöpp urðu í Reykjavík í gær og er það fremur mikið að sögn varðstjóra. Í tveimur tilfellum þurfti að flytja fólk á slysadeild en meiddi reyndust í báðum tilfellum minniháttar.



BREYTINGAR Vænta má ákvarðana um breytingar á þjónustutíma, tímatöflum og jafnvel leiðakerfi strætó á föstudag.

Björk vill breyta Strætó

Stjórnarformaður Strætó bs. ætlar að leggja fram tillögur um breytingar á ferðum strætisvagna á stjórnarfundum á föstudag. Meðal annars að ekið verði til miðnætis á öllum leiðum í þágu vaktavinnufólks.

SAMGÖNGUR Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi VG og stjórnarformaður Strætó bs., mun leggja fram tillögur um breytingar á þjónustutíma, tímatöflum og jafnvel tilteknum leiðum strætisvagna á stjórnarfundum fyrirtækisins á föstudag.

„Ég mun leggja það til við stjórn að ekið verði til klukkan 24.00 á kvöldin á öllum leiðum,“ sagði Björk. „Mér finnst skipta mjög miklu máli að svo verði til að koma til móts við vaktavinnufólk og ungt fólk sem fer ekki fyrir heim til sín á kvöldin. Svo mun ég gera tillögu um ýmsar lagfæringar á tímatöflu. Þetta getur ekki tekið gildi fyrir en 1.

október þegar nýtt vaktakerfi vagnstjóra tekur gildi, því þetta þarf að gerast í sátt við þá.“

Um hugsanlegar breytingar á leiðakerfinu segir Björk tillögur sínar í þeim efnum ekki hugsaðar til þess að koma til móts við þarfir einstakra notenda heldur stærri hópa þeirra. Hún segir jafnframt að á mánudag, þegar skólar hefjast, verði strætisvagnarnir farnir að aka á 10 mínútna fresti á álagstímum í stað 20 mínútna fresti nú.

Híð nýja leiðakerfi hefur hlotið gagnrýni og hafa hundruð erinda borist fyrirtækinu vegna þess. Björk segir að stjórnin hefji vinnu við breytingar á því

með hlidsjón af þeim erindum strax næstkomandi föstudag.

Leiðakerfið var til umræðu á fundi umhverfisráðs Reykjavíkurborgar í fyrradag. Þar lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram tillögu um óháða úttekt á því og jafnframt hugmyndir um hvort taka bæri upp gamla kerfið meðan unnið væri að úrbótum á því nýja. Ákveðið var að fresta afgreiðslu hennar að ósk fulltrúa R-listans, að sögn Kjartans Magnússonar borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks. Borgarráð hafði áður felld þessa tillögu með meirihlutaatkvæðum fulltrúa R-listans.

js@frettabladid.is

Taugastofnfrumur:

Gætu gagnast við sjúkdómum

VÍSINDI Vísindamönnum við Edinborgarháskóla í Skotlandi hefur tekist að búa til taugastofnfrumur úr stofnfrumum manna.

Vonir standa til að með nýju frumunum verði hægt að þróa nýjar meðferðir við ýmsum sjúkdómum. Fyrst um sinn verða áhrif nýrra lyfja prófuð á frumunum en þegar fram líða stundir verður ef til vill hægt að skipta út skemmdum taugavef fólks sem þjáist af Alzheimer og parkinsonsveiki með heilbrigðum taugastofnfrumum.

Stofnfrumur eru ósérhæfðar frumur sem geta sérhæfst í sérstakar frumgerðir. Taugafrumurnar er að finna í heilanum og miðtaugakerfinu.

-shg

Morðið á varnarliðskonun:

Yfirheyrslur á herstöðinni

LÖGREGLUMÁL Rúmlega tvítugur maður er enn í haldi lögreglu grunaður um að hafa orðið ungrri Bandaríkjakonu að bana á herstöðinni á Keflavíkurflugvelli á sunnudagskvöld.

Fimm bandarískir sérfræðingar komu til landsins seint í fyrrakvöld og veita þeir aðstoð við rannsókn málsins en forræði þess er nú í höndum rannsóknarnefndar sjóhersins. Lögreglan á Keflavíkurflugvelli veitir einnig aðstoð við rannsóknina að sögn Jóhanns Benediktssonar sýslumanns á Keflavíkurflugvelli.

Vettvangsrannsókn og frekari yfirheyrslur fóru fram í gær að sögn Jóhanns en ekki fékkst uppgefið hvort játning mannsins liggja fyrir né heldur hvort morðvopn hafi fundist.

-ht

Spennustigið er tekið að hækka á Gaza-ströndinni:

Eggjum og grjóti hent í lögreglu

NEVE DEKALIM, AP Lögreglu og mótmælendum brottflutningsins frá Gaza-ströndinni laust saman í gær og voru fimmtíu manns handteknir í kjölfarið. Þetta eru verstu átök sem komið hefur til vegna brottflutningsins.

Í gærmorgun sagaði lögregla í sundur aðalhlíð Neve Dekalim, stærstu landnemabyggðina á Gaza, svo að 120 flutningabílar kæmust að húsum fólks til þess að flytja búslóðir þess. Innan skamms var hins vegar fjöldi fólks kominn á vettvang og lét mágurinn ófriðlega. Þegar lögreglumenn reyndu að koma fólkinu á brott tók það að henda í þá eggjum, grjóti og öðru lauslegu og kveiktu auk þess í ruslagámum. Fimmtíu manns voru hnepptir í varðhald í kjölfarið.

Nokkrum klukkustundum síðar héldu mótmælendur sína leið



ÁTÖK Á GAZA Lögregla sprautaði vatni á mótmælendur sem reyndu að tálma för flutningabíla til landnemabyggða. Fimmtíu manns voru handteknir.

og flutningabílar komust að húsum, sumir þó undir strangri hervern.

Síðdegis í gær höfðu þrjár landnemabyggðir af átta á Gaza verið tæmdar og tvær af fjórum á Vesturbakkanum. Shaul Mofaz, varnarmálaráðgjafi Ísraels,

kvaðst í gær vonast til þess að undir kvöld væri helmingur landnemanna 8.500 horfinn á braut.

Á miðnætti í nótt rann svo út fresturinn sem landnemarnir höfðu til þess að flytja með góðu, herinn hyggst flytja þá með valdi í dag.

Safaríkar hugmyndir sem eru á allra vörum





Gærdú Kröfur!

Íslandsbanki kynnir Námsvild – þjónustu fyrir námsmenn sem gera kröfur. Námsvild er sérsniðin að fjármálaþörfum námsmanna og innifelur betri kjör og ýmis fríðindi.

NÁMSVILD

- 100 fríar færslur á ári
- Ókeypis persónugert debetkort *
- Bilalán fyrir námsmenn
- Ókeypis kreditkort með ferðaávisun
- Ókeypis fartölvutrygging **
- 1.500.000 kr. námslókálán
- Hagstæðari yfirdráttarvextir
- Bankaábyrgð á námslánum
- Hagstætt tölvukaupalán
- Ókeypis ISIC kort
- Flott inngöngugjöf
- ... og margt fleira!

Kynntu þér málið á isb.is



ÍSLANDBANKI | 100%

* kortin verða ókeypis til 16. september
** gildir í eitt ár

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 16.08.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	63,69	63,99
Sterlingspund GBP	115,17	115,73
Evra EUR	78,44	78,88
Dönsk króna DKK	10,512	10,574
Norsk króna NOK	9,856	9,914
Sænsk króna SEK	8,425	8,475
Japanskt jen JPY	0,5827	0,5861
SDR	XDR	93,7
		94,26

Gengisvísitala krónunnar
109,6338

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Megináhersla verður lögð á öryggi gesta á Menningarnótt frekar en að fá sem flesta í miðborgina:

Búið við allt að hundrað þúsund manns

MENNING Búið er við sextíu til hundrað þúsund manns á Menningarnótt á laugardag. Ákveðin áherslubreyting hefur orðið hjá aðstandendum menningarnætur sem leggja megináherslu á góða dagskrá og öryggi borgaranna en síður á að fá sem mestan fjölda gesta. Talið er að 104 þúsund manns hafi verið á síðustu Menningarnótt en það er talið við efri mörk þess sem heppi-legt er öryggisins vegna.

Á þriðja hundrað viðburða verða á dagskránni. Meðal þess sem er nýtt verða Hlutabréfamarkaður kærleikans, brasilísk kjótkveðjuhá- tíð, manntafl á útitaflinu með aðstoð lúðrasveitar og þá verður forvitn-

um boðið að skoða húsakynni Frímúrara.

Miðstöð týndra barna verður líkt og síðustu ár í risinu á gamla Hressó.

Strætisvagnar Reykjavíkur ganga ekki til og frá Hlemmi líkt og áður heldur verða tvær stöðvar í miðbænum, í Vonarstræti fyrir þá sem eru á leið úr bænum og á Skot- húsvegi fyrir þá sem eru að koma í bæinn. Ekið verður eftir stofnleiðum til tvö og almennu kerfi til fjögur.

Fritt verður í þrjú bílastæðahús á laugardaginn, gegn Djóðleikhúsinu, Kolaportinu og á Vitatorgi. Þá verða bílastæði hjá Hafnarhúsinu sérstaklega ætluð fötluðum. - grs



FLUGELDASÝNING Á SÍÐUSTU MENNINGARNÓTT Á þriðja hundrað atriði verða í boði í ár.



SÆTTIR NÁGRANNA Fulltrúar Norður- og Suður Kóreu, Kim Ki Nam og Kim One-ki, takast í hendur.

Sættir á Kóreuskaga:

Táknræn heimsókn

SEÚL, AP Ráðamenn frá Norður-Kóreu heimsóttu í fyrsta sinn þjóðþing nágranna sinna í Suður-Kóreu í gær. Heimsóknin var táknræn fyrir þær sáttumleitarnir sem átt hafa sér stað milli ríkjanna tveggja að undanfögnu.

Heimsóknin átti sér stað á síðasta degi þriggja daga hátíðarhalds af því tilefni að sextíu ár eru liðin frá því að Kóreuskaginn var leystur undan yfirráðum Japana.

„Mikil og raunveruleg samvinna milli Suður- og Norður-Kóreu hefst núna,“ sagði talsmaður suður kóreska þingsins, Kim One-ki. - sda

LÖGREGLUFRETTIR

VONT Í HERJÓLFSDAL Mikill erill var hjá Lögreglunni í Vestmannaeyjum í fyrrinótt vegna óveðurs í Herjólfssdal. Vindstrengur stóð inni í dalinn og þurfti að hjálpa ferðamönnum sem höfðu tjaldað þar. Einhverjar skemmdir urðu á tjöldum og öðrum eigum ferðamanna.



BORGARSTJÓRN Vinstri grænir og Samfylkingin taka stefnuna á sjálfstætt framboð. Framsóknarflokkurinn bindur enn vonir við samstarf án Vinstri grænna.

Ganga óbundnir til næstu kosninga

Allar líkur eru á að stjórnmalaflokkarnir í Reykjavík bjóði hver fram sinn lista í borgarstjórnarkosningunum á næsta ári og gangi óbundnir til leiks.

BORGARSTJÓRNARKOSNINGAR Eftir fund Reykjavíkurfélags Vinstri grænna í fyrrakvöld eru yfirgnæfandi líkur á því að stjórnmalaflokkarnir í Reykjavík bjóði hver fram sinn lista í borgarstjórnarkosningunum í maí á næsta ári. „Við ljúkum kjörtímabilinu með reisu og sóma og ég á ekki von á að eftirmál verði af þeirri ákvörðun að hefja undirbúning að framboði flokksins,“ segir Árni Þór Sigurðsson, Vinstrihreyfingunni - grænu framboði og borgarfulltrúi R-listans.

Árni Þór og Stefán Jón Hafstein Samfylkingunni og borgarfulltrúi R-listans eru sammála um að sjálfstætt framboð flokkanna þurfi alls ekki að verða til þess að þeir færi Sjálfstæðisflokknum stjórn borgarinnar á silfurfat. „Þvert á móti gætu sjálfstætt framboð félagshyggjuflokkanna haft gagnstæð áhrif,“ segir Stefán Jón.



STEFÁN JÓN
Sérframboð gætu eftir félagshyggjuna.



ALFRÉD
Vinstri grænir valda vonbrigðum.



ÁRNI ÞÓR
Ljúkum kjörtímabilinu með sæmd.

Fulltrúaráð Samfylkingarinnar í Reykjavík kemur saman til fundar í kvöld til þess að fjalla um stöðuna sem komin er upp í samstarfi R-listaflokkanna. Félagsfundur verður um málið hjá framsóknarmönnum í næstu viku.

Alfréd Þorsteinsson, Framsóknarflokkurinn og borgarfulltrúi R-listans, lýsir vonbrigðum með ákvörðun Vinstri grænna að bjóða fram í eig-

in nafni fyrir borgarstjórnarkosningarnar. „Ég tek eftir því að formaður Sjálfstæðisflokksins er sá sem fagnar ákvörðun Vinstri grænna einna mest. Það er athyglisvert að Sjálfstæðisflokknum hefuri aldrei tekist að leggja R-listann í kosningum. Fari svo að hann geri það nú verður það vegna ágreinings innan R-listans.“ Alfréd segir ótímabært að ræða stöðu Framsóknarflokksins í borginni enda sé enn verið að skoða möguleika á samstarfi án þátttöku Vinstri grænna.

johannah@frettabladid.is
Sjá síðu 14

Nýr framkvæmdastjóri KEA:

Ráðning rædd á stjórnarfund

STARFSMANNAMÁL Stjórn Kaupfélags Eyfirðinga kemur saman klukkan 16.00 í dag til þess að ræða um væntanlegan arftaka Andra Teitssonar í stól framkvæmdastjóra KEA og segir Benedikt Sigurðarson, stjórnarformaður félagsins, önnur mál ekki á dagskrá.

„Á fundinum mun stjórnin leggja línurnar varðandi ráðningu nýs framkvæmdastjóra en ljóst er að ýmsir hafa áhuga á starfinu. Hugsanlega verður ákveðið að ræða við nokkra einstaklinga um starfið en ekki verður gengið frá ráðningu nýs framkvæmdastjóra í dag,“ segir Benedikt. - kk



STJÓRNARFORMAÐUR KEA Benedikt segir Hagvang hafa milligöngu um ráðningu nýs framkvæmdastjóra en hann á ekki von á að starfið verði auglýst laust til umsóknar.

DANMÖRK

SLEGIST UM SALERNISPAPPÍR


Til illinda kom í Fakta-stórmarkaði í Kaupmannahöfn þar sem salernispappír var seldur með helmingsafslætti. Að sögn MetroExpress skapaðist mikið öngþveiti og reyndu sumir viðskiptavinanna að kaupa fleiri rúllur en heimilt var. Lögregla var þá kölluð á vettvang og kom á reglu. 400.000 rúllur seldust, eða 125.000 kílómetrar af pappír.

VEÐRIÐ Í DAG


VÆTUTÍÐ ÁFRAM
Hún er alltaf seig íslenska rigningin að minna á sig. Dagurinn í dag er engin undantekning þó úrkoman verði skúra- kenndari í dag en í gær. Vindurinn verður genginn víðast niður um eða fyrir hádegi, síst á annesjum fyrir norðan.

NÆSTA HELGI
Vindar verða fremur hægir báða dagana en rigningin heldur ágangari á laugardag einkum sunnan- og vestan til. Á sunnudag verða víða skúrir á landinu. Hitinn verður 10-18 stig hlýjast norðaustan og austan til.


Í dag um hádegi



Á morgun



Föstudagur



Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	19°C hálfskýjað	Paris	28°C heiðskirt	Alicante	31°C léttskýjað
Ósló	22°C hálfskýjað	Berlín	24°C hálfskýjað	Milano	28°C hálfskýjað
Stokkhólmur	24°C hálfskýjað	Frankfurt	25°C hálfskýjað	New York	31°C heiðskirt
Helsinki	18°C hálfskýjað	Madrid	32°C hálfskýjað	San Francisco	20°C hálfskýjað
London	25°C léttskýjað	Barcelona	27°C hálfskýjað	Orlando/Florida	36°C léttskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Loksins Loksins Loksins
Útsöluarkaður
Þjarkur vinnuföt
Smíðjuveg 6 Rauð gata
ATH !!! Aðeins þessa viku
Smíðabuxur 2500kr Smekkbuxur 1500kr Regnsett 500kr
Barnaregnföt 990kr Kuldagallar (st152-176) 1990kr (stXXS-3XL) 2900kr Bollr 500kr Þeynar 1500kr Vaðstíglvél 990kr
Allt Microfleece á 490kr (Þeynar og Buxur, börn og fullorðnir)
Og margt fleira..... Finar vörur á frábæru verði
Opið frá 14-18
Mánudag – Föstudag.



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur



Vínáttulandsleikur
Íslands og Suður-Afríku
fer fram á Laugardalsvelli
miðvikudaginn 17. ágúst
kl. 20:00.

Ísland: Suður-Afríka



STYÐJUM GOTT MÁLEFNI
SÖFNUNARSÍMI: 904 2006

Miðasala í dag frá kl.12 á Laugardalsvelli.

Gamla stúkan: **2.500 kr.**
Nýja stúkan: **1.500 kr.**
50% afsláttur fyrir 16 ára og yngri.

Völlurinn er opinn frá kl 19.00.

Hver aðgöngumiði er merktur ákveðnu sæti. Sem fyrr er hægt að kaupa barnamiða í hvaða sæti sem er.

Athugið að reykingar eru stranglega bannaðar í báðum stúkum. Öll meðferð áfengis er óheimil og eins að fara með drykkjarföng inn á völlinn.



ICELANDAIR HOTELS



KB BANKI



ICELANDAIR

Skýr hf

LEPPIN



Gold folk McCann



KJÖRKASSINN

Er rétt hjá lögreglunni í Eyjum að ætla að framfylgja útivistarreglum á pysjutímanum?

Niðurstöður gærdagsins á vísir.is

Já	55,1%
Nei	44,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Eiga Samfylking og Framsókn að bjóða sameiginlega fram til borgarstjórnar?

Farðu inn á fréttahluta vísir.is og segðu þína skoðun



Ræðarinn Kjartan Jakob Hauksson er á lokasprettinum:

Á að vera mættur hjá Eastwood

ÁHEITARÓÐUR „Ég verð að fara að komast af stað, Dirty Harry er farinn að reka á eftir mér,“ sagði ræðarinn Kjartan Jakob Hauksson sem var staddur á Stokkseyri í gær. Hann gat þó ekki lagt af stað vegna vonskuveðurs en vonaðist til þess að geta ýtt úr vör í dag.

Það er líka eins gott því Kjartan á að vera mættur í vinnu þar sem hann hefur verið ráðinn öryggiskafari og umsjónarmaður með prömmum við tök-ur á mynd Clints Eastwood sem nú fara fram í Sandvík.

Eitt ævintýrið virðist reka annað hjá Kjartani því þegar

tökum líkur hér á landi mun hann í samstarfi við rússneska kafara reyna að staðsetja skipisflag rússnesks birgðaskips sem skotið var í kaf í síðari heimsstyrjöldinni skammt fyrir utan Aðalvík við Ísafjarðardjúp. Kvikmyndatökur koma þar einnig við sögu því áætlað er að gera heimildarmynd um leitina að skipinu.

Hann bindur vonir við það að komast í Reykjavíkurohöfn seinnipart sunnudags en hann segir erfitt um það að spá þar sem höfuðskepurnar ráði mestu um allar tilhaganir.

- jse



KJARTAN Á STOKKSEYRI Kjartan er orðinn óþrejufullur að komast af stað frá Stokkseyri en hann á að vera mættur í vinnu hjá Clint Eastwood og þarf því að fara að ljúka hringferðinni.

Vinstri grænir í Reykjavík:

Mótmæla brottvísun

STJÓRN MÁL Félagsfundur Vinstri grænna í Reykjavík ályktaði gegn brottrekstri mótmælenda við Kárahnjúkavirkjun á fundi sínum á mánudag. Þar var lögð fram ályktun þar sem framganga dómsmálaráðherra, Ríkislög-reglustjóra og Útlendingastofnunar var fordæmd og þess krafist að þessir aðilar virtu mannréttindi umhverfissinna sem annarra og hætti við að vísa fólkinu úr landi.

Fundurinn krafðist þess að sérhver einstaklingur fengi að njóta þeirra mannréttindi að tjá hug sinn án tillits til skoðana og þjóðernis.

- hb

Hundrað og sextíu tald-ir hafa farist í flugslysi

Enginn er talinn hafa komist lífs af þegar farþegaflugvél af gerðinni MD-82 fórst í skóglendi í Venesúela. 160 manns voru um borð, flestir ferðamenn frá Martiník á leið úr sumarfríi í Panama.

FLUGSLYS Allt að 160 manns eru taldir hafa látist þegar farþegaþota West Caribbean Airways á leið frá Panama til Martiník hrappaði í skóglendi í vestanverðu Venesúela. Vélarbílun virðist vera orsök slyssins.

Flugvélin, sem var af tegundinni McDonnell Douglas MD-82, var á leið frá Panama til frönsku eyjunnar Martiník í Karíbahafi. Um borð voru 153 martinískir ferðamenn á leið heim úr sumarleyfi frá Panama, auk átta manna áhafnar.

Um klukkan þrjú í fyrrinótt að staðartíma óskuðu flugmenn vélarinnar eftir því við flugumferðarstjórn í Karakas í Venesúela að fá að lækka flugið úr 31.000 feta hæð niður í 14.000 fet þar sem hvorugur hreyfill vélarinnar starfaði eðlilega. Tíu mínútum síðar missti flugturninn allt samband við vélna en þá var hún yfir



MYND/AFIP

FLAK FLUGVÉLARINNAR Erfitt er að komast að slystað enda umhverfið skógi vaxið og erfitt yfirferðar. Flak flugvélarinnar dreifðist yfir stórt svæði.

Flugslýs í Venesúela

Flugvél frá West Caribbean á leið frá Panama til Martiník hrappaði í gær á afskekktu svæði í vesturluta Venesúela



Heimild: AP

Machiques í Zulia-héraði sem er skammt frá kólumbísku landamærunum. Um svipað leyti heyrðu margir íbúar héraðsins sprengingunni.

Björgunarsveitir voru strax sendar á vettvang en svæðið er skógi vaxið og því erfitt yfirferðar. Auk þess er mikil úrkoma á svæðinu þannig að aðstæður eru allar hinar verstu. Fréttamaður venesúelsku sjónvarpsstöðvarinnar Globovision sagði í samtali við CNN-stöðina að talsverðan reyk legði upp úr skóginum og að brak úr vélinni virtist hafa dreifst yfir stórt svæði. Ekki eru taldar einar líkur á að nokkur hafi komist lífs af úr slysinu.

Jacques Chirac, forseti Frakklands, vottaði vinum og ættingjum þeirra sem fórust sína dýpstu samúð. Hann sendi Francois Baroin, ráðherra franska yfirráðasvæða í öðrum ríkjum, strax til Martiník. Franskir flugslýsaserfræðingar eru jafnframt á leið á slystað til að grafast fyrir um orsakir slyssins.

West Caribbean Airways er lágfargjaldaflugfélag sem var stofnað árið 2000 og flýgur til nokkurra staða á svæðinu. Í mars fórst lítill flugvél flugfélagsins sem var á leið frá kólumbísku eyinni Providencia og létust þá átta manns.

sveinng@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/GUDM. ST. VALDIMARSSON

TF-SYN OG ÓÐINN Flugvél Landhelgisgæslunnar og varðskipið Óðinn voru saman við æfingar í Stakksfirði.

Landhelgisgæslan:

Æfði köstun björgunarbáta

ÆFING Áhöfn TF-SYN, flugvélar Landhelgisgæslunnar, æfði sig á mánudag í að kasta út björgunarbátum nálægt varðskipinu Óðni í Stakksfirði.

TF-SYN er oft send til leitar að bátum sem hafa sent út neyðarkall eða dottið út úr sjálfvirka eftirlitskerfinu og þá getur komið sér vel að hægt sé að kasta út björgunarbátum. Flugvélin fylgir þyrlum Landhelgisgæslunnar stundum eftir í löngum björgun- og sjúkraflogum þar sem einnig getur þurft að kasta út björgunarbáti séu sjómenn í hásku. ■

LÖGREGLUFRETTIR

HÚSBÍLL FAUK ÚT AF Húsbíll með tveimur erlendum ferðamönnum lenti utan vegar og valt sunnan megin Hvalfjarðarganga á Kjalarnesi í miklu hvassviðri um hádegisbil í gær. Minniháttar meiðsl urðu á fólkinu sem var í bílnum en nokkrar skemmdir urðu á bifreiðinni.

ELDUR Í BRAUÐRIST Einn var fluttur á slysaðeild vegna gruns um reykeitrur eftir að eldur kom upp í brauðrist í íbúðarhúsi við Logafold í Grafarvogi í gær. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var fljótt að slökkva eldinn eftir að komið var á staðinn en þá voru logarnir farnir að teygja sig í eldhúsinnréttingu.

Búið að veiða 38 hrefnur af þeim 39 sem má veiða:

Síðasta hrefnan veidd í dag

HREFNUVEIÐAR Í gær höfðu þrjátíu og átta hrefnur veidd af þeim þrjátíu og níu sem heimilað var að veiða á þessari vertíð.

Bræla var á öllum miðum í gær svo ekki var unnt að klára kvótann en hrefnuveiðibáturinn Halldór Sigurðsson frá Ísafirði lýkur líklega vertíðinni í dag að sögn Gísla Víkingssonar sérfræðings hjá Hafrannsóknarstofnun.

Gíslí segir veiðarnar hafa gengið nokkurn veginn samkvæmt áætlun þótt veðurfar hafi verið ódælla en það á að sér að vera í júlí og ágúst.

Enn fremur segir hann að niðurstöður úr fitumælingum ættu að liggja fyrir í október en mikil umræða hefur átt sér stað meðal hrefnuveiðimanna um að hrefnan sé óvenju mögur í ár sem bendir til þess að hún hafi ekki nægjanlegt æti á miðunum.

Frumniðurstöður úr rannsókn-



HREFNUVEIÐAR Bræla kom í veg fyrir að síðasta hrefna vertíðarinnar veiddist í gær en hún næst líklega í dag.

um á fæðuvali hrefnunar ættu hins vegar að liggja fyrir í vor að sögn Gísla en nú hafa hundrað hrefnur veidd af þeim tvö hundr-

uð sem gert er ráð fyrir að felldar verði í þessu rannsóknarferli sem tekur nokkur ár til viðbótar.

- jse



afsláttur -1kr

Viðskiptakort einstaklinga

Nánari upplýsingar í síma:

591 3100

ATLANTSOLIA - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - atlantsolia@atlantsolia.is



USS!

Þú þarft ekkert að tala frekar en þú vilt, því með USS!-kortinu getur þú sent 30 SMS og 30 Myndskilaboð á dag, innan kerfis Og Vodafone, án þess að borga krónu fyrir þau aukalega. Ef þú verður að tala duga 1.990 kr lengi, lengi, lengi, lengi. Kortið gildir í 30 daga.

USS!
ÞÚ ÞARFT EKKERT AÐ TALA FREKAR EN ÞÚ VILT




SMS: 0 KR.
MYNDSKILABOÐ: 0 KR.
1.990 KR. INNEIGN



Heyrumst!

Komdu í **Og Vodafone verslun**, smelltu þér á www.ogvodafone.is eða hringdu í **1414** og fáðu nánari upplýsingar.

Filipp/SIA F1013932



USS!

Þú þarft ekkert að tala frekar en þú vilt, því með USS!-kortinu getur þú sent 30 SMS og 30 Myndskilaboð á dag, innan kerfis Og Vodafone, án þess að borga krónu fyrir þau aukalega. Ef þú verður að tala duga 1.990 kr lengi, lengi, lengi, lengi. Kortið gildir í 30 daga.

USS!

ÞÚ ÞARFT EKKERT AÐ TALA FREKAR EN ÞÚ VILT



SMS: 0 KR.
MYNDSKILABOÐ: 0 KR.
1.990 KR. INNEIGN



Heyrumst!

Komdu í **Og Vodafone** verslun, smelltu þér á www.ogvodafone.is eða hringdu í **1414** og fáðu nánari upplýsingar.



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvaða dýri reyna menn að koma fyrir kattarnef með að gefa því öl?
- 2 Hvaða fyrirtæki býður eldra fólki störf fáina tíma í senn eftir samkomulagi?
- 3 Hvaða liði mætir karlalandsliðið í fótbolta á Laugardalsvelli í kvöld?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

17 Spánverjar látnir:

Þyrluspaðar rákust saman

KABÚL, AP Herþyrla á vegum Atlantshafsbandalagsins fyrst í suðurhluta Afganistan í gær og með henni 17 spænskir hermenn. Önnur þyrla nauðlenti skammt frá og fregnir herma að nokkur fjöldi hermanna sem var um borð hefði slasast.

Tildrög slysanna eru ekki fullkomlega ljós en talsmaður herliðs NATO í landinu segir að vélarbilun hafi komið upp í báðum þyrlunum. Afganskur herforingi sagði hins vegar í samtali við AP-fréttastofuna að þyrlurnar hefðu flogið of nærri hvor annarri þannig að spaðar þeirra flæktust saman. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

MEÐ HVÍTT EFNÍ Í BÍLNUM

Lögreglan fann í gærmorgun lítið magn fíkniefna á hálfþrítugum manni sem stöðvaður var í almennu umferðarefirliti. Talið er að um amfetamín hafi verið að ræða.

INDLAND

SAUTJÁN TALDIR HAFNA DRUKKN-AD

Báti drekkhlöðnum fólki hvolfði á síki í Andhra Pradesh á Indlandi í gær og er talið að allt að sautján hafi farist. 25 manns eru sagðir hafa verið um borð í tíu manna bánum þegar slysið var en átta tókst að synda til lands. Fjögur lík hafi fundist en þrettán manna er ennþá leitað.

Rannsókn á flugslysinu í Grikklandi heldur áfram:

Farþegarnir voru á lífi við áreksturinn

APENU, AP Svo virðist sem farþegar og áhöfn kypversku flugvélarinnar sem fórst á sunnudaginn hafi verið á lífi þegar vélin brotlenti. Maður hefur verið ákærður fyrir að skrökva því að hafa fengið textaskilaboð frá farþega vélarinnar rétt áður en hún skall til jarðar.

Grískir réttarlæknar hafa krufið á þriðja tug fórnarlamba flugslyssins en kennsl hafa þegar verið borin á lík þeirra af ættingjum. Niðurstaða krufninganna bendir afdráttarlaust til þess að fólkið hafi verið á lífi þegar vélin brotlenti fjórutíu kílómetra norður af Apenu, þar á meðal flugmaður hennar.

Læknarnir segjast þó ekki geta sagt til um hvort það hafi verið með meðvitund við áreksturinn, til þess þurfi að fara fram eitur-efnarannsókn og hún gæti tekið allt að tvær vikur.

Maður frá Þessalóníku í norðurhluta Grikklands hefur verið ákærður fyrir að dreifa röngum upplýsingum. Hann hringdi í sjónvarpsstöð í heimalandi sínu stuttu eftir slysið og sagðist hafa fengið textaskilaboð frá frænda sínum sem átti að hafa verið um borð. Enda þótt maðurinn sitji fast við sinn keip bendir flest til þess að sagan um skilaboðin sé uppspuni frá rótum. ■



Í VONDUM MÁLUM Nektarios Voutas, frá Þessalóníku, er gefið að sök að hafa logið því að hafa fengið textaskilaboð frá einu fórnarlamba flugslyssins. Hann datt í tröppum lögreglustöðvarinnar þar sem hann var yfirheyrður í gær.

Til fyrirmyndar að eldra fólk verði ráðið til starfa

Frábært fordæmi segir formaður Kjalar, stéttarfélags í almannajónustu, um þá starfsmannastefnu að ráða eldra fólk til starfa. Húsasmiðjan hefur stigið það skref að auglýsa eftir starfskröftum úr hópi eldri borgara. Formaðurinn telur mikilvægt að þeir eldri geti miðlað af reynslu sinni til þeirra sem yngri eru.

ATVINNUMÁL „Þetta er frábært fordæmi hjá Húsasmiðjunni,“ segir Arna Jakobína Björnsdóttir formaður Kjalar stéttarfélags í almannajónustu um þá starfsmannastefnu Húsasmiðjunnar, að auglýsa eftir eldra fólki með reynslu úr ýmsum geirum atvinnulífsins til starfa.

Arna hefur átt sæti í tveimur ráðherranefndum sem fjallað hafa um starfsmál þessara aldurshópa á undanförunum árum. Önnur var á vegum félagsmálaráðherra og umfjöllunarefni hennar var staða miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði. Nefndin lagði fram tillögur um hvernig styrkja mætti stöðu þeirra og með hvaða hætti opinberir aðilar gætu brugðist við.

„Nefndin [...] leggur til að stjórnvöld hefji nú þegar sérstakt fimm ára verkefni til að styrkja stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði,“ segir í niðurstöðu hennar. Enn fremur að málefnum þessa hóps verði sinnt sérstaklega á komandi árum. Verkefninu er sérstaklega ætlað að skapa jákvæða umræðu um miðaldra og eldra fólk á



ARNA JAKOBÍNA BJÖRNSDÓTTIR Segir að hvetja þurfi eldra fólk til símenntunar og virkrar þátttöku í þeim breytingum sem sífellt eiga sér stað á vinnumarkaði.

vinnumarkaði, bæta ímynd þess og skapa farveg fyrir nauðsynlega viðhorfsbreytingu á vinnumarkaði og í þjóðfélaginu í heild.

Hin nefndin sem hugaði að sveigjanlegum starfslokum var á vegum forsætisráðherra. Hún leggur meðal annars til að breytingar verði gerðar á lögum um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þannig að hægt sé að fresta töku lífeyris til allt að 72 ára aldurs án þess að ávinningur réttinda stöðvist.

„Ég held að út úr þessu nefndastarfi þurfi fyrst og fremst að koma sveigjanleiki og að fólk njóti sannmælis um getu sína og stöðu,“ segir Arna Jakobína. „Það þýðir líka að hvetja þarf fólk til símenntunar og virkrar þátttöku í breytingum sem verða á vinnumarkaðum. Fyrir ellilífeyrisþega er gott að geta verið í hlutastarfi. Þá eru þeir þátttakendur í samfélaginu og miðla jafnframt af reynslu sinni til hinna sem yngri eru. En menn þurfa líka að víkja fyrir yngra fólki, því þetta þarf að vera þróun.“

jss@frettabladid.is

ALLAR GERÐIR AF VÖGNUM OG SÝNINGARVÖGNUM!

Tilboðsdagar!

MIÐVIKUDAG • FIMMTUDAG OPIÐ TIL KL. 20




PALOMINO fellihýsi




Pallhýsi



JOINT lágþekjubíll



TRIGANO tjaldvagn



Holi - camp ÆGIS tjaldvagn

FRÁBÆR TILBOÐ
á síðustu vögnunum
ALLT Á AÐ SELJAST!
Opíð til kl. 20



Verslaðu við traustan aðila!

EYJARSLÓÐ 5-7 • SÍMI 511 2203 • www.seglagerdin.is



RÚSTIR EFTIR JARÐSKJÁLFTANN Jarðskjálftinn, sem var 7,2 á Richter, átti upptök sín djúpt á sjávarbotni 80 km út af norðausturströnd Japans. Tugir slösuðust og mannvirki skemmdum.

Snarpur jarðskjálfti í Japan:

Tugir slösuðust en enginn lést

TOKYO, AP Jarðskjálfti sem mældist 7,2 á Richter reið yfir norðausturhluta Japans í gær. Um sextíu slösuðust en enginn lét lífið en skjálftinn átti upptök sín djúpt á sjávarbotni, 80 kílómetrum út af strönd Japans. Alls urðu 17 þúsund heimili rafmagnslaus af völdum skjálftans og flug- og lestarsamgöngur röskuðust um tíma.

Þak á innisundlaug í strandbænum Sendai hrundi og þar slösuðust 17. Flestir aðrir sem meiddust urðu fyrir grjóthruni eða þakflisum.

Skjálftanum fylgdu að minnsta

kosti fjórir eftirskjálftar og varað hefur verið við því að hugsanlega gætu fleiri skjálftar fylgt í kjölfarið, jafnvel af stærðargráðunni sex á Richter skala. Lítil flóðbylgja kom í kjölfar skjálftans, en alda hennar var aðeins um tíu sentimetrar á hæð og olli því engum skemmdum.


Árið 1995 létu 6.400 manns lífið í borginni Kobe á vestrströnd Japans. Staðsetning upptaka skjálftans nú er talin hafa komið í veg fyrir að skaði varð ekki meiri af skjálftanum en raun ber vitni. - sda



SAMANBURÐUR Á REKSTRARKOSTNAÐI OG ÁVÖXTUN 2004

	Rekstrarkostnaður í hlutfalli af eignum	Raunávöxtun
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	0,08%	12,0%
Meðaltal samtryggingarsjóða	0,15%	10,6%
Almenni lífeyrissjóðurinn	0,15%	7,9%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	0,18%	8,5%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	0,47%	6,0%
Lífeyrisreikningar bankanna	—	6,0% (meðaltal)

Eins og ofangreindar tölur bera með sér er rekstrarkostnaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna einna lægstur lífeyrissjóða á sama tíma og ávöxtunarárangur sjóðsins skipar honum í hóp hinna bestu.






SAMANBURÐUR Á REKSTRARKOSTNAÐI OG ÁVÖXTUN 2004

	Rekstrarkostnaður í hlutfalli af eignum	Raunávöxtun
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	0,08%	12,0%
Meðaltal samtryggingarsjóða	0,15%	10,6%
Almenni lífeyrissjóðurinn	0,15%	7,9%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	0,18%	8,5%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	0,47%	6,0%
Lífeyrisreikningar bankanna	—	6,0% (meðaltal)

Eins og ofangreindar tölur bera með sér er rekstrarkostnaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna einna lægstur lífeyrissjóða á sama tíma og ávöxtunarárangur sjóðsins skipar honum í hóp hinna bestu.



Lekavandamál?

Pétting að utanverðu



Pétting innan frá



HEYDI þéttiefni er lausnin!

HEYDI raka- og vatnspéttiefnin eru þekkt þýsk hágæðavara, sem notuð er um allan heim. Komdu og fáðu ráðleggingar hjá múrarmeisturum í Múrbúðinni.

HEYDI **MÚRBÚÐIN**
ABDICHTUNGSTECHNIK
Byggingavörverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

ÉG HEFÐI EKKI GETAÐ HUGSAÐ MÉR BETRA STARF!

Eftir bókhaldsnámið hjá NTV fékk ég frábært starf, svo skemmtilegt að ég lem á klukkuna á hverjum morgni og segi **LOKSINS!!! :-)**

Lisa Jóhannesdóttir
Skrifstofustjóri hjá Artica ehf.



GRUNNNÁM Í BÓKHALDI

Vilt þú læra bókhald og tölvubókhald?

108 kennslustunda hagnýtt og hnitmiðað nám fyrir þá sem vilja læra bókhald frá grunni til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaðinum.

Námið hentar einnig einstaklingum með sjálfstæðan atvinnurekstur og þeim sem eru að hefja rekstur og vilja geta fært bókhaldið sitt sjálfir.

Helstu námsgreinar:

- **Verslunarreikningur**
- það helsta sem notað er við skrifstofustörf
- **Virðisaukaskattur**
- reglur, skil og öll meðferð vsk.
- **Undirstaða bókhalds**
- mikið um verklegar æfingar
- **Tölvubókhald í Navision**
- rauhæf verkefni með fylgiskjölum

Morgunnámskeið:

Frá 12. sept. til 21. okt.
Kennst mán., mið.- og fös.
frá 8:30 til 12:30.

Kvöldnámskeið:

Frá 12. sept. til 22. okt.
Kennst mán. og mið.-
frá 18 til 22 og
lau. frá 13-17



Hlíðasmára 9 - Kópavogi

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS

Mikið um upptot meðal fanga:

Tugir falla í fangelsum

GVATEMALA, AP Um 30 fangar hafa látið lífið í upppotum í fangelsum í Gvatemala að undanfögnu. Uppbotin eru sögð hafa verið skipulagðar árásir eins glæpagengis á annað. Átján fangar létust á fjörutíu og fimm mínútum í El Hoyo fangelsinu þar sem 400 meintum liðsmönnum glæpagengja er haldið föngum. Þrettán fangar voru ýmist skotnir eða stungnir til bana eða tróðust undir í upppotunum í þremur öðrum fangelsum. Uppbot voru í fjórum fangelsum til viðbótar, en enginn lét þar lífið.



FANGI SÆRÐUR EFTIR UPPBOT Samræmd upppot í sjö fangelsum í Gvatemala voru stríð milli glæpagengja.



VERSLUN 10-11 Jón Ásgeir Jóhannesson neitar að hafa hagnast persónulega á kaupum Baugs á Vöruveltunni hf. sem rak meðal annars 10-11. Ákærðu segja Baug hafa hagnast um allt að fjóra milljarða á fjárfestingunni.

Hagnaðist ekki persónulega

Jón Ásgeir Jóhannesson neitar að hafa hagnast persónulega á viðskiptum með Vöruveltuna sem átti 10-11 en segir að Baugur hafi hagnast verulega.

BAUGSMÁLID Ákærðu í Baugsmálinu lýsa sig saklausa af þeim tölu-lið ákærunnar sem snýr að kaupum Jóns Ásgeirs Jónssonar, þáverandi forstjóra Baugs, á Vöruveltunni hf. sem meðal annars rak verslanakeðjuna 10-11.

Í ákærunni gegn forsvarsmönnum og endurskoðendum Baugs er Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, fyrrum forstjóra Baugs, og Tryggva Jónssyni, fyrrum aðstoðarforstjóra Baugs, gefið að sök að hafa misnotað aðstöðu sína og blekkt stjórn Baugs með vitund Jóhannesar Jónssonar til að kaupa Vöruveltuna.

Keyptu 10-11 á milljarð

Jón Ásgeir gerði samning um kaup á öllu hlutafé í Vöruveltunni samkvæmt fimmta tölulið ákærunnar með bindandi samningi hinn 7. október 1998 og var kaupverðið einn milljarður eitt hundruð og fimmtíu milljónir króna. Auk þess skyldu greiddar hundruð milljónir samkvæmt sérstakri viðbótargreiðslu til seljenda samkvæmt samningi dagsettu 5. júní 1999.

Á stjórnarfundi Baugs hinn 20. maí 1999 var Jóni Ásgeiri hins vegar heimilað að ganga til samninga vegna kaupa á sjötíu prósentum hlutafjár í Vöruveltunni og teljast hann og aðrir ákærðu samkvæmt ákærunni hafa leynt stjórnina að Jón Ásgeir hafi sjálfur verið umráðandi sjötíu prósent hlutafjár og hafi verið raunverulegur eigandi fyrirtæk-

isins. Baugur eignaðist sjötíu prósent í Vöruveltunni og greiddi fyrir einn milljarð og þrjátíu og sjö milljónir króna.

Söluþrygging fyrir eigendur

Í athugasemdum sakborninga er því hafnað að nokkuð ólöglegt hafi verið við viðskipti Jóns Ásgeirs enda hafi hann gert samning við seljendur Vöruveltunnar sem umboðsmaður kaupenda. Samkvæmt samningi skyldi kaupandi tilgreindur innan þrjátíu daga og hafi samningurinn falið í sér söluþryggingu fyrir eigendur Vöruveltunnar. Íslandsbanki og aðrir aðilar sem voru eigendur sjötíu prósent hlutafjárins hafi síðan komið að málinu en ekki Jón Ásgeir.

Segir að viðskiptin hafi verið gerð með vitund og samþykki hluthafa Baugs sem hafi ekki verið skráð á hlutabréfamarkað þegar viðskiptin áttu sér stað. Enginn a u ð g u n a r á s e t n i n g u r hafi verið til staðar og fyrir liggir að Jón Ásgeir hafi ekkert hagnast á viðskiptunum. Baugur hafi hins vegar hagnast um þrjá og hálfan til fjóra milljarða á viðskiptunum.



JÓHANNESSON
Talinn hafa haft vitund um 10-11.



TRYGGVI JÓNSSON
Talinn hafa misnotað aðstöðu vegna 10-11.

hjalmar@frettbladid.is

CITROËN



SUMAR TILBOÐ
C4 SALOON

C4 SALOON SX 5 giru 1,6i 110 hÓ*
Kaupverð 1.820.000 kr.
Rekstrarleiga 31.900 kr.
Bilasamningur 21.599 kr.

Vertu í öruggu formi. Veldu C4.

► Sagan segir að Frakkar leggi meira uppúr gæðum en magni og orðið magn sé ekki lengur til í orðaforða þeirra. Sagan bendir á franska elskhuga því til sönnunar. Frakkar vita hinsvegar að gæðin felast í fjölda þeirra eiginleika sem heildina skapa. Þess vegna eiga þeir Chateau de Versailles, Channel No5, Claude Monet og Citroën C4.

Veldu aðeins það besta - sjáðu Citroën C4 - öðruvísi hönnun sem á sér enga fyrirmynd aðra en hefðir og hugmyndir Frakka um form og gæði. Skoðaðu búnað C4, kynntu þér eiginleika hans - notagildið og þú sérð að mikið af því góða er best. Komdu í Brimborg. Veldu Citroën C4, franskan munað.



Citroën C4 SALOON dúxaði örugglega á prófi hjá árekstraröryggisstofnuninni EuroNCAP. Í sínum flokki fékk Citroën C4 SALOON hæstu einkunn frá upphafi: 35 stig. Sjáðu C4 SALOON. Veldu fallegt og kraftmikið form og öryggi fyrir fjölskylduna. Veldu Citroën C4 SALOON.

Berðu saman verð, gæði og græjur. Dæmi um staðalbúnað í C4:

- Hraðastíllir
- Stíllanlegur hraðatakmarkari
- Fjarstýring helstu stjórnfrofa í stýri
- Stafrent mælaborð með birtuskynjun
- Loftkæling með möðuvörn
- Pokuljós í framstuðara
- 6 Öryggispuðar
- Upphitanleg framsæti
- Geislaspilari með fjarstýringu í stýri
- 6 Hátalarar
- Aksturstölva
- Útíttamælir
- Ilmgjafahólf
- Fjölstillanlegt bilstjórásæti
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- EBA neyðarhemlunarbúnaður
- Rafdrifnir útispeglar
- Velti- og aðdráttarstýri
- Fjarstýrð samlesing

Mikið meira er betra. Skoðaðu aukabúnað C4 t.d.:

- Xenon beygjuljós
- Bluetooth þráðlaus símabúnaður
- ESP stöðugleikastýring
- Spólvörn
- Bakskynjari
- Minibar/kællir
- Clerpak
- Leðurinnrétting
- Skygðar rúður
- Sérstýrkt öryggisgler
- Dráttarkrókur
- Fjöldiska geislaspilari

Mikið af því góða er best

Komdu í Brimborg - veldu Citroën á sumartilboði



C3 SX 5 giru 1,4i 75 hÓ*
Kaupverð 1.419.000 kr.
Rekstrarleiga 26.800 kr.
Bilasamningur 16.840 kr.



Berlingo Multispace 5 giru 1,4i 75 hÓ*
Kaupverð 1.559.000 kr.
Rekstrarleiga 28.900 kr.
Bilasamningur 18.502 kr.



C2 VTR 5 giru Sensodrive 1,6i 110 hÓ*
Kaupverð 1.589.000 kr.
Rekstrarleiga 28.600 kr.
Bilasamningur 18.606 kr.



C4 COUPÉ SX 5 giru 1,6i 110 hÓ*
Kaupverð 1.790.000 kr.
Rekstrarleiga 31.300 kr.
Bilasamningur 21.244 kr.



C4 SALOON SX 5 giru 1,6i 110 hÓ*
Kaupverð 1.820.000 kr.
Rekstrarleiga 31.900 kr.
Bilasamningur 21.599 kr.



C5 SX sjálfskiptur 2,0i 143 hÓ*
Kaupverð 2.410.000 kr.
Rekstrarleiga 42.300 kr.
Bilasamningur 28.602 kr.




Xsara Picasso SX 5 giru 1,8i 117 hÓ*
Kaupverð 1.859.000 kr.
Rekstrarleiga 34.000 kr.
Bilasamningur 22.069 kr.




C8 SX sjálfskiptur 2,0i 138 hÓ*
Kaupverð 2.999.000 kr.
Rekstrarleiga 53.900 kr.
Bilasamningur 35.892 kr.

Komdu í Brimborg. Upplifðu franska hönnun. Skoðaðu Citroën – ekta franskan munað.



Við staðgreiðum gamla bilinn veljir þú bíl frá Brimborg. Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bilinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bilnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Citroën í dag. Komdu í café og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér Citroën.

Sífelld fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu sölumyndina hér til hægri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.



Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.citroen.is

* Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auk er kaupverð háð gengi. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Lán er bilasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl. mynt. karfa. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborg. Aukabúnaður á mynd: af C3 er áfellingur, pokuljós og samlitun; af C4 er áfellingur; af Berlingo er pokuljós; af C8 er áfellingur og samlitun; Xsara Picasso er áfellingur og samlitun.



MARGIR UM HITUNA Almenningsgöngur eru vinsælli í Kína en á Íslandi. Þannig voru íbúar Lanzhou, í Gansu-héraði, afar áhugasamir um kaup á strætisvagnakortum á sérstökum afsláttarkjörum sem boðið var upp á í gær.

Kennarar segja upp störfum í Landakotsskóla:

Engar sættir í Landakotsskóla

LANDAKOT Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst voru engar tilraunir gerðar til sátta í Landakoti eftir að nýr skólastjóri tók til starfa og fleiri starfsmenn hafa hætt störfum þar undanfarið vegna ástandsins. Eitthvað er um að foreldrar hafi tekið börn sín út úr skólanum og fleiri eru enn tvístígaði nú rétt áður en kennsla hefst.

Stór hluti þeirra sem kennt hafa við skólann síðasta ár kemur ekki til starfa nú. Tveir kennarar sögðu nýverið störfum sínum lausum, og þrír leiðbeinendur, sem allir höfðu starfað þar lengur en einn vetur voru ekki

endurráðnir og ekki rætt við þá, en réttindakennarar ráðnir í þeirra stað.

Regína Höskuldsdóttir, skólastjóri í Landakoti, gat ekki svarað blaðamanni því með skýrum hætti hvernig hún hefði leitað við að ná sáttum í skólanum. „En það hefur tekist að því er ég tel farsælega að ná saman nýjum hópi. Ég er búin að ráða frábæra réttindakennara með reynslu í stað þeirra sem hættu, fleiri börn hafa innritast en verið hefur og hér er mættur til starfa öflugur hópur réttindafólks sem hlakkar til að takast á við nýtt skólaár.“



LANDAKOTSSKÓLI Regína Höskuldsdóttir skólastjóri segir vel hafa tekist til við að undirbúa nýtt skólaár.

Leiðbeinandi hraði:

Skilti komin á hringveginn

UMFERÐARÖRUGGI Skilti sem sýna leiðbeinandi hraða hverju sinni eru komin upp á hringveginn. Sett verða upp fleiri skilti næsta sumar en til stendur að koma upp slíkum skiltum á stofnvegum að sögn Gunnar Gunnarssonar aðstoðarvegamálastjóra.

Ágúst Mogensen, forstjóri Rannsóknarnefndar umferðarslysa, telur víst að leiðbeinandi hraðinn hafi áhrif á ökumenn. „Erlendir ferðamenn eru meðal þeirra sem græða á þessu,“ segir Ágúst. „Íslendingar eru margir hverjir vanir að aka um landið og þekkja þá oft beygjur og hættulega staði. Erlendu ferðamennirnir eru hér oft ókunnir.“

Forseti Filippseyja:

Segir ekki af sér

MANILA, AP Aukaatriði urðu að aðalatriði í þingnefndaryfirheyrslum yfir forseta Filippseyja, Gloríu Arroyo, í gær. „Við erum enn að þræta um dagskrána,“ sagði einn nefndarmanna við AP fréttastofuna.



Stjórnarandstaðan dró í efa hlutleysi formanns nefndarinnar, en hann er fyrrum dómsmálaráðgjafi í ríkisstjórn Arroyo. Aðrir nefndarmenn sögðu nefndina ekki hafa heimildir til að skera úr um hvert hinna þriggja ákæruefna á hendur Arroyo yrði tekið fyrir, heldur ætti hæstiréttur að skera úr um það.

Arroyo hefur verið sökuð um kosningasvindil.

ARROYO, FORSETI FILIPPSEYJA Neitar að segja af sér þátt fyrir áskanir um kosningasvindil.

Meint bókhaldsbrot vega einna þyngst

Í Baugsmálinu er ákært fyrir fjörutíu tölulíði en telja verður að ákæruliðirnir sem varða þyngstu refsinguna snúist um mun færri ákæruliði. Helstu lögbrotin varða brot gegn almennum hegningarlögum.

BAUGSMÁLÍÐ Þau atriði ákærunnar í Baugsmálinu sem talin eru hvað alvarlegust hvað varðar þyngd refsingarinnar, snúa einkum að þremur greinum hegningarlögganna. Fyrst þeirri grein hegningarlögganna sem fjallar um fjárdrátt, þá um umboðssvik og síðast grein um brot gegn lögum um bókhald og lög um ársreikninga. Hámarksrefsing fyrir brot gegn þessum þremur greinum hegningarlögganna er sex ára fangelsisvist fyrir hverja grein.

Þegar lítið er til þess hvaða atriði ákærunnar geta reynst hvað þyngst fyrir þá ákærðu má telja að einkum séu það atriði sem varða þrjá þætti málsins enda þótt erfitt sé að sjá hver framvinda málsins verður þegar það verður dómtekið en einnig má búast við að fleiri gögn málsins verði lögð fram þegar málflytingur hefst.

Snekkjan Thee Viking

Feðgarnir Jón Ásgeir Jóhannesson og Jóhannes Jónsson hafa



HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR Í málinu reynir á sönnunarbyrði ákærvaldsins. Allur vafi er dæmdur hinum ákærðu í hag.

neitað því að skemmtisnekkjan Thee Viking hafi verið eign þeirra. Þeir hafa bent á að í ákærinni komi fram að snekkjan sé eign Jóns Gerald Sullenberger. Í fyrsta tölulíði ákærunnar er fjallað um hvort Baugur hf. hafi eftir fyrirmælum feðganna auk Kristínar Jóhannesdóttur, framkvæmdastjóra Gaums, greitt afborganir af lánnum og annan rekstrarkostnað vegna snekkjunnar. Samtals nema greiðslurnar rúmlega fjörutíu milljónum króna.

Ákærvaldið telur að Jón Ásgeir og Tryggvi Jónsson, þáverandi aðstoðarforstjóri Baugs, hafi dregið sér fé með því að láta Baug greiða fyrir snekkjuna og hafi því fært fjármuni frá Baugi yfir á eign feðganna Jóns Ásgeirs og Jóhannesar.

Ef svo hefur verið, er þeim gefið að sök að hafa dregið sér og

öðrum fé samkvæmt 247. grein hegningarlögganna.

Viðskipti Baugs og Gaums

Í ákærnum varða fjöldi ákæruatriða viðskipti milli Baugs hf. og Gaums hf. Baugur var á þeim tíma almenningshlutafélag en Gaumur er fjárfestingafyrirtæki í eigu Jóhannesar Jónssonar og barna hans. Í fjórða kafla ákærunnar er sakborningunum gefinn að sök fjárdráttur, umboðssvik og brot gegn lögum um hlutafélög.

Í flestum tölulíðum kaflans er ákært fyrir viðskipti milli Gaums og Baugs. Þannig á sér stað yfirfærsla fjármuna frá Baugi til Gaums þar sem ákærvaldið telur að um sé að ræða ólögmetta lánveitingu og fjárdrátt. Ákærðu hafa alfarið hafnað því og í athugasemdum sínum benda þeir á að um hafi verið að ræða við-

BAUGSMÁLÍÐ OPINBERT MÁL:

SÖNNUNARBYRÐI Á ÁKÆRUVALDINU

Baugsmálið er opinbert mál en með því er átt að það eru handhafar ríkisvaldsins sem höfða mál á hendur mönnum til refsingar fyrir brot á lögum. Í Baugsmálinu sækir Ríkislögreglustjóri málið sem handhafi ríkisvaldsins á hendur hinum ákærðu í málinu og sækir Jón H. B. Snorrason saksóknari málið fyrir hönd Ríkislögreglustjóra. Þar sem málið er opinbert fer málsmeðferðin fram í samræmi við lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 en öll mál sem handhafar ríkisvaldsins höfða til refsingar lögum samkvæmt skulu fara

eftir þeim lögum.

Í opinberum málum hvílir sönnunarbyrðin um sekt sakbornings á ákærvaldinu samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Þannig ber að dæma allan vafa sakborningum í hag. Dómarar í Baugsmálinu meta hvort nægileg sönnun sé komin fram við öllum ákærulíðum málsins þar á meðal með framburði vitna, skýrslum og skal dómur reistur á þeim sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð málsins fyrir dómstólum.

- hb

Brot á öðrum lögum:

Fjársæktir algengar

Í Baugsmálinu er ákært fyrir brot á fjölda annarra laga en almennra hegningarlögganna. Þar á meðal fyrir brot gegn lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um hlutafélög, tollalögum og fleiri öðrum lögum.

Vægari refsingar eru í flestum þessara laga en fyrir þau brot sem ákært er fyrir samkvæmt hegningarlögum. Fyrir mörg þeirra er hámarksrefsing allt að tveggja ára fangelsi en almennari og algengari refsing eru fjársæktir.

Slíkt fer þó alltaf eftir því hversu þungt brotið er talið og hvort að ásetningur hafi búið á bak við brotið. Skiptir slíkt máli við ákvörðun.

Stærstur hluti ákærulíðanna í Baugsmálinu snýr að brotum á almennum hegningarlögum. Mun almennara og algengara er að refsing fyrir brot á þeim lögum sem hér á undan eru talin, séu fjársæktir en fangelsisvist.

- hb

skiptalán sem hafi verið endurgreidd áður en til húsléitar Ríkislögreglustjóra kom og slíkt lán hafi verið fyllilega heimil samkvæmt lögum um hlutafélög.

Hafi verið um fjárdrátt og umboðssvik að ræða getur refsing vegna brota á þessum helstu atriðum numið allt að sex ára fangelsisvist.

Bókhald Baugs

Í sjötta og áttunda kafla ákærunnar er einkum ákært fyrir ýmis atriði sem varða bókhald og reikningslega meðferð innan Baugs. Þar er ákærðu gefið að sök að hafa átt við reikninga félagsins þannig að bókhald og í mörgum tilfellum uppgjör félagsins liti öðruvísi og hagstæðara út en raunverulega var. Í þeim þáttum ákærunnar eru auk forsvarsmanna Baugs endurskoðendur félagsins ákærðir.

Í athugasemdum forsvarsmanna Baugs við þessum köflum er vísað til ýmissa raka fyrir reikningslegri meðferð.

Baugsmálið mun einkum snúast um þessa þætti þess. Það er ekki svo að málið sé einfalt en það er minna í sér en ástæða þykir til að ætla miðað við fjölda ákæru-liða. Málið snýst um sönnunarbyrði og mat á þeim ákærulíðum sem fram koma í ákæru Ríkislögreglustjóra. hjalmar@frettabladid.is

Brot á hegningarlögum:

Frá fjársæktum í fangelsisvist

Almenn hegningarlög nr. 19/1940 geyma refsing gegn alvarlegustu refsilögabrotum í íslenskum lögum. Þar er fjallað um refsingar gegn brotum sem jafnan varða fangelsisvist eða háar fjársæktir.

Í Baugsmálinu er ákært vegna brota á að minnsta kosti fjórum greinum almennra hegningarlögganna en einnig er vísað til annarra greina þeirra sem beint tengjast öðrum sem ákært er gegn. Telja má að þyngstu brotin sem ákært er fyrir í Baugsmálinu séu brot á 247. grein hegningarlögganna þar sem kveður á um fjárdrátt. Refsing fyrir brot á greininni getur varðað fangelsisvist allt að sex ár.

Einnig er ákært fyrir brot á 249. grein hegningarlögganna en í henni er kveðið á um umboðssvik og er refsing allt að sex ára fangelsisvist fyrir brot á greininni.

Einnig er ákært fyrir brot á öðrum greinum þar á meðal á 158. grein þar sem kveðið er á um bókhaldsbrot en hámarksrefsing gagnvart greininni er fangelsi allt að þremur árum. Hafa ber í huga að hér er vísað í hámarksrefsinguna en fyrir minniháttar brot samkvæmt lögum greiðast fjársæktir.

- hb

World Class ICELAND

viltu vinna í skemmtilegu umhverfi með skemmtilegu fólki ? www.worldclass.is

DV

„Er hér eins og hver annar ferðamaður“

Einkaviðtal DV við stjórnuna sem vill ætla barn með Justin Timberlake

Þeir þegar aðrir þegja!



TÖLVUSKÓLINN ÞEKking

Faxafen 10 • 108 Reykjavík
Sími: 544 2210 • Fax: 544 2215
www.tsk.is • skoli@tsk.is

STARFSNÁM

Tölvu- og skrifstofunám

Þrautreynt og vandað 220 stunda starfsnám fyrir fólk á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með aukinni menntun. Hentar jafnt starfandi skrifstofufólki sem vill dýpka þekkingu sína á upplýsingatækni og bókhaldi og þeim sem vilja undirbúa sig undir starf á nýjum vettvangi.

Námið hentar einnig vel sjálfstæðum atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið. Kennendur eru ein námsgreini í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu.

Helstu kennslugreinar:

Tölvugreinar:

- Windows XP tölvugrunnur og skjalavarsla
- Word grunnur og millistig
- Excel grunnur og Excel í stjórnun og rekstri
- Framsetning á kynningarefni í PowerPoint
- Stafrænar myndavélar og meðferð mynda í tölvu
- Netíð og öryggi á Netinu
- Outlook tölvupóstur, dagbók og skipulag

Viðskiptagreinar:

- Verslunarreikningur
- Virðisaukaskattur, reglur og skýrslur
- Bókhaldsgrunnur
- Tölvufært bókhald (Navision)

Hefst 7. september og lýkur 12. desember. Boðið er upp á kvöld- eða morguntíma.

Lengd: 220 stundir. Verð kr. 149.800,- stgr. Þjóðum einnig upp á VISA/EURO raðgreiðslur og starfsmenntalán.

I Bókhald 1

110 kennslustunda hagnýtt og hnitmiðað nám fyrir starfandi skrifstofufólk eða sjálfstætt starfandi atvinnurekendur. Námið hentar einnig einstaklingum með sjálfstæðan atvinnurekstur og vilja vera sem mest sjálfbjarga við bókhaldið.

II Bókhald 2

Stutt framhaldsnámskeið í Navision Attain / Navision Small Business tölvubókhaldi.

GRAFÍSK HÖNNUN

Vinsælt og hagnýtt nám ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri vinnslu eða fólk sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi t.d. á háskólastigi. Þetta nám hentar einnig þeim sem vilja hanna sínar auglýsingar og kynningarefni sjálfir hvort heldur fyrir vef- eða prentmiðla. Á þessu námskeiði eru tekin fyrir þrjú mest notuðu hönnunarforritin á markaðnum; Photoshop, Freehand og Flash (auk Acrobat Distiller). Lengd 70 stundir, verð kr. 65.000,-

UMBROTSTÆKNI

Nám ætlað þeim sem þurfa að sjá um útgáfu kynningarbæklinga, fréttu- og dreifibréfa og kennslu- og leiðbeiningabæklinga hvers konar. Hentar einnig þeim sem þurfa að ganga frá prentgripum til prentsmiðju. Farið er í myndvinnslu með Photoshop, teikningu með Illustrator, umbrotstækni í InDesign og frágangur efnis með PDF fyrir bæði prentaða útgáfu og Vefinn. Lengd 70 stundir, verð kr. 65.000,-

ALÞJÓÐLEGT TÖLVUNÁM • MCP XP • MCSA • A+

Skráning á
haustönn hafin
í síma 544 2210,
á vef skólans;
www.tsk.is
og í netpósti
á skoli@tsk.is



Tveir af útskriftarhópum skólans vorið 2005:



Umsagnir nokkurra nemenda:

„Ég var búin að vera heimavinnandi í mörg ár. Með þessu námi náði ég því sem mér fannst ég hafa misst úr og öðlaðist sjálfstraust. Er að byrja í viðskiptafræði í Háskólanum í haust.“

„Núna sé ég sjálfur um rekstur og bókhald fjölskyldufyrirtækisins.“

„Ég var búin að vera atvinnulaus í marga mánuði. Þetta nám skilaði mér því sem ég stefndi að; krefjandi og skemmtilegu starfi að námi loknu.“

„Ég lenti í uppsagnahrinu í fyrirtækinu sem ég hafði unnið hjá sl. 20 ár. Nú er ég komin með sjálfstraust til að halda áfram og leita mér að nýjum starfsvettvangi.“


„Ég fékk nýtt og mun betur launað starf fljótlega eftir að námi lauk.“

OPIÐ HÚS Laugardaginn 27. ágúst kl. 13-16. Stuttar kynningar á því námi sem í boði er.

SVONA ERUM VIÐ

ATVINNULEYSI EFTIR LANDSHLUTUM

Heimild: VINNUMÁLASTOFNUN



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: ÆTTLEIÐINGAR

Þurfa að vera andlega og líkamlega hraustir

Ríkisstjórnin samþykkti í gær að leggja fram frumvarp til laga um að jafna rétt samkynhneigðra og gagnkynhneigðra. Meðal þess sem samþykkt var að leggja fram er að samkynhneigðir öðlist rétt til þess að frumættleiða börn og ættleiða börn frá útlöndum.

Hverjir mega ættleiða?

Helstu kröfur íslenskra stjórnvalda eru að umsækjendur séu í það minnsta 25 ára og meginreglan er sú að þeir séu ekki eldri en 45 ára. Umsækjendur þurfa að vera andlega og líkamlega hraustir, mega ekki hafa sakaferil og þurfa með góðu móti að geta framfleytt fjölskyldu. Sambúð þarf að hafa varað í þrjú ár að minnsta kosti og þarf af hjúskapur í eitt ár. Gerð er krafa um að minnsta kosti fimm ára óvígða sambúð. Einhleypir geta fengið forsamþykki til ættleiðingar ef sérstaklega stendur á. Þeir hafa þó takmarkaða möguleika til ættleiðingar erlendis frá.



Hversu langan tíma tekur ættleiðingarferlið? Biðtími er yfirleitt eitt og hálf til þrjú ár frá því að fólk skráir sig á biðlista, algengt er að frá því að umsókn er lögð inn og þangað til barn kem-

ur heim líði um tvö ár. Biðtími er þó mismunandi eftir löndum og aðstæðum. Ekki er hægt að ættleiða fleiri en eitt barn í einu nema upplýsingar hafi komið frá erlendum yfirvöldum um að börnin séu systkin. Ástæða biðarinnar er sú að aðstæður í upprunaldöndum barnanna breytast oft skyndilega.

Hversu mörg börn eru ættleidd hingað til lands?

Undanfarnir ár hafa verið ættleidd 15 til 24 börn af erlendum uppruna árlega. Flest hafa börnin komið frá Indlandi, Rúmeníu eða Kólumbíu síðustu ár. Fyrstu börnin sem komu frá Kína komu til landsins í maí árið 2002 og hafa fáeinir ættleiðingar verið frá öðrum löndum. Til Íslands hafa alls verið ættleidd um fjögur hundruð börn fædd erlendis en áður var fjöldi barna ættleiddur frá Kóreu, Indónesíu, Gvatemala og Srí Lanka. Þau elstu eru nú að nálgast fertugt.

SPURT & SVARÐ

R-LISTINN



VILHJÁLmur P. VILHJÁLMSson
Oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn.

Tilbúinn að starfa með öllum

Erstu farinn að ihuga hverjum þú vilt helst starfa með eftir kosninga? Nei. Ég hef hins vegar sagt það að komi til þess að Sjálfstæðisflokkurinn nái ekki hreinum meirihluta er ég tilbúinn að starfa með öllum þeim sem geta nálgast okkar sjónarmið um stjórnun borgarinnar.

Hvaða áhrif hafa endalok R-listans á Sjálfstæðisflokkinn?

Þessi niðurstaða um R-listann kemur ekki óvart. Við munum ekki láta valdagræðgina í R-listanum hafa áhrif á okkar starf á næstu misserum hvort sem hann er lífs eða liðinn.

Hvernig litist þér á samstarf Framsóknarflokks og Samfylkinga?

Þetta er óvæntingarfyllt tal hjá forystumönnum Framsóknarflokks og Samfylkinga. Þetta er óvæntingarfyllt tal hjá forystumönnum Framsóknarflokks og Samfylkinga. Þetta er óvæntingarfyllt tal hjá forystumönnum Framsóknarflokks og Samfylkinga.

Sameiginlegt framboð úr sögunni en samstarf heldur

Línur skýrast hratt eftir félagsfund Vinstri grænna í Reykjavík í gær. Ekkert verður af sameiginlegu R-listaframboði. Flokkarnir undirbúa allir framboð og ganga óbundnir til kosninga í maí á næsta ári.

Línurnar eru að skýrast. R-lista-flokkarnir bjóða fram hver sinn lista fyrir borgarstjórnarkosningarnar næsta vor. Vinstri grænir eru harðákveðnir þótt minnihluti flokksmanna mögla eilítið á félagsfundum og telji ótímabært að rétta Sjálfstæðisflokknum vopn í hendur með því að hafna frekara R-listasamstarfi á næsta kjörtímabili.

Af hálfu Vinstri grænna hefur málið legið nokkuð ljóst fyrir í allt sumar. Jafnræði flokkanna í R-listasamstarfinu var í þeirra huga ófrávikjanleg krafa. Í yfirlýsingu VG á fundi viðræðunefndarinnar 11. júlí segir orðrétt: „Vinstrihreyfingunni - grænu framboði í Reykjavík er ekkert að vanbúnaði að hefja nú þegar undirbúning að framboði flokksins til borgarstjórnar Reykjavíkur. Það er í senn heillandi og spennandi verk-

efni fyrir flokk sem ekki hefur áður boðið fram til borgarstjórnar á eigin vegum.“

Þessi yfirlýsing er liðlega mánadargömul og varla fer á milli mála hvað hún raunverulega merkir.

Ekki svo að skilja að Vinstri grænir séu tómlátir gagnvart samstarfi við R-lista-flokkana. Katrín Jakobsdóttir, varaformaður VG, segir í orðsendingu á vef Múrsins í gær, að staða félagshyggjuflokkanna í borginni sé sterk og fátt bendi til annars en að þeir fái meirihluta saman. „Næstum því hið eina sem getur komið í veg fyrir það er taugaveiklun og upphrópanir í kjölfar ákvörðunar Vinstri grænna. Slík taugaveiklun er hins vegar óþörf. Í ákvörðun Vinstri grænna liggur ekki nein gagnrýni á samstarfsflokkana og við munum sýna þeim sömu vinsemi og virðingu og áður.“



ÞORLÁKUR BJÖRNSSON OG MATTHÍAS IMSLAND FRAMSÓKNARFLOKKI Framsóknarflokkurinn lagði sig fram um að halda áfram R-listasamstarfi en þarf nú líklega að undirbúa sjálfstætt framboð.

Ganga óbundnir til kosninga

Hvað um Samfylkinguna? Í stjórn-málahringið höfuðborgarinnar eru raddir sem telja að Samfylkingin sé um það bil að vaxa upp úr R-listasamstarfinu, og vilji sýna kjósendum að hún ein geti verið „hin“ burðarstöðin í borgarstjórnarmálanum á móti Sjálfstæðisflokknum. Segi við samstarfsfólk sitt: „Nú getum við,“ rétt eins og Vinstri grænir og Framsóknarflokkurinn hafi verið hækjur þeirra síðustu árin.

„Við förum fram í eigin nafni,“ sagði Samfylkingarmaðurinn Stefán Jón Hafstein, borgarfulltrúi R-listans, efnislega í samtali við Talstöðina í gær. Fyrir sitt leyti útilokaði hann einnig kosningabandalag við Framsóknarflokkinn. Og þar sem Dagur B. Eggertsson, óháður borgarfulltrúi R-listans, hefur sagt að hann ætli hvorki að ganga í Samfylkinguna né stofna til framboðs óháðra virðast línurnar vera farnar að skýrast mjög. Framsóknarflokkurinn er trúlega sá í samstarfinu sem mest lagði á sig til að ná samstöðu um R-lista á næsta kjörtímabili. Fulltrúar flokksins leyna ekki vonbrigðum sínum.

Það blasir sem sagt við að allir flokkar ganga óbundnir til kosninga. Margvísleg samsteypa meirihluta er möguleg að kosningum loknum nái enginn einn flokkur hreinum meirihluta. Hvorki Árni Þór Sigurðsson, Vinstri grænum, né Stefán Jón Hafstein, Samfylkingunni, útiloka samstarf við Sjálfstæðisflokkinn. Stefán Jón sér að vísu ýmsa meinbugi á slíku samstarfi þar sem margt sé óljóst enn um framboðsmál og stefnumið

Sjálfstæðisflokksins.

Sitt er hvað samstarf og sameiginlegt framboð

Þetta verður allt hið forvitnilegasta þegar bollalag er um hugsanlegt fylgi flokkanna næsta vor. Setjum sem svo að sjálfstæðismenn nái sjö fulltrúum, Samfylkingin fimm, Vinstri grænir tveimur, Framsóknarflokkur einum og aðrir komi ekki manni að. R-listasamstarfið gæti haldið áfram undir nýjum formerkjum, en Sjálfstæðisflokkurinn verður í kunnuglegri og þægilegri stöðu og gæti myndað meirihluta með hvaða flokki sem vera skal.

Af hverju standa kjósendur senn yfir moldum R-listans? Ein skýringin er líklega sú að kjósendur, einkum þeir yngri, skilja ekki lengur hvers vegna flokkar ættu að fara í eina sæng af ötta við Sjálfstæðisflokkinn. Það sem var nauðsynleg og nægjanleg ástæða fyrir tólf árum nægir ekki nú.

Sameining og endurskipulagning áhrifafla á vinstri væng stjórnmalanna tók á sig núverandi mynd í lok aldarinnar síðustu. Samfylkingin og Vinstri grænir voru ekki til sem flokkar í upphafi R-listasamstarfsins 1994. Viðfangsefnin eru önnur, áherslur aðrar svo og tíðarandinn.

Rétt er hjá Katrínu Jakobsdóttur að sitt er hvað samstarf og sameiginlegt framboð. Þótt sameiginlegt framboð sé úr sögunni þarf samstarf ekki að vera það.



FRÉTTASKÝRING
JÓHANN HAUKSSON
johannh@frettabladid.is

AÚ &
Anna & útlitið &
The Academy of Colour and Style
ALPJÓÐLEGT NÁM Í ÚTLITSRÁÐGJÖF
ÚTLITS- OG FÖRÐUNARSKÓLI

The Academy of Colour and Style er alþjóðlegur skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastíll og textill. Eftir nám fá nemendur alþjóðlegt diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjú mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í lönnskólanum í Reykjavík einu sinni í viku frá 18-21.



Anna F. Gunnarsdóttir

Stundaskrá

1. Önn

Litgreining
Förðun út frá litgreiningu
Litasamsetning

2. Önn

Fatastíll
Fatasamsetning
Textill

Starfsmöguleikar:

Innkaupastjóri
Útlitsráðgjafi
Stilisti
Verslunarstjóri

Kristín, ráðgjafi

Ég hef mikinn áhuga á að starfa með fólki, veita ráðgjöf varðandi fatnað, liti og förðun sem hentar hverjum og einum. Mér finnst námið bæði lifandi og skemmtilegt sem einnig hefur opnað margar dyr til frekari náms á þessu sviði.



Birna, verslunareigandi - Stilistinn

Það hefur alltaf verið draumur hjá mér að stofna verslun með fatnað. Námið gaf mér það sjálfstraust sem ég þurfti til að fara út í reksturinn. Einnig nýti ég námið til þess að ráðleggja viðskiptavinum mínum hvaða snið og litir hentar þeim í val á fatnaði.



Ragnheiður, ráðgjafi

Ég hef alltaf haft áhuga á tisku og útliti. Námið opnaði mér nýja sýn á þetta áhugamál mitt. Auk þess er það mér mikils virði í tengslum við starf mitt.



UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

INNRIÐUN ER HAFIN FYRIR HAUSTÖNN

Einn af 109,202 nýjum stöðum til að læra viðskiptafræði á Íslandi.



Nú er hægt að læra viðskiptafræði til BS prófs í fjarnámi við Viðskiptaháskólann á Bifröst. Þú getur því hafið og lokið náminu í stofunni heima.

Nánari upplýsingar:

www.bifrost.is

311 Borgarnes | Sími 433 3000



VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN

BIFRÖST

skoðun

SJÓNARMÍÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Æskilegt er að borgarbúar geti valið á milli margra flokka.

Hugrekki Vinstri grænna

Á kvörðun Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, að bjóða fram undir eigin merkjum í næstu borgarstjórnarkosningum og slíta þar með samstarfinu um Reykjavíkurlistann lýsir pólitísku hugrekki. Athyglisvert hefur verið að fylgjast með því hvernig unga hugsjónafólkið í flokknum, sem mestu réð um þetta, blés á það viðhorf ráðhússklíkunnar í eigin röðum að halda þyrfti R-listanum saman til þess að koma í veg fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn kæmst til valda á ný. Stjórnsmál eiga að snúast um málefni og hugsjónir, sagði þetta unga fólk. Þau eiga ekki að snúast um bitlinga, embætti og stöður eða völd valdanna vegna.

Ákvörðun Vinstri grænna skapar flokknum bæði tækifæri og vandkvæði. Flokksmenn munu á næstunni sitja undir hörðum ádeilum og margvíslegum þrýstingi frá fyrirverandi samherjum. Reynt verður að reka fleyg í flokkinn og ala á óánægju innan hans. Í augnablikinu virðist vera að skapast stemning fyrir því að Samfylkingin, Framsóknarflokkurinn, Frjálslyndir og óháðir haldi til streitu framboði í nafni R-listans og muni hvetja til liðshlaups úr herbúðum Vinstri grænna yfir í þá fylkingu. Þá mun reyna mjög á innviði Vinstri grænna. Þar á bæ hafa margir reynst veikir fyrir töðunni í hlöðu ráðhússins.

Ekki er samt víst að það takist að halda R-listanum saman. Innan Samfylkingarinnar og Framsóknarflokksins eru fjölmargir efasemdarnir um framboðið, markmið þess og árangur. Þar er líka hópur hugsjónafólks sem vill sýna nafn sitt og númer í kosningum og setja málefnið í öndvegi. Það er orðið þreytt á smákóngunum sem hertekið hafa ráðhúsið og hafa gleymt umbjóðendum sínum.

Sviðsljósið gefur Vinstri grænum kost á að kynna betur en nokkru sinni fyrr hugmyndir sínar og hugsjónir um rekstur borgarinnar og það samfélag sem flokkurinn vill skapa. Ástæða er til þess að hvetja flokkinn að sýna framtakssemi og djörfung á því sviði. Fram að þessu hefur ekki verið nægilega skýrt fyrir hvað Vinstri grænir standa í borgarmálum. Áherslur þeirra hafa fallið í skuggann af valdstreitu og mála- miðlunum í Reykjavíkurlistunum. Vel má vera að borgarbúum muni ekki þykja áherslur Vinstri grænna fýsilegar. Engin trygging er fyrir því að þeir uppskeri eins og þeir vænta. En þannig er lýðræðið. Þannig eru leikreglurnar.

Klofningurinn í Reykjavíkurlistunum styrkir án efa Sjálfstæðisflokkinn. Flokkurinn eygir nú loks möguleika á að fá að hafa áhrif á málefni borgarinnar eftir tólf ára útleið. Auðvitað er það óeðlilegt og ólýðræðislegt að fulltrúum nærri helmingi allra kjósenda í höfuðborginni hafi verið haldið frá öllum áhrifum og völdum svo lengi. Kosturinn við framboð margra flokka er að það verður hreyfiafl fleiri og frjórri hugmynda en þegar stórar fylkingar takast á. Möguleg stjórnarmynstur verða líka fleiri. Það skapar stöðu sem snjallir og hugmynda- ríkir stjórnsmálsmenn geta spilað úr borgarsamfélaginu til framdráttar. Kannski er tími hugmyndastjórnsmálanna að renna upp í Reykjavík. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hnignun fréttarita

Í vikunni birta bandaríska upplagseftirlitið tölur um sölu tímarita vestanhafs á fyrri hluta þessa árs. Þær sýna áframhaldandi hnignun fréttarita á kostnað hvers kyns slúðurblaða. Sala á vikuritunum Time og Newsweek dregst saman en blöð Gróu á Leit, vikurit eins og People og In Touch, seljast sem aldrei fyrr. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að á þeim tíma sem könnunin nær yfir hafa komið upp mörg stór fréttamál sem varðað hafa alla heimsbyggðina, svo sem náttúruhamfarir og hryðjuverk. En í því fari öllu virðist almenningur hafa mestan áhuga á einkamálum leikara og tískugyða. Fólk vill frekar lesa um Angel-

inu Jolie og Brad Pitt en Írak, Bush og Osama Bin Laden.

Sirkustíð

Þetta er ekki nefnt hér í hneykslunarskyni. Forvitni um náungann og frægt fólk er ekkert óeðlileg. En sú spurning er áleitinn hvort hinn gífurlegi vöxtur slúðurblaðanna sé birtingarmynd veruleikafloffa. Hvernig er þetta annars hér á landi? Skyldi sama þróun vera að eiga sér stað? Hér er að minnsta kosti nokkur gróska hlaupin í útgáfu tímarita með „léttu efni“, stuttum texta, stórum myndum og umfjöllun um „stjörnur“ frekar en fréttir og málefni. Sérrið með

vitsmunalegri umfjöllun og umræðum þekkjast aftur á móti ekki. Sumir segja að það sé sirkustíð í fjölmiðlun á Íslandi. Kannski er eitthvað til í því.

Náttúrliga kreisi

Egill Helgason segir í pistli á Vísi: „Um daginn var ég að þvælast á netinu og fór að skoða hvað kostaði að gista á dýrari hótélum bæjarins. Tveggja manna herbergi á Nordica kostar frá 27.900 til 58.000 krónur nóttin. Á 101 hóteli þarf maður að borga 25.900 til 59.000 fyrir nóttina. Ég nenni ekki að umreikna þetta í evrur eða dollara – en maður fengi ansi gott hótél fyrir þessa fjárhæð í útlöndum. Það er merkilegt að smábær við norðurhjarann skuli verðleggja sig svo hátt að hann telst vera með dýrustu borgum í heimi. Þetta er náttúrliga kreisi.“

gm@frettabladid.is

Þýskur sveigjanleiki

Flóknari viðskipti við verslanir í Þýskalandi og öll viðskipti við banka og stofnanir minna á leik þar sem starfsfólk reynir að gera viðskiptavininum sem erfiðast fyrir. Ég stend mig stundum að því að reyna að ímynda mér fyrirfram með hvaða hætti menn muni gera væntanleg viðskipti sem flóknust, erfiðust og leiðinlegust en ímyndunarafli þýskra fyrirtækja, stofnana og starfsmanna þeirra reynist oftast meira en mitt. Þetta hefur raunar sparað mér stórfé þann tíma sem ég hef búið í landinu því ég er hætta að fara í búðir í Þýskalandi nema gersamlega tilneyddur.

Frá þessari almennu reglu um flókin, skrifræðiskennd og leiðinleg viðskipti eru auðvitað til margar undantekningar. Reglan er hins vegar svo almenn að leiðinleg, flókin og erfið viðskipti eru eitt af algengustu umræðuefnum þeirra útlendinga í Þýskalandi sem hafa búið í öðrum þróuðum samfélögum. Bládamenn sem heimsækja landið, sérstaklega frá Bretlandi, taka líka fljótt eftir þessu. Sögur manna af viðskiptum við þýska banka, þýsk símafyrirtæki og þýskar verslanir eru stundum svo ótrúlegar að menn reyna ekki að segja þær fólk sem ekki hefur reynslu af landinu.

Þýskaland hefur dregist stórlega aftur úr öðrum þróuðum samfélögum á síðustu árum og það svo mjög að tilfinning um almenna og djúpa kreppu ríkir í landinu. Hagkerfið hefur á síðustu tíu árum aðeins vaxið um þriðjung af heimsmeðaltali og aðeins helming af vexti í öðrum þróuðum ríkjum Evrópu sem mörg hver hafa þó átt í erfiðleikum. Þjóðverjar eru ekki lengur á meðal þeirra Evrópuþjóða sem hæstar tekjur hafa að meðaltali. Hver hefði trú að því fyrir aðeins tíu árum?

Algengar ástæður sem menn

Í DAG

ÞÝSKU KOSNINGANAR

JÓN ORMUR
HALLDÓRSSON

Þetta er líklega ástæðan fyrir almennri svartsýni í landinu á að úrslit kosninganna muni í reynd skipta miklu máli þótt fjölmiðlar segi þær hinar mikilvægustu í áratugi.

nefna fyrir hnignun Þýskalands eru aðgerðarleysi á langri stjórnartíð Kohls og mistök í hagstjórn við sameiningu landsins fyrir fimmtán árum. Styrkir til austurhluta landsins hafa líka á síðustu árum numið stjarnfræðilegum upphæðum. Meðaltekjur manna í austurhluta landsins eru þó enn sama lága hlutfallið af tekjum manna í vesturhluta landsins og þær voru fyrir tíu árum.

Mistökun í hagstjórn á valdaferli Kohls og sérstaklega við sameiningu landsins eru nógu augljós til að vera lítið umdeild. Mér datt hins vegar í hug önnur skýring á hnignun Þýskalands á læknabíðstofu í fyrri. Allir sem sátu á þéttsetinni bíðstofunni reyndust eiga tíma kl. eitt og framundan var löng bið. Mér var sagt að læknum þætti þægilegast að hafa þetta svona. Ég átti eftir að komast að því að þetta er alsíða hjá læknum. Ég fór líka að reka mig á skylt verklag í bönkum, verslunum og stofnunum. Allar skýringar sem ég reyndi að finna á undarlegum og stírdum viðskiptaháttum enduðu í sömu skýringunni. Þetta var alltaf svona vegna einhverra sérstakra

hentugleika þess sem þjónustuna veitti. Viðskiptavinir voru afgangstærð.

Með sama hætti virðast alls kyns hagsmunahópar móta stjórnarstefnuna hver á sínu sviði. Almennur enduralltaf sem afgangstærð. Þetta er líklega ástæðan fyrir almennri svartsýni í landinu á að úrslit kosninganna muni í reynd skipta miklu máli þótt fjölmiðlar segi þær hinar mikilvægustu í áratugi. Þeir hagsmunir sem ráða stefnu kristilegra demókrata eru talsvert aðrir en þeir sem ráða hjá jafnaðarmönnum og stefnumiðin virðast ólík. Báðir flokkarnir eru hins vegar rígbundnir sérhagsmunum. Hagsmunirnir að baki kristilegum demókrötum virðast engu heppilegri fyrir Þýskaland við þær aðstæður sem nú eru komnar upp í atvinnulífi heimsins.

Ástæðan fyrir því að Þýskaland hefur dregist svo mjög aftur úr á síðustu árum er líkleg grunninn sá að atvinnulíf landsins hefur ekki ráðið við óhefta samkeppni. Það kann að hljóma undarlega í ljósi þess að Þýskaland er stærsti útflytjandi heimsins, stærri en Japan og stærri en Bandaríkin. Nokkur stór og enn fleiri tiltölulega lítil og sérhæfð fyrirtæki í Þýskalandi eru leiðandi í heiminum hvert í sinni grein. Dýpkun Evrópusamrunans, stækkun Evrópusambandsins og hnattvæðing viðskipta með þátttöku Asíulanda hafa hins vegar greinilega oftast orðið að áföllum en tækifærum fyrir þýska hagkerfið sem skortir þann sveigjanleika sem nútímann krefst vegna pólitískt varinna hagsmuna. Eftir stríðið var Þýskaland lausara við sterka sérhagsmuni en önnur ríki og þýska efnahagsundrið var stundum skýrt með því. Nú er það fast í viðjum sérhagsmuna á tímum þegar sveigjanleiki skilur á milli feigs og ófeigs. ■

Benidorm

31. ágúst frá kr. **19.990**

Síðustu sætin

19.990

Flugsæti með sköttum báðar leiðir, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 24. ágúst eða 31. ágúst. Netverð á mann.

Nú getur þú tryggt þér síðustu sætin í sólinu á Benidorm á hreint ótrúlegum kjörum. Þú bókar 2 sæti en greiðir bara fyrir 1. Úrval gistingualeika á Benidorm í boði.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri
sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Þriggja ára bið senn á enda

Réttarhöld aldarinnar?

Baugsmálið verður þingtekið í dag


DÓMSALUR

LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚU RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚU: Steinn Stefánsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík **ADALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTAELD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLA: Ísafold- arprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

		
Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK 5.25	13.32	21.36
AKUREYRI 4.59	13.16	21.31
Heimild: Almanak Háskólans		

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!
Í dag er miðvikudagur 17. ágúst, 229. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Hvar lærðir þú á nýja barnið, mamma? Fylgdi leiðbeininga-bæklingur með?



Smáauglýsingar

- Flokkar**
- Bílar & farartæki**
- Keypt & selt**
- Þjónusta**
- Heilsa**
- Skólar & námskeið**
- Heimilið**
- Tómstundir & ferðir**
- Húsnæði**
- Atvinna**
- Tilkynningar**

PÚ GETUR PANTAÐ SMÁUGLÝSINGAR Á visir.is



allt

[nám o.fl.]
Markviss myndlestur
BLS. 5



SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is



Hrafnkell ætlar að taka mikinn þátt í félagslífinu, án þess samt að það komi niður á náminu.

Til í að spila ef við erum beðnir

Hrafnkell Örn Guðjónsson, trommu-leikari í The Dyers, byrjar í MH og FÍH í haust.

Hrafnkell Örn Guðjónsson verður sextán ára í september og byrjar í MH á föstudaginn. „Það leggst bara ljómandi vel í mig. Það er sagt að það sé mikið sjokk að koma úr grunnskóla í menntaskóla en ég held að það verði allt í lagi.“ Hrafnkell hefur þó meiri áhyggjur af náminu en félagslega þættinum þar sem hann var í Háteigsskóla og margir félagar hans ætla í sama skóla og hann. „MH varð fyrir valinu bæði vegna þess að hann er í hverfinu og svo líka af því að ég held að þetta sé góður skóli. Síðast en ekki síst kannski vegna þess að það er tónlistarbraut í skólanum og ég get fengið einingar metnar úr tónlistarnámi sem passar mjög vel fyrir mig.“ Hrafnkell er að læra á trommur og byrjar í FÍH í haust þannig að hann byrjar í tveimur nýjum skólum með stuttu millibili. Það eru kannski fullmargar busavíglur. „Ég veit ekki hvort það er busavígsla í FÍH en hún verður í það

minnsta í MH. Ég held að það verði nú bara gaman, ég er ekkert að stressa mig yfir því. Ég hef heyrt að það sé gott félagslíf í skólanum en það hafði ekki áhrif á hvaða skóla ég valdi, ég held að það sé gott félagslíf í öllum menntaskólunum. Ég stefni á að taka mikinn þátt í félagslífinu, eins mikið og ég get, án þess að það komi niður á náminu. Ég er ekki búinn að ákveða hvort ég fer í kórinn eða leikfélagið en það kemur allt til greina. Ég ætla að sjá til hvornig þetta verður allt saman áður en ég fer að ákveða það.“
Hrafnkell er í hljómsveitinni The Dyers sem varð í þriðja sæti í Músíktílaunum í vor. Hvað verður um hljómsveitina þegar þú ert kominn í framhaldsskóla? „Ég bara bý til tíma. Við fengum 20 stúdíótíma í Hljóðrita í verðlaun en erum ekki byrjaðir að nota þá og ætlum örugglega að taka eitt-hvað upp í vetur. Félagar mínir í hljómsveitinni eru ekki í MH og við dreifumst yfir á marga framhaldsskóla þannig að við verðum ekki skólahljómsveit neins staðar. En mjög til í að spila á skólaböllum ef við erum beðnir um það.“

LIGGUR Í LOFTINU í ferðum

Sportmenn Íslands hafa uppfært vefsíðu sína og gert hana mun aðgengilegri fyrir gesti. Vefurinn er á tveimur tungumálum: ensku og íslensku. Meðal þess sem Sportmenn Íslands bjóða upp á eru alls kyns veiðiferðir; innanlands og utan. Slóðin á vefsíðuna er sportmennislands.is og sportsmen-officeland.is.

Útivist og veiði bjóða upp á námskeið fyrir gæsaveiðimenn og er tilvalið fyrir nýliða í skotveiðinni að nýta sér það, þar sem tímabilið

er í þann mund að hefjast. Fyrst er farið yfir veiðitækni, gæsategundir, gæsaflautur, uppstillingu gervigæsa, felubirgi og allan útbúnað sem þarf til gæsaveiða. Einnig verða skoðaðar myndir frá gæsaveiðum og farið á gæsaveiðar í kornakri og þátttakendur spreyta sig á gervigæsum. Allar nánari upplýsingar gefur Róbert Schmidt hjá Útivist og veiði í síma 824 1340. ferdir@frettabladid.is












Handlaugar

í baðinnréttingar

MIKIÐ ÚRVAL,
GÆÐI OG
GOTT VERÐ

INNRETTINGAR & TÆKI

www.i-t.is

OPÍÐ: Virka daga frá kl. 09-18
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332

allt

nám o.fl.

Hugmyndabók

Hafðu litla minnisbók við höndina þar sem þú skrifar niður allar góðar hugmyndir sem þú færð í tengslum við námið, eða spurningar sem vakna. Auk þess er gott að rita í hana nöfn og heiti á bókum og greinum sem hafa reynst gagnlegar.



„Mér fannst þetta námskeið skila mér alveg gríðarlega miklu. Ekki einungis tókst mér að nær þrefalda lestrarhraða minn heldur vakti þetta aftur löngun mína til að fara að lesa góðar bækur.“
 Daniel Tryggvi, 25 ára Háskólanemi
...næsta námskeið hefst 7. september
 Skráning er hafin á www.h.is og í síma 586-9400

HRADLESTRASKÓLINN

MJÖSTÖÐ SIMENNTUNAR
 í Hafnarfirði

Haustnámskeiðin að hefjast

- TUNGUMÁL
- HANDVERK OG LISTIR
- HEILSA OG ÚTLIT
- TÖLVUR OG RENSTUR
- HLJÓDFERANAM
- SÖNGNAM OG LEIKLIST
- DANS OG LÍKAMSREYKT
- MATUR OG MÆRING
- PRJÓN OG SAHUR
- FJARNAM VIÐ H.A.

Nánari uppl. um námsframboð námskeiða á haustönn í síma 585-5860 og frá og með 1. sept. á namsflokkar.hafnarfjordur.is

Elín Sigurðardóttir
 Rope Yoga meistarakennari
 Íþróttafraeðingur
 Kripalu nuddari

Skráning er hafin
 24 tímar í boði á viku

Upplýsingar & skráning á www.elin.is og í síma 696-4419

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Upphaf haustannar 2005

Nemendur dagskóla komi í skólann mánudaginn 22. ágúst, nýnemar kl. 09:00 en eldri nemar kl. 10:30. Kennt skv. sérstakri stundaskrá eftir hádegi þann dag. Kennsla í meistarskóla hefst mánudaginn 29. ágúst kl. 18.00.

Skólameistari

Námsefni fyrir framhaldsskólánemendur

SKIPTIBÓKA-MARKAÐUR

Hagkvæmt og einfalt að versla á www.skola.is

Skólavörubúðin

Smiðjuvegi 5, Kópavogi • S. 58 50 500 • www.skola.is

birta



Gerret Beltman er einn þeirra þjálfara sem leiðbeina stúlkunum. Hann er virtur fimleikþjálfari og þjálfar belgíska kvennalandsliðið í fimleikum.

Í æfingabúðum með belgíska kvennalandsliðinu

Stúlkurnar í fimleikadeild Gróttu eru þessa dagana í ströngum æfingabúðum ásamt stúlkum úr belgíska kvennalandsliðinu. Hópurinn æfir í sex tíma á dag undir handleiðslu belgíska landsþjálfarans Gerrit Beltman og þriggja annarra þjálfara frá Belgíu, Rússlandi og Úkraínu.

Berglind Pétursdóttir fimleikþjálfari hjá Gróttu segir að oft hafi komið erlendir gestaþjálfarar til Gróttu en þetta sé í fyrsta skipti sem svona stór hópur komi hingað til að æfa með íslensku stelpunum. „Við höfum í samstarfi við Gerrit Beltman farið með nokkrar stúlkur í æfingabúðir til Belgíu. Þetta er hins vegar í fyrsta skipti sem æfingabúðirnar eru svona umfangsmiklar og nú fá mun fleiri stelpur að taka þátt,“ segir Berglind og bætir því við að með þessu sé í raun verið að flytja þekkinguna inn í landið og bæði stúlkurnar og þjálfararnir njóti góðs af.

Belgísku stúlkurnar koma úr framandi umhverfi. Þær eru í sérstökum íþróttaskóla þar sem þær æfa fimleika í sex klukkustundir á dag og sinna hefðbundnu námsefni þess á milli. Margar þeirra eru afrekskonur og í hópnum eru meðal annars tvær stúlkur sem hafa keppt á Ólympíuleikum. Þótt belgísku stúlkurnar séu flestar komnar lengra en þær íslensku segir þjálfarinn Gerrit að þær læri mikið á æfingabúðunum. Þær þurfa að búa inni á íslenskum fjölskyldum, tala ensku og leysa þau vandamál sem koma upp. Gerrit er hrifinn af landi og þjóð og segir að hér megi vel ala upp afreksmenn í fimleikum þótt þjóðin sé lítil. „Stelpurnar hér eru hæfileikaríkar og fullar af

áhuga. Til að ná því besta fram í þeim þarf hins vegar betra skipulag. Skólakerfið hentar til dæmis illa til að ala upp afreksmenn. Reykjavík er alveg nógu stór til þess að setja upp hér einn íþróttaskóla þar sem krakkar úr ýmsum íþróttagreinum fengju markvissa þjálfun samhliða hefðbundnu skólastarfi,“ segir Gerrit og þvortekur fyrir það að Íslendingar þjáast af agaleysi. „Mér sýnist þið alveg hafa agann í að ná langt, það vantar bara betra skipulag.“

Stelpurnar sjálfar eru ekki síður hrifnar af æfingabúðunum. Harpa Sædis Hauksdóttir sem er 16 ára segir að það sé gaman að fá að æfa með Belgum en viðurkennir að þetta sé dálítið erfitt. „Þetta eru helmingi meiri æfingar og það er erfitt að koma sér inn í það. Það er hins vegar mjög gaman að fá að kynnst þessu og við verðum örugglega í rosalega góðu formi þegar þetta er búið,“ segir hún. Sif Pálsdóttir sem er fjórfauldur íslandsmeistari í fimleikum tekur í sama streng og segir að það sé gaman að kynnst álaginu. „Viðhorfið hjá Belgísku stelpunum er líka allt öðruvísi en hjá okkur. Þær eru í þessu af gríðarlegri alvöru meðan við erum frekar í þessu af því okkur finnst það gaman,“ segir Sif. Belgísku stúlkurnar láta líka vel af Íslandsvöllinni. Aagje Vanwalleghem sem var í sjötta sæti á síðasta Evrópumeistaratóti segir að Ísland sé fallett og henni þykir gaman að kynnst íslensku stelpunum. Aagje er 17 ára og hefur árum saman æft í sex klukkustundir á hverjum degi í sérstökum íþróttaskóla í Gent. „Það er stundum erfitt að æfa svona mikið, en það er það sem þarf til að ná langt. Ég fór á Ólympíuleikana í fyrra og langar að komast líka á þá næstu,“ segir Aagje sem er svo sannarlega góð fyrirmynd fyrir fimleikastúlkurnar í Gróttu. ■



Harpa Sædis Hauksdóttir og Aagje Vanwalleghem frá Belgíu eru ánægðar með æfingabúðirnar. Aagje keppti á síðustu Ólympíuleikum og vonast til að komast á Ólympíuleikana í Peking 2008.



Belgísku stúlkurnar eru góðar fyrirmyndir fyrir stelpurnar í Gróttu. Meðan á æfingabúðunum stendur æfa stúlkurnar í sex klukkustundir á dag. Þær gera líka ýmislegt annað en að æfa og hafa meðal annars náð að ferðast aðeins um landið.



Berglind segir að með æfingabúðunum sé verið að flytja þekkinguna til landsins. Fimleikastúlkurnar læri mikið af belgísku stúlkunum og þjálfunum og íslensku þjálfararnir njóti einnig góðs af.

Á leið til Ungverjalands

Nokkrir nemendur úr Framhaldsskóla Austur-Skaftafells-sýslu eru á leið til Ungverjalands á haustdögum sem skiptinemar í hálfan mánuð. Vatn og eldur heitir verkefni sem Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu tók þátt í með skóla í Ungverjalandi á síðustu vorönn. Afrakstur þess er á slóð-

inni <http://waterfire.fas.is/>. Verkefnið er á vegum Evrópusambandsins og snýst um að fá skóla til þess að starfa saman í gegnum netið. Áhugi nemenda var mikill og því var ákveðið að sækja um styrk til nemendaskipta. Sá styrkur fékkst og í haust fara nemendur FAS út til hálfmánaðardvalar en eftir áramót koma Ungverjar til Hafnar. ■





Kristín var að skoða gömul áramótaskaup uppi í sjónvarpi og skemmti sér vel.

Atburðir síðustu aldar í ádeilu- og grínmiðlum

Samviskubit þjóðarinnar: Sagnfræði tuttugustu aldar séð í Speglinum er eitt af þeim námskeiðum sem Endurmenntunartofnun háskólans býður upp á á haustdögum.

„Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa áhuga á að velja fyrir sér hvernig atburðum síðustu aldar voru gerð skil í helstu ádeilu- og grínmiðlum þjóðarinnar,“ segir Kristín Einarasdóttir þjóðfræðingur sem er annar tveggja leiðbeinenda. Hinn er Kolbeinn Óttarsson Proppé, sagnfræðingur. Kristín er einmitt að horfa á gömul áramótaskaup í safndeild Ríkisútvarpsins þegar við hittum hana og þar skemmti hún sér vel. „Ég er að skoða hvað er í raun á bak við húmorinn,“ segir hún. „Ég sé til dæmis að í fyrstu skaupunum er svolítið gert grín að því sem við viljum kalla menningararf, þjóðbúningunum, rímunum og fleiru sem heyrir þjóðrækninu til. Það er líka skopast létt að listum. Við eigum öll að vera svo menningarlega sinnuð en erum það kannski ekki og þarna er að-

eins imprað á því. Svo koma karlar í viðtalsþátt sem tala algerlega óskiljanlegt mál og þar fær menntastéttin á baukinn,“ segir Kristín sem á eftir að fara í gegnum mikinn sjóð sem eru Spaugstofuþættirnir. Hún kveðst vera heilluð af gríninu og hafa gaman að tengja það við þjóðfræðina.

Kolbeinn kveðst hins vegar ætla að skoða spaug í sögulegu samhengi. „Það hefur alltaf einhver fundið þörf fyrir að skopast að þjóðlífinu, bæði stjórnmálunum og öðru og það er af mörgu að taka,“ segir hann. Blaðið Spegillinn verður nokkurs konar leiðarljós hjá Kolbeini en það kom út nær samfleytt frá 1926 til 1970. Þar verður farið í gegnum atburði síðustu aldar svo sem Alþingishátíðina 1930, „stóru bombuna“, fyrstu fegurðarsamkeppnirnar, þorskastríðin og fleira sem Spegillinn sá í sögulegu samhengi. „Við munum stíga aðeins út úr þessari opinberu söguskoðun, líta á bak við spaugið, finna út hvað í því felst og hvernig við því var brugðist,“ segir Kolbeinn. Námskeiðið Samviskubit þjóðarinnar stendur fjögur þriðjudagskvöld í október.

gun@frettabladid.is

Popp og rokk í bland við klassíkina

Þvert á stíl nefnist ný deild í Nýja söngskólanum Hjartans mál.

„Það eru svo margir að leita að léttari tegundum söngs. Vilja spreyta sig í Idoli og hafa þessa söngtækni samhliða hinni klassísku,“ segir Guðbjörg Sigurjónsdóttir, skólustjóri Nýja söngskólans Hjartans mál um hina nýju deild, Þvert á stíl. Hún segir um tilraun að ræða og í fyrstu verði ekki teknir nema svona tíu nemendur. Kennarar verða Björk Jónsdóttir og Jóhanna Linnét. „Við erum með fullmenntað söngfólk við kennsluna og viljum að allir fari í söngtækninám sem tekur lengri tíma en eitt námskeið eða svo. Hér er einsöngsdeild og við

viljum þreifa fyrir okkur hvort hægt sé að hafa hvoru tveggja í gangi í einu og gefa breiðara val í söngnum,“ útskýrir Guðbjörg. Spurð um lengd náms tímans segir hún mjög m i s j a f n t hvernig fólk sé frá náttúrunnar hendi og einnig hversu alvarlegt það sé í sínu námi en stefnt er að því að próf séu tekin milli áfanga. „Áhugasömum er bent á að sækja um skólavist á <http://rafraen.reykjavik.is/rrvk/> eða á songskoli@vortex.is ■



Guðbjörg Sigurjónsdóttir er skólustjóri Nýja söngskólans Hjartans máls.

Allt sem þarf að vita um nám erlendis

Alþjóðaskrifstofa Háskólastigsins veitir hvers kyns upplýsingar um nám erlendis.

Ætlar þú í nám til útlanda en veist ekki alveg hvað er í boði? Háskóli Íslands rekur Alþjóðaskrifstofu Háskólastigsins sem jafnframt er Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands. Alþjóðaskrifstofan er til húsa að Neshaga 16 og þangað er hægt að leita til þess að fá upplýsingar um nám í öðru landi. Starfsfólk Alþjóðaskrifstofunnar veitir alls konar upplýsingar um skóla um allan heim, inntökuferli, tungumála- próf og þess háttar. Þar má

einnig finna gagnlegar upplýsingar um skiptinám fyrir háskólastúdentana.

Ýmislegt er í boði fyrir þá sem vilja læra erlendis og getur verið erfitt að afla allra upplýsinga upp á eigin spýtur. Það er góð byrjun að fara inn á heimasíðu alþjóðaskrifstofunnar en þar má finna gagnlegar upplýsingar og tengla inn á skóla um víða veröld. Slóðin er www.ask.hi.is.



FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI 550 5000**

BHS

Kvöldskóli BHS

Innritun í málmiðneild kvöldskóla Borgarholtskóla verður eftirfarandi daga:

miðvikudag 24. ágúst kl. 17 - 19
fimmtudag 25. ágúst kl. 17 - 19
föstudag 26. ágúst kl. 17 - 19
laugardag 27. ágúst kl. 11 - 14

Eftirtaldir áfangar verða í boði fyrir almennt bóknám og allar málmiðngreinar. Tilvalið fyrir þá sem eru að fara í sveinspróf í málmiðngreinum. Kennar eru allar suðugreinar, s.s. MIG/MAG, TIG, logsuða og rafsúða. Þá eru í boði allir áfangar í rennismiði, handa- og plötuvinnu, ásamt aflvélavirkjun og áfangar fyrir pípuþagnir og fl.

Bóklegt efni	Fagbóklegt efni	Teikningar	Verklegt				
BÓK - 102	bókfræsla	IRB - 122	iðnreikningur	CAD - 113	tölvuteikning	HSU-102/202	verkleg suða
DAN - 102	danska	IRM - 132	iðnreikningur	GRT - 103	grunnteining	LSU-102/202	verkleg suða
ENS - 102	enska	IVT - 112	iðnvélatækni	GRT - 203	grunnteining	RSU-102/202	verkleg suða
ENS - 202	enska	KÆL-102	kælitækni + verkleg vélfræði	ITB allir áfangar	iðnteikning bygg	RLS-162	verkleg suða
ENS - 212	enska	VFR - 102	vélfræði	ITM - 114	iðnteikning	REN-103/203	verkleg rennism.
ISL - 102	islenska	VHM - 102	bóki, vélahlutafraði	ITM - 213	iðnteikning	REN-303/313	verkleg rennism.
ISL - 202	islenska	VLV - 112	loft og vökví	MRM - 102	mælingar	REN-403/413	verkleg rennism.
STÆ - 102	stærðfræði	VTB - 152	iðnteikning	RAT - 102	rafeindatækni	VVR-123	verkleg rennism.
STÆ - 122	stærðfræði	VTV - 152	verkleg pípuþagn	RÖK - 102	rökrásir	AVV-103/203	verkleg vélvirkjun
		STY - 102	stýritækni	TTÖ - 102	tölvuteikning	HVM-103/203	handavinna
						REN-103/203	verkleg rennism.
						PLV-102/202	plötuvinna
						VVR-204	Smiðar
						VVR-214	Díselvél

Upphaf kennslu: mánudag 29. ágúst frá 18:10-22:30 Lok kennslu: laugardaginn 3. desember frá 8:10-12:30

Athugið að áfangar geta fallið niður, nást ekki nægur fjöldi í hópa

Innritunargjald er kr. 14000. Verð á bóklega einingu er kr. 1500 og verklega einingu kr. 3000. Hámarksgræiðsla er kr. 40.000

Sími: 535-1716 í málmiðeld www.bhs.is

Öldungadeild MH

Ný stundatafla: kennsla hefst kl. 16.45

Skástokkar tvisvar í viku snemma kvölds
Langstokkar einu sinni í viku síðla kvölds

Innritun: 18. – 20. ágúst. Sjá nánar: www.mh.is

Tími	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
16.45-17.45	EDL103-VRE-23 EFN313-SJO-27 ENS303-JON-31 LIF113-SAK-26 SAL103-HAF-20 STÆ103-HEJ-12 ÍTA1036-JOG-41	FRA103-ALA-33 JAR103-AUD-18 SPÆ103-APS-41 PYS103-BEH-14 ISL503-SIS-15 STÆ303-GAR-12 STÆ313-NN-13	PYS303-VAB-14 EFN103-SJO-27 NAT133-VRE-23 SAL403-HAF-20 ISL103-RAR-15 STÆ263-HEJ-13 ÍTA303-JOG-41	FRA303-ALA-33 SAG103-NN-30 SPÆ303-IST-40 NAT113-PIM-23 NAT123-SOF-25 STÆ303-GAR-12 STÆ313-NN-13
17.55-18.55	PYS303-VAB-14 EFN103-SJO-27 NAT133-VRE-23 SAL403-HAF-20 ISL103-RAR-15 STÆ263-HEJ-13 ÍTA303-JOG-41	FRA303-ALA-33 SAG103-NN-30 SPÆ303-IST-40 NAT113-PIM-23 NAT123-SOF-25 STÆ503-GAR-13 STÆSTO-RAB-15	EDL103-VRE-23 EFN103-SJO-27 ENS303-JON-31 LIF113-SAK-26 SAL103-HAF-20 STÆ103-HEJ-12 ÍTA1036-JOG-41	FRA103-ALA-33 JAR103-AUD-18 SPÆ103-APS-41 PYS103-BEH-14 ISL503-SIS-15 STÆ303-GAR-12 STÆ313-NN-13
19.10-20.10	DAN103-ANO-38 DAN303-GUR-31 FEL263-ADA-36 SAG303-EIN-30	ENS103-WIN-31 FEL203-ADA-36 ISL203-HEW-15 ISL303-GAS-16 FRA513-SAN-14	ENS403-POR-31 FEL103-SKA-20 SAG383-GAS-30 ÞJÓ103-POK-36	ISL403-BÓL-15 LIF103-NN-26 MYN153-IBU-47 NAT103-RUT-22 SAG123-EDD-30
ActiviToon kemur á markað í Frakklandi, Hollandi og Ítalíu síðar á árinu og segir Ingólfur Garðarsson, framkvæmdastjóri 3-plus, til greina koma að selja ActiviToon á öðrum mörkuðum. - dh



Sterling kaupir ekki Fly Me

Mikil farþegaaukning hjá Fly Me en tapið er enn mikið.

Almar Örn Hilmarsson, forstjóri Sterling sem er í eigu Fons, efast um að fyrirtækið hafi áhuga á að eignast Fly Me að svo stöddu. „Við erum að fljúga til Gautaborgar og Arlanda þar sem þeir eru með starfsemi. Að sameina þessar leiðir er eitthvað sem við gætum skoðað sem fyrsta skref.“

Um 70 prósent fleiri farþegar ferðuðust með sænska laggjaldaflugfélaginu Fly Me, sem er meðal annars í eigu Burðarás og Eignarhaldsfélagsins Fons, á fyrri árhelmingi samanborið við sama tímabil á síðasta ári. Á tímabilinu tapaði félagið hálfum milljarði króna sem er um fimmtán prósent minna tap en í fyrra.

Á dögnum komst ný stjórn til valda í félaginu undir stjórn Christen Ager-Hanssen og Franco Fedeli sem voru ósáttir



ALMAR ÖRN HILMARSSON, FORSTJÓRI STERLING Munu ekki taka yfir Fly Me að svo stöddu. Sterling vill skoða samstarf sem fyrsta skref.

með stefnu fyrri stjórnar. Þeir nutu stuðnings íslensku fjárfestanna. Meðal nýrra stjórnarmanna er Einar Þór Sverrisson lögmaður. - eþa

Þorskurinn ábatasamur

Ábati íslenska hagkerfisins af hverju tonni af áli er rúmlega 28 þúsund krónur samkvæmt greiningardeild KB banka. Fyrir hvert tonn af þorski er ábatinn rúmlega 300 þúsund krónur og 93 þúsund fyrir hvern ferðamann sem kemur til landsins. Þannig jafngilda útflutningstekjur af einu tonni af

þorski um tíu tonnum af áli. Hver ferðamaður skili ábata á við þrjú tonn af áli. Gerir KB banki þá ráð fyrir að meðaleyðsla erlends ferðamanns hafi verið um 150 þúsund krónur árið 2004 eftir að hafa aflað sér upplýsinga frá Ferðamálaráði.



Bensínið tvöfaldast í verði

Iceland Express hefur selt 18.000 farmiða á 2.000 krónur á árinu

Bensínkostnaður Iceland Express hefur tvöfaldast á milli ára. „Við borguðum um 100 milljónir króna fyrir eldsneyti í júlí en 53 milljónir á sama tíma í fyrra. Ég man þegar ég byrjaði í lok síðasta árs þá kostaði tonnið 418 dollara en er nú komið í 600 dollara. Þetta eru rosalegar hækkningar,“ segir Birgir Jónsson, forstjóri Iceland Express.

Iceland Express hefur ekki ákveðið hvort sett verður á olúgjald á hvern seldan farmiða en það gæti komið til greina ef olú-

verð heldur áfram að hækka.

Félagið setti tvö þúsund farmiða í sölu á mánudaginn sem kostuðu tvö þúsund krónur. Birgir segir að miðarnir hafi runnið út eins og heitar lummur og nítján hundruð miðar hafi verið seldir um kvöldið sama dag. „Á þessu ári höfum við selt átján þúsund sæti á tvö þúsund krónur. Þessi sæti eru seld langt undir kostnaði en fyrir okkur er þetta hluti af því að kynna okkur. Skemmtileg stemmning skapast sem styrkir félagið.“ - eþa

Fimm hundruð starfsmenn undir sama þak

Starfsemi KB banka og Singer & Friedlander í London verður sameinuð. Starfsstöðvar bankans í Lúxemborg og London tvöfaldaðar að stærð.

Björgvin Guðmundsson
skrifar

Starfsemi Kaupþings í London og breska bankans Singer & Friedlander verður sameinuð samkvæmt heimildum Markaðarins. Unnið er að því að finna hentugt húsnæði og eru viðræður í gangi um að öll starfsemin flytjist undir sama þak við Hanover Square í Mayfair í London. Það er í um 250 metra fjarlægð frá núverandi skrifstofuhúsnæði Kaupþings við New Bond Street. Nýja húsið, sem er meðal annars í eigu Crown Estates, er tæpir tíu þúsund fermetrar að flatarmáli, eða um tvöfalt stærra en höfuðstöðvar KB banka í Borgartúni í Reykjavík.

Yfirtöku KB banka á Singer & Friedlander lauk núna í sumar og var þá markaðsverðmæti breska bankans um 65 milljarðar króna. Hinn 8. ágúst var viðskiptum með hlutabréf Singer í bresku kauphöllinni hætt og bankinn afskráður. Stjórnendur KB banka sögðu í sumar að eftir að þeir tækju við stjórn bankans yrðu næstu skref í rekstri hans skoðuð.

Samkvæmt upplýsingum af heimasíðu Singer & Friedlander stórfuðu 650 í bankanum um mitt ár 2004, þar af um fjögur hund-



NÝ STARFSSTÖÐ KB BANKA Í LÚXEBORG Teikning af húsinu þangað sem starfsstöð KB banka í Lúxemborg verður í flutt í upphafi næsta árs.

ruð í London. Á skrifstofu Kaupþings í London starfa um fimmtíu manns. Ný starfsstöð KB banka í London mun að öllu óbreyttu hýsa tæplega 500 starfsmenn.

Þá hefur KB banki tekið nýtt húsnæði á leigu undir starfsemi sína í Lúxemborg. Er nýja starfsstöðin tvöfalt stærri en núverandi skrifstofur, eða um 3.500 fermetrar, og stendur við Boulevard Kennedy í Kirchberg. Verið er að innrétta húsið, sem er nýtt, og stendur til að flytja starf-

semina í upphafi árs 2006.

„Vöxtur bankans hefur kallað á stækkun höfuðstöðva hans,“ segir Magnús Guðmundsson framkvæmdastjóri Kaupþings í Lúxemborg. Hann segir rekstrartekjurnar hafa tvöfaldast fyrstu sex mánuði ársins miðað við sömu mánuði í fyrra. Hagnaður hafi verið á starfsemi frá upphafsárinu 1998 og starfsmenn séu nú rúmlega hundrad. Verkefnum hafi fjölgað samhliða stækkun KB banka og innreið á nýja markaði í Evrópu.

Hluthafar bíða boðunar

Uppskipting Burðarás enn í formlegri meðferð.

Ekki er búið að boða til hluthafafundar í Burðarás, Landsbankanum né Straumi Fjárfestingarbanka vegna fyrirhugaðrar sameiningar félaganna. Beðið er eftir að skiptingaráætlun félaganna, sem send er Ríkisskattstjóra, sé birt í Lögbirtingarblaðinu. Þegar það hefur verið gert verður minnst einn mánuður að líða þangað til halda má hlut-

hafafund.

Stjórnir þessara félaga hafa fyrir sitt leyti samþykkt að skipta eignum Burðarás á milli Landsbankans og Straums, sem mun heita Straumur – Burðarás Fjárfestingarbanki. Samþykktirnar voru þó með fyrirvara um samþykki hluthafa. Þar ráða stærstu eigendurnir mestu en alls eru tæplega tólf þúsund

hluthafar í Landsbankanum og nítján þúsund hluthafar í Burðarási.

Forsvarsmenn félaganna sögðu þegar samruninn var kynntur í byrjun ágúst síðastliðinn að stefnt væri að því að halda hluthafafundi í september. Ljóst er að fundirnir verða haldnir í seinni hluta næsta mánaðar gangi þær áætlanir eftir. - bg

Við færum þér fjármálaheiminn

E*TRADE

Nú býst þér að eiga milliliðalaus verðbréfavíðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku.

Kynntu þér málið á www.landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

PEUGEOT

Finndu hvernig þú hefur það best



Partner 1.4i bensín
frá 1.490.000 kr.,
15.566. kr. á mánuði*



Expert 2.0 HDi diesel
frá 1.990.000 kr.
20.743.kr. á mánuði*



Boxer 2.0 HDi diesel
frá 2.190.000 kr.
22.814.kr. á mánuði*

TÖLUM UM AFBURÐAGÓÐA VINNUFÉLAGA

Peugeot vinnubílarirnir eru hannaðir til að létta þér vinnuna á alla lund. Hvort sem talað er um vinnurýmið, flutningsrýmið, kraftinn, áreiðanleikann eða frábæra aksturseiginleikana er hugvitinu beitt til hins ítrasta til þess að þú getir flutt meira og vinnuaðstaðan sé það besta sem þekkist, bæði við akstur og hleðslu. Njóttu þess að fá meira út úr vinnunni.

* Bílasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum. Bjóðum einnig 10% - 20% útborgun.



PEUGEOT



BERNHARD ehf. • Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

Umboðsaðilar:

Reykjanesbær, **Bilavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bilver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

Lítill áhrif Fjarðaráls á hagvöxt

Ábati Austurlands um átta milljarðar króna.

Árlegur ábati Austurlands af Fjarðaráli eftir að það tekur til starfa mun vera um átta milljarðar króna samkvæmt útreikningum greiningardeildar KB banka. Telja starfsmenn bankans það fremur lítið miðað við stærð fjárfestingarinnar. Heildaráhrif aukinnar álbræðslu á íslenska hagkerfið séu fremur lítil en svæðisbundna áhrifin geti verið töluverð.

Í efnahagsfregnum KB banka kemur fram að mikilvægt sé að rugla ekki þessum svæðisbundna ábata vegna margfeldisáhrifa saman við þjóðhagslegan ábata.

Margfeldisáhrifin sjálf skapa ekki endilega þjóðhagslegan ábata þar sem fólk sem flytur til staðarins til þess að vinna störf tengd stóriðju kemur einhvers staðar frá og úr einhverjum störfum.

Þá segir að áhrif álversins á árlegan hagvöxt á Íslandi til langs tíma séu verulega lítil í þjóðhagslegu tilliti. „Ástæðan er ósköp einföld. Langtímahagvaxtaráhrif álbræðslu felast fyrst og fremst í því að þeir framleiðsluþættir sem starfsemin nýttir fái hærri greiðslur en þekktist annars staðar í hagkerfinu, svo sem



BYGGING FJARÐARÁLS Greiningardeild KB banka telur að hagvaxtaráhrif álversins verði lítil eftir að virkjanafarmvæmdum sleppi.

að launin séu hærri í áliðnaði en annars staðar.“ – bg

Fimmtán mínútur til Eyja

Landsflug bætir Dornier-vél í flugflotann.

„Ég þori að segja að þetta er Rollsinn í flugflotannum,“ segir Sigurbjörn Daði Dagbjartsson um nýja 32ja manna Dornier flugvél sem Landsflug hefur keypt. Samanburðurinn eigi við aðrar skrúfuvélar. Hún sé með leðursætum, hraðfleyg og stærðin henti mjög vel við íslenskar aðstæður. Meðalflugtíminn til Akureyrar sé til dæmis aðeins 35 mínútur og fjórtán mínútur til Vestmannaeyja.

Landsflug var stofnað í október í fyrra og er með tvær nítján sæta Dornier vélar í notkun. Fé-

lagið stundar áætlunarflug til Bíldudals, Sauðárkróks, Vestmannaeyja, Hafnar og Gjógers. Eru allar leiðirnar ríkisstyrktar nema til Vestmannaeyja. Ekki er flogið á leiðum Flugfélags Íslands, sem er í eigu FL Group.

Sigurbjörn segir starfsemina vaxandi og nýja flugvélin verði notuð í þær ferðir þar sem hennar er þörf á áætlunarleiðum. Einnig verði boðið upp á leiguflyg og svo sérstakar ferðir til útlanda, til dæmis til að sjá leik í enska boltanum eða kappakstur í formúlunni. – bg

Vélamiðstöðin Einkavædd

Gámafélagið keypti Vélamiðstöðina af Reykjavíkurborg og Orkuveitu Reykjavíkur.

„Ég var að fá lykilmann og er að skoða fyrirtækið,“ sagði Jón Þ. Frantzson framkvæmdastjóri Íslenska Gámafélagsins sem keypti Vélamiðstöðina af Reykjavíkurborg og Orkuveitu Reykjavíkur í fyrradag. Hann sagði Vélamiðstöðina gott og stöndugt fyrirtæki sem félli vel að rekstri Gámafélagsins. Hluti af starfseminni hefði verið í beinni samkeppni við hans fyrirtæki og samlegðaráhrifin mikil. Vélamiðstöðin yrði næstu mánuðina rekin sem sjálfstæð eining og svo kæmi í ljós síðar hvort hún rynnir inn í Gámafélagið.

Kaupverðið er 735 milljónir króna auk þess sem kaupandinn tekur yfir skuldir Vélamiðstöðvarinnar, sem Jón sagði ekki miklar, og lífeyrisskuldbindingar starfsmanna. Reykjavíkurborg



VÉLAMIÐSTÖÐIN STAÐGREIDD Jón Þ. Frantzson framkvæmdastjóri Gámafélagsins og Ólafur Thordersen stjórnarformaður Vélamiðstöðvarinnar afhenda Steinunni Valdís Óskarsdóttur borgarstjóra og Guðmundi Þóróddssyni forstjóra OR ávisun upp á 735 milljónir króna.

veitir starfsmönnum Vélamiðstöðvarinnar forgang til starfa hjá borginni komi til uppsagna í kjölfar eigendaskipta. Jón sagði mikla þekkingu og reynslu búa í starfsfólkinu.

Velta Gámafélagsins mun aukast um 30 til 40 prósent við þessi kaup að sögn Jóns sem og fjöldi starfsmanna. – bg

Vextir áfram lágir

Aukin erlend lántaka hefur leitt til þess að vaxtaákvörðanir erlendra seðlabanka skipta miklu máli fyrir innlenda aðila.

Björgvin Guðmundsson
skrifar

„Það er áframhaldandi útlit fyrir lág vexti á evrusvæðinu og breski seðlabankinn var að lækka stýrivexti fyrir í mánuðinum,“ segir Lúdvík Elíasson, hjá greiningardeild Landsbankans, spurður um þróun vaxta á næstu misserum. Hann segir að bandaríski seðlabankinn haldi líklega áfram að hækka vexti jafnt og þétt en það virðist hafa lítil sem engin áhrif á langtímavexti þar í landi. Það sama hafi verið að gerast á Íslandi, þar sem langtímavextir hafi lækkað undanfarin misseri á meðan Seðlabankinn hafi hækkað stýrivexti sína verulega. „Það er því ekkert í spilunum sem bendir á þessari stundu til þess að langtímavextir séu að fara að hækka á næstu mánuðum,“ segir Lúdvík.

Hann telur líklegt að Seðlabanki Íslands muni hækka stýrivexti sína samhliða útgáfu Penningamála 29. september næstkomandi.

Stýrivextir Seðlabankans eru nú 9,5 prósent og hafi hækkað reglulega frá því í maí 2004, nú síðast um 0,5 prósent 7. júní síðastliðinn. Greining Íslandsbanka spáir því að Seðlabankinn hækki vextina upp í tíu prósent fyrir árslok. Allt bendir til þess að munurinn á stýrivöxtum hér á landi og evrusvæðinu komi til með að aukast enn frekar á næstunni. Munurinn verði kominn í átta prósent um áramótin og fari jafnvel enn hærra á næsta ári.

Lúdvík segir að aukinn vaxtamunur sé tímabundinn og stafi af sérstökum aðstæðum í íslensku efnahagslífi. Það sé eðlilegt að um einhvern viðvarandi vaxtamun sé að ræða sem feli í sér álag vegna smæðar markaðarins, gengis krónunnar og fleiri þátta. „Þessi mikli vaxtamunur við útlönd sem við sjáum núna þýðir að það er vænlegt að geyma fé á Íslandi og á það að sjálfsögðu jafnt við Íslendinga og aðra. Þess vegna er mikil eftirspurn eftir ís-



LÚDVÍK ELÍASSON Langtímavextir á Íslandi eru lágir og hafa lækkað undanfarin misseri þrátt fyrir hækkan stýrivaxta Seðlabankans.

lensku krónunni og hún því hátt metin. Gengi krónunnar er hærra en fær staðist til lengdar og mun lækka þegar dregur úr innflæði fjármagns,“ segir Lúdvík Elíasson.

Á evrusvæðinu eru stýrivextir nú tvö prósent. Með aukinni erlendri lántöku einstaklinga og fyrirtækja telur greiningardeild KB banka að næmni fyrir erlendum stýrivaxtaákvörðunum aukist til muna. Nú sé svo komið að til dæmis 0,5 prósent hækkan stýrivaxta á evrusvæðinu myndi skapa um 5,3 milljarða króna útlæði. Jafnframt myndi ámóta hækkan í Bandaríkjunum skapa 1,2 milljarða útlæði, en aftur á móti 0,8 milljarða í Bretlandi.

Fjárfestar FL Group fyrir yfirtökunefnd

Yfirtökugengi yrði væntanlega 16 segir greiningardeild KB banka

Athugun á því hvort yfirtökuskylda hafi myndast í FL Group lýkur áður en ágústmánuður er allur, segir Viðar Már Matthíasson formaður yfirtökunefndar Kauphallar Íslands.

Samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti hefur yfirtökuskylda myndast hafi einn aðili beint eða óbeint náð yfirráðum í hlutafélagi. Er þá miðað við að hann ráði yfir að minnsta kosti 40 prósentum atkvæða í félaginu. Skal hann þá innan fjögurra vikna gera öðrum hluthöfum félagsins tilboð um að kaupa þeirra hluti í félaginu.

„Í tilviki FL Group er athugunarefnið hvort einn aðili í samstarfi við aðra ráði yfir 40 prósentum atkvæða í félaginu,“ segir Viðar Már þar sem augljóst sé að enginn einn aðili fari með yfir 40 prósentu eignarhlut.

Sigurður Bollason og Magnús Ármann, sem eru í forsvari fyrir Katla Investments, ásamt Hannesi Smárasyni, stjórnarformanni FL Group, hafa verið kallaðir fyrir yfirtökunefndina. Þessir aðilar



SAMHERJAR Í FL GROUP Magnús Ármann og Sigurður Bollason þurftu að svara spurningum yfirtökunefndar.

ásamt Baugi Group fara með yfir sextíu prósent atkvæða í félaginu. Hafa þeir fjárfest víða í sömu félögum.

Viðar segir samstarf í öðrum fjárfestingum ekki skoðað heldur eingöngu í þessu tiltekna félagi, FL Group.

„Ef nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að yfirtökuskylda sé fyrir hendi í félaginu verða þessir aðilar væntanlega að taka yfir félagið á gengi kringum 16 sem er um sex prósentum yfir núverandi markaðsgengi,“ sagði í hálfvægum fréttum KB banka á mánuðaginn. – bg

Sjöhundruð ný störf

Greiningardeild KB banka áætlar að 700 störf skapist með stækkun Norðaráls á Grundartanga og byggingu Fjarðaráls á Reyðarfirði.

Auk þess skapist örfá störf við virkjanir og reiknað er með

að tíu til tuttugu manns starfi við Kárahnjúkavirkjun eftir lok framkvæmda. Því megi gera ráð fyrir að fjölgun starfa verði alls um 750, þar af eru 450 störf sem verða til við álverði í Reyðarfirði. – bg

PENINGAMARKAÐSSJÓÐUR

8,4%*

Tilvalinn fjárfestingarkostur fyrir þá sem vilja binda fé í skamman tíma án mikillar áhættu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi og innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

* Nafnvöxtun sl. ár m.v. 31.07.2005

Penningamarkaðssjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings Banka hf. Fjárfestingarsjóður teist vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rými fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útbotsýsingu eða útdrætti úr útbotsýsingu sjóðsins í útbúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI
– kraftur til þín!

Hjá okkur veða allir jafnt

Hinnik Pétursson | www.mmedia.is/hip

“Þegar kemur að því að veita persónulega og faglega ráðgjöf í fjármögnun atvinnutækja veða allir viðskiptavinir jafn þungt. Hvort sem um er að ræða stórfyrirtæki eða lítið einstaklingsfyrirtæki leggjum við allt kapp í það að veita framúrskarandi þjónustu og sérsníða lausnir í takt við þarfir hvers eins.“

Eyjólfur Vilberg Gunnarsson
Ráðgjafi, Fjármögnun atvinnutækja


LÝSING

Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is

ÚTRÁSARVÍSITALA 116,75 2,14%

Fyrirtæki	Land	Gengi	Gjaldmiðill	(Gengi gjaldmiðils)	Breyting
BTC	Búlgaría	11,61	Lev	40,28	-1,28%
Carnegie	Svíþjóð	91,50	SEK	8,48	1,19%
Cherryföretag	Svíþjóð	28,50	SEK	8,48	-3,35%
deCode	Bandaríkin	10,32	USD	63,75	5,39%
EasyJet	Bretland	2,97	Pund	115,35	10,23%
Finnair	Finnland	7,45	EUR	78,84	5,18%
French Connection	Bretland	2,52	Pund	115,35	-0,25%
Intrum Justitia	Svíþjóð	57,00	SEK	8,48	0,60%
Low & Bonar	Bretland	1,13	Pund	115,35	4,75%
NWF	Bretland	5,60	Pund	115,35	17,07%
Sampo	Finnland	13,01	EUR	78,84	1,85%
Saunalahti	Finnland	2,43	EUR	78,84	-2,55%
Scribona	Svíþjóð	14,15	SEK	8,48	0,21%
Skandia	Svíþjóð	42,70	SEK	8,48	1,46%

Miðað við gengi bréfa og gjaldmiðla á mánudag

Breskir kaupmenn svartsýnir

Tilrí kaupmanna á horfur í bresku efnahagslífi minnkaði talsvert í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Lundúnir, samkvæmt nýrri skýrslu Lloyds TSB. Fjörutíu prósent aðspurðra áttu ekki von á að njóta velgengni á næstu þremur mánuðum.

Kaupmenn hafa ekki verið svartsýnni síðan við upphaf Íraksstríðsins.

Smásala í Lundúnum dróst saman um tæp níu prósent í júlí. Mestur varð samdrátturinn í miðborginni og virðist sem neytendur hiki við að leggja leið sína



RAUÐLUND - ÚNASTRÆTÓ Smásala í

Lundúnum dróst saman um tæp níu prósent í júlí. Hryðjuverkaárásunum á borgina er aðallega kennt um.

í miðborgina og kjósi heldur að versla í úthverfunum. - jsk



KAUPHÖLLIN Í LUNDÚNUM Þrjú fyrirtæki eru sögð hafa áhuga á að yfirtaka Kauphöllina í Lundúnum. Ástralski bankinn Macquarie hefur tilkynnt að ætlunin sé að leggja fram formlegt tilboð.

Barist um Kauphöllina í Lundúnum

Ástralskur banki hyggst leggja fram tilboð í Kauphöllina. Margir eru um hituna og hafa bresk samkeppnisyfirvöld málið til athugunar.

Ástralski bankinn Macquarie íhugar þessa dagana að leggja fram yfirtökutilboð í Kauphöllina í Lundúnum (LSE). Kom þetta fram í tilkynningu til Áströlsku kauphallarinnar. Í tilkynningunni sagði einnig að til stæði að fá fleiri aðila að kaupnum.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem orðrómur kemur upp um að til standi að yfirtaka LSE en evrópska kauphallasamsteypan Euronext, sem rekur kauphallir í París, Brussel, Amsterdam og Lissabon hafði áður lýst yfir áhuga sínum. Þýska kauphöllin,

Deutsche Boerse, lagði fyrr á árinu inn tilboð í LSE en dró það til baka eftir að í ljós kom að hluthafar í LSE voru kaupnum andsnúnir.

Samkeppnisyfirvöld í Bretlandi rannsaka nú hvort hugsanleg yfirtaka kunni að brjóta gegn evrópskum samkeppnislögum. Euronext hefur gefið það út að fyrirtækið hyggist bíða eftir úrskurði samkeppnisfirvalda áður en formlegt tilboð verður lagt fram.

LSE tilkynnti á dögnum að hagnaður fyrirtækisins hefði á

síðasta rekstrarári numið rúmum tíu milljörðum íslenskra króna. Clara Furse, stjórnarformaður LSE, sagði niðurstöðuna frábæra og að bjart væri framundan hjá fyrirtækinu.

„Þetta er nú full mikil bjartsýni miðað við hvernig útlitið er á markaðnum. En kemur kannski ekki á óvart miðað við að verið sé að selja fyrirtækið. Stjórnendurnir vilja auðvitað fá hæsta mögulega verð fyrir Kauphöllina“, sagði Justin Bates hjá ráðgjafarfyrirtækinu Numis Securities. - jsk



VOLVO S40

VOLVO V50

VOLVO S60

VOLVO V70

VOLVO S80

VOLVO XC70 AWD

VOLVO XC90 AWD

LIFÐU Í ÖRYGGI. VELDU VOLVO XC90.

Áratugum saman hafa hönnuðir Volvo leitað sannleikans líkt og Albert Einstein, rannsakað bíla við ólíkar aðstæður, reiknað út og safnað þekkingu. Hér er eitt dæmið. Volvo XC90, tækni sem hrifur alla sem henni kynnast. Slik afburðatækni hefur ekki áður sést í jeppum enda flókin stærðfræði. Skoðuðu eiginleika Volvo XC90 af nákvæmni.

Lifðu heilbrigðu lífi

Skoðuðu lífið. Sérstök tækni vaktar gæði andrúmsloftsins umhverfis Volvo XC90 og breytir 75 prósent af slæmu ósóni (sem liggur við jörðu) í hreint súrefni. Hugsaðu um börnin.

Fjórthjóladrifið er sjálfvirk og eitt hið fullkonnasta sem til er. Hönnuðir Volvo fundu snilldarleið til að lækka þyngdarpunktinn í Volvo XC90 en of hár þyngdarpunktur hefur verið vandamál við hönnun jeppa þar sem hann dregur úr öryggi og aksturseginnleikum. Veldu Volvo.

Þar sem öryggi farþega er Volvo efst í huga létu hönnuðirnir ekki þar við sitja því að auki bættu þeir við tveimur nýjum tækniuppföringum: nýja stöðugleikastýrikerfinu DSTC og RSC veltivörninni. DSTC leiðréttir mistök í akstri en RSC sireiknar líkur á veltu og bregst við ef þurfa þykir. Rúsínan í

pylsuendanum er sérstyrkt Boronstálið í burðarvirki yfirbyggingarinnar sem er 5 sinnum sterkara en venjulegt stál. Útkoman úr dæminu er hámarksöryggi í Volvo XC90, sem veitir honum algera sérstöðu í samkeppni um öryggi bíla. Gefðu þér tíma og skoðuðu yfirburðatækni Volvo XC90.

Þetta er Volvo XC90. Öryggi fyrir allt að sjö manns og aðra vegfarendur einnig. Þú prófar hann og færð faglega ráðgjöf í afburðartækni sem einkennir Volvo XC90. Öryggi er lúxus – lifðu í lúxus. Komdu í Brimborg og spurðu sérfræðinga Volvo á Íslandi um lúxus sportjeppann Volvo XC90.



Sérvalið tau- eða leðurefni eru í stýri, lykum og öðrum snertiflötum og eru laus við ofnæmisvaka samkvæmt alþjóðastaðli Óko-TEX. Spurðu um skynvæddu miðstöðina sem hindrar að mengun berist inn í farþegarýmið.



Volvo XC90 AWD bensín. Verð frá 5.690.000 kr.*

Volvo XC90 AWD dísil. Verð 5.890.000 kr.*

Suður-Afríka græðir á HM

Áætlað er að 350 þúsund ferðamenn muni leggja leið sína til Suður-Afríku vegna HM 2010 og eyða þar tæpum hundruð milljörðum króna.

Heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu verður haldin í Suður-Afríku árið 2010. Suður-Afríkumenn binda miklar vonir við að keppnin muni auka erlent fjárstreymi inn í landið og ýta við efnahagslífinu.

„HM 2010 verður gróðavænlegasta keppni sögunnar. Alþjóðaknattspyrnusambandið hefur sýnt okkur mikið traust með því að úthluta okkur keppninni“, sagði Danny Jordaan yfirskipuleggjandi keppinnar.

Talið er að vegna HM 2010 verði til 123 þúsund ný störf í landinu og það munar um minna en í Suður-Afríku er um þrjátíu prósent atvinnuleysi. Þá munu erlendar fjárfestingar aukast um 130 milljarða króna auk þess sem áætlað er að skatttekjur af keppninni muni færa um 56 milljarða króna í ríkisskassann.

Búist er við að 350 þúsund erlendir ferðamenn leggi leið sína til Suður-Afríku vegna heimsmeistarakeppinnar og að þeir muni eyða tæpum hundruð milljörðum króna meðan á dvölinni stendur. -jsk



SUÐUR-AFRÍSKIR KNATTSPYRNUAÐDÁENDUR Heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu verður haldin í Suður-Afríku árið 2010. Vonast heimamenn eftir því að keppnin muni laða erlendar fjárfestingar til landsins og saxa á atvinnuleysið.

Stjórnarformaður yfirheyrður

Rannsókn lögreglu á meintu peningabætti Commerzbank vindur enn upp á sig.

Klaus-Petter Muller stjórnarformaður hins þýska Commerzbank hefur verið yfirheyrður af lögreglu í Frankfurt. Commerzbank hefur undanfarið verið undir rannsókn lögreglu vegna peningabvottar í tengslum við sölu á rússneskum ríkisfyrirtækjum.

Meint brot eru sögð hafa átt sér stað í þeirri einkavæðingarrhinu sem gekk yfir í Rússlandi við fall járnstjaldsins. Sérstaklega hefur einkavæðing símafyrirtækisins Telecominvest vakið grunsemdir.

Muller er hæstsetti starfsmaður bankans sem yfirheyrður

hefur verið hingað til. Stjórn Commerzbank segist standa við bakið á Muller, sem stýrði starfsemi bankans í Austur-Evrópu þar til 1999.

Sá orðrómur gengur nú fjöllum hærra að til standi að yfirtaka Commerzbank og hefur nafn ítalska risabankans Unicredito verið nefnt í því samhengi. Unicredito keypti á dögnum þýska bankann HVB: „Ég útiloka ekki að Commerzbank verði yfirtekinn af banka með meiri markaðshlutdeild,“ sagði Muller í viðtali við Welt am Sonntag. -jsk



KLAUS-PETTER MULLER STJÓRNARFORMAÐUR COMMERZBANK Muller hefur verið yfirheyrður vegna meintu peningabvottar Commerzbank í tengslum við sölu á rússneskum ríkisfyrirtækjum.

SÖGUHORNID

Gull finnst í Klondike

Hinn 16. ágúst 1896 fannst gull í Klondike í Kanada. Í kjölfarið hófst sannkallað gullæði í Klondike og þustu þúsundir gullgrafara í ævintýraleit á svæðið.

Uppgötvunina gerðu nokkrir elgjaveiðimenn sem voru við veiðar á Klondike-svæðinu. Leiðsögumaður var indjánínn Skookum Jim og er hann sagður hafa fundið gullið fyrstur manna.

Fréttir af gullfundinum bárust fljótlega til gullgrafarabúða í nágrenninu og urðu þeir sem fyrstir komu á vettvang vellauðugir í einni svipan, enda nóg af gulli að finna.

Það var þó ekki fyrr en tæpu ári síðar, þegar fréttirnar bárust til Bandaríkjanna, að gullæðið hófst fyrir alvöru. Klondike fylltist fljótlega af gullgröfum. Árið 1898 bjuggu fjörutíu þúsund manns í Klondike, flestir í Dawson City, höfuðstað héraðsins, en ári áður höfðu aðeins örfáar hræður hafst þar að, enda vetur á þessum slóðum ekkert grín.

Það var heldur ekki auðvelt að



GULLGRAFARAR Á LEIÐ TIL KLONDIKE Það var ekki auðvelt að komast á áfangastað og áttu ekki allir afturkvaemt. Kanadískir skógarverðir reyndu þó að létta fólki lífið með því að höggva ísprep í hlíðar bröttustu fjallanna.

komast til Klondike að vetri til, það þurfti að klífa brött fjöll, holt og hæðir með miklar byrðar. Varla var hægt að notast við burðardýr og lifðu dýr þeirra sem það reyndu fæst af. Kanadískir skógarverðir reyndu þó að gera ferðalöngum lífið léttara með því að höggva ísprep í hlíðar bröttustu fjallanna.

Talið er að um hundruð þúsund manns hafi tekið þátt í gullæðinu í Klondike og sneru fæstir þeirra heim jafn vel stöndugir og vonir stóðu til. -jsk

Lítill vöxtur í Frakklandi

Hagvöxtur í Frakklandi var 0,1 prósent á öðrum ársfjórðungi og minnkaði um 0,3 prósent frá fyrsta ársfjórðungi. Meðalhagvöxtur í löndum evrunnar var 0,3 prósent.

Fjármálaráðherra Frakka, Thierry Breton, tilkynnti í kjölfarið að hagvaxtarspá fyrir árið hefði verið endurskoðuð. Hljóðar hún nú upp á tvö prósent en var áður tvö

og hálf prósent.

Hagfræðingar segja þó fjármálaráðherra full bjartsýnan: „Við búumst við því að hagkerfið vaxi örlítið hraðar það sem eftir lifir árs, en hagvöxtur ársins 2005 verður varla meiri en 1,6 prósent“, sagði Jean-Louis Mourier hjá ráðgjafarfyrirtækinu Aurel Leven. -jsk



VOLVO
for life

Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!



Öruggur staður til að vera á



OLE VAGNER, FORSTJÓRI KEOPS Stóð á tímamótum og stofnaði Keops. Fyrirtækið hefur vaxið umtalsvert og hyggst sækja fram sem allhliða fasteignafélag og þjónustufyrirtæki við velstæða viðskiptavinum.

Stærstu hluthafar Keops

Vagner Holding	36%
Baugur Group	30%
Bankinvest	10%
Aðrir	24%

Fasteignafélag byggt á starfslokum

Pegar Ole Vagner stóð uppi sem bankastjóri án atvinnu ákvað hann að nýta þekkingu sína á fasteignafjárfestingum og stofna eigið fyrirtæki. Hafliði Helgason hitti Ole Vagner og ræddi við hann um fyrirtækið.

Árið 1989 stóð Ole Vagner á tímamótum. Hann var bankastjóri í banka sem hafði verið yfirtekninn af tryggingarfélagi og framtíðin óljós. Hann ákvað að taka starfslokasamningi sem honum var boðinn og freista gæfunnar í því að stofna eigið fyrirtæki. „Ég fékk laun í tvö ár sem gaf mér möguleika á að láta reyna á að byggja upp fyrirtæki,“ segir Ole. Fyrirtækið hét upphaflega InvestorPartner og sérhæfði sig í fasteignafjárfestingum. Í dag heitir það Keops Group og fjölskylda Ole Vagner á 36 prósent í fyrirtækinu. 30 prósent á íslenskt fyrirtæki sem einnig rekur sögu sína til ársins 1989, Baugur, sem varð til úr Bónus sem varð til þegar Jóhannes Jónsson stóð á svipuðum tímamótum og freistaði einnig gæfunnar. Nú liggja leiðir þessara tveggja fyrirtækja saman í umsvifamiklu fasteignafyrirtæki í Danmörku.

MARKHÓPURINN HÁLAUNAFÓLK

„Það lá beint við að fara í fasteignafjárfestingu. Bankinn sem ég var stjórnandi hjá lánaði mikið til fasteignakaupa og ég þekkti því vel til slíkra fjárfestinga,“ segir Ole Vagner. Hann segir að í Danmörku njóti þeir sem fjárfesta í fasteign skattalegs hagræðis og hann hafi séð tækifæri í að höfða til efnamikilla Dana og bjóða þeim fjárfestingar í fasteignum. „Markhópurinn er eignafólk með háar tekjur sem stendur til boða að eignast beint hlut í fasteign. Við höfum síðan þróað félagið í átt til fjárfestingafélags því við fundum fljótt fyrir vilja til annars konar fjárfestingar hjá viðskiptavinum okkar,“ segir Ole. Hann segir að viðskiptavinurinn fái innpakkaða vöru. „Við finnum fasteignina, sjáum um fjármögnunina og alla umsýslu og seljum viðskiptavininum.“

Keops er í dag félag sem á og rekur talsvert af atvinnuhúsnæði, byggir og selur íbúðahúsnæði, auk þess sem gefin eru út skuldabréf með fasteignaveði sem viðskiptavinir fjárfesta í. Keops tekur einnig að sér þróunarverkefni, kaupir fasteignir og umbreytir þeim til annarra nota en þau voru upphaflega hugsuð til.

EKKI SPÁKAUPMENN

Keops hefur ekki eingöngu fjárfest í Danmörku. Félagið hefur einnig fjárfest í Svíþjóð, Bretlandi, Þýskalandi og Hollandi. „Við höfum reyndar selt allar eignir okkar í Bretlandi,“ segir Ole. Það verður ekki annað sagt en að tíma- setningar hafi verið hagfelldar Keops. Fasteignaverð hefur hækkað um allan heim, ekki

síst í Bretlandi, þar sem margir hagfræðingar hafa af því áhyggjur að fasteignabóla hafi myndast. „Ég held að það hafi verið skynsamlegt að selja í Bretlandi og auka fjárfestingar í Þýskalandi til dæmis. Það gildir að finna staðinn á hringnum þar sem maður kaupir og selur,“ bætir hann við. „Markmið okkar er ekki að eiga fasteignir til eilífdar. Við viljum eiga fasteignir þar sem möguleiki er að ná meiri arðsemi af. Þegar við höfum náð að hámarka þann ávinning sem við sjáum af fasteigninni, þá seljum við. Við horfum mikið á sjóðstreymið í verkefnum okkar. Ef við sjáum ekki að arðsemin skili sér hratt í fjárfestingum sem við skoðum, þá látum við þær eiga sig. Við stundum enga spákaupmennsku.“

Ole Vagner segir Keops hafa frá upphafi unnið eftir ströngu módeli. Krafa um arðsemi og áhættu sé ófrávikjanleg. „Við seljum meirihluta íbúðarhúsnæðis áður en við hefjumst handa. Sama gildir um atvinnuhúsnæði. Við hefjumst ekki handa fyrr en búíð er að finna leigendur að húsnæðinu. Stefna okkar er að fá 20 prósent ávöxtun á það eigið fé sem við leggjum til fjárfestinga okkar.“

STÆRRA ER BETRA

Í tengslum við fjárfestingarnar í fasteignum sjálfum eru gefnir út skuldabréfaflokkar með veði í fasteignum sem viðskiptavinir Keops kaupa svo í. „Stærsti flokkurinn var 2,5 milljarðar danskra króna (um 26 milljarðar ISK) en við vildum gjarnan hafa flokkanna stærri svo sem tíu milljarða danskra króna. Því stærri og breiðari sem flokkurinn er því betra fyrir okkur og viðskiptavinum okkar. Við sækjumst eftir stórum viðskiptum í starfsemi okkar og því stærri því betri.“ Keops hefur nýlega keypt eignastýringarfyrirtæki með um 16 milljarða í eignastýringu.

Keops var skráð á markað árið 1998. Eignarhaldið var fremur þröngt og Ole Vagner var sem stærsti eigandi meðvitaður um að félagið þyrfti að finna sér samstarfsaðila sem væru tilbúnir að fjárfesta myndarlega í félaginu. Ole talar oft um búðina sína þegar hann ræðir verkefni fyrirtækisins. „Det gör vi i vores butik.“ Hann segir hluta starfseminnar snúa að sölu til einstaklinga, bæði á eignum og svo fjárfestingarkostum. „Baugur hefur mikla þekkingu á slíku og fyrir okkur var mikill fengur að fá samstarfsaðila með þann fjárhagslega styrk sem þeir hafa.“ Hann segir það gefa félaginu kost að

stækka verkefni og gefa út stærri skuldabréfaflokka. „Það er nánast sama vinna að gefa út lítinn skuldabréfaflokk og stóran.“ Hann segir samninga um kaup Baugs í fyrirtækinu hafa gengið vel. „Þetta gekk mjög hratt fyrir sig.“

ATHYGLI FJÁRFESTA

Keops hækkaði mikið á markaði síðasta árið eftir að fagfjárfestar fóru að veita félaginu athygli. „Við höfðum fjárfest í Svíþjóð og þegar vextir lækkuðu græddum við á gengismun og það vakti athygli fagfjárfestis á okkur. Það hafði líka áhrif að það var gefin út greining um fyrirtækið sem mat horfurnar í gengi bréfanna góðar.“

Keops hefur aukið umsvif sín í Svíþjóð að undanförunu og hyggst sækja fram annars staðar en í Danmörku. „Við horfum til að byrja með til nágrannalöndanna. Við viljum nýta þá kosti sem bjóðast í nágrannalöndunum áður en við sækjum inn á aðra markaði.“ Undantekning er fjárfesting í húsnæði á Spáni, en þar er kunnahópurinn sami og í annarri starfsemi Keops, vel staðir Norðurlandabúar. „Það eru margir Norðurlandabúar sem vilja flýja kuldan yfir veturinn. Við einbeitum okkur að Suður Spáni, Tyrklandi og Króatíu. Ole segir að fyrirtækið muni örugglega sækja fram á öðrum mörkuðum í framtíðinni. Hann nefnir Pólland sem sé stór markaður sem eigi væntanlega eftir að verða spennandi í framtíðinni.

Ole Vagner segir boðorð fyrirtækisins ekki þurfa að þvælast fyrir neinum. „Keep it simple,“ segir hann. „Ég kem úr bankaheiminum þar sem stöðugt er sagt við mann „þú mátt ekki.“ Við segjum hér „þú skalt.“ Fyrirtækjamenn okkar eigi að hafa frelsi til að nýta kunnáttu sína og þekkingu. „Hér þekkjast allir viðmiðin sem við höfum og taka ákvarðanir sínar út frá þeim. Í bankanum gat maður einn og óstuddur tekið ákvarðanir um lán upp á milljónir, en ef maður bauð einhverjum út að borða, þá mátti það bara kosta hundraðkall,“ segir Ole Vagner og hlær. „Hér treystum við dómgreind þeirra sem vinna hjá okkur.“

Nokkrar eignir Keops



TÖLUR ÚR REKSTRI KEOPS Í MILLJÓNUM DANSKRA KRÓNA

	2003/2004	2002/2003	2001/2002	2000/2001	1999/2000
Hagnaður fyrir skatta	107,5	23,3	7,3	38,3	64,2
Hagnaður	78,9	12,5	2,8	25,3	42,8
Heildar eignir	2.454	1.263	1.244	1.238	695
Arðsemi eigin fjár	26,9%	4,9%	1,4%	14,5%	30,6%

Pioneer LOEWE. SHARP OLYMPUS NEC Nintendo Nikon QONIX SAMSUNG

Hágæða prentun og ljósritun fyrir allar stærðir fyrirtækja

3ja ára ábyrgð

Öruggar og þægilegar sjóðvélar

SHARP

SHARP AL-1552 Prentari/skanni/ljósritunavél Tilboðsverð: Kr. 59.900

SHARP SHARP PG-B10S Skjávarpri • Birta: 1200 ANSI LUMEN • Upplausn: SVGA 800 x 600 • Þyngd: 2.9 kg Tilboðsverð: Kr. 89.900 m/vsk

SHARP ER-A180 • 10/30 vöruflokkar • Allt að 400 PLU númer • Sjálfvirk dagsetning og tími • Kalkerandi strími • 4 atgreiðslumenn Tilboðsverð: Kr. 28.900 m/vsk

SÍMI: 530-2800 SHARP skrifstofutæki eru flutt í Síðumúla 9

ORMSSON SÍÐUMÚLA 9

Nánari upplýsingar á www.ormsson.is



Freeway

Frá 9-18 kg. (eða frá u.þ.b. 9 mánaða til 3-4 ára.) - Ólar stólsins eru stillanlegar eftir stærð barnsins. Stóllinn er hægt að festa með 2ja eða 3ja punkta belti, helst skal nota 3ja punkta.



TRIO

Hérna er nýjung frá Britax, stóllinn má nota á þrjá vegu: Sem hefðbundinn barnabílstól, fyrir stærri krakka en þá eru belti bílsins notuð og í þriðja lagi sem setu fyrir enn stærri börn.



First Class

Frá 0-18 kíló eða frá fæðingu að 4ra ára aldri. Hægt er að nota bæði fram og bakvísandi. Mjög góður stóll fyrir barn sem er að stækka upp úr ungbarnabílstól.



Rock a Tot

Stóllinn er ætlaður börnum u.þ.b. 13 kílóum eða 9-13 mánaða. Stóllinn er hannaður til að setja ofan á kerru.



Britax

Setjum barnið okkar alltaf í besta sætið

Britax er leiðandi í þróun bílstóla í heiminum í dag, margir bílframleiðendur leita til Britax þegar kemur að hönnun öryggismála yngstu farþeganna

Britax hefur hlotið fjölmargar viðurkenningar fyrir þróun barnabílstóla



Eclipse Si

Frá 9-18 kíló eða frá 9 mánaða til 4ra ára. Ávallt skal passa að ólar séu rétt yfir axlarhæð barnsins. Stóllinn er festur með bæði 2ja og 3ja punkta belti.



Baby Sure

Frá fæðingu til allt að 13 kg. Snýr ávallt baki í akstursstefnu. Stóllinn má aldrei setja í framsæti með öryggisloftpúða.




Hiliner

Britax seta með háu baki. - Ætlaður börnum frá 15-36 kíló eða 4 - 11 ára. Upphækkaða bakið er með sérstökum hliðarstuðningi.



NÝTT



Duo plus.

Frá 9-18 kíló eða 4-9 ára.

ISOFIX er nýr staðall fyrir barnabílstóla og eru festingar þeirra samrýmdar í allflestar bíltegundir sem framleiddar eru í dag. Festingin er beint í grind bílsins. (sjá mynd)



Ranger

Britax seta með baki. - Ætlaður börnum frá 15 - 36 kíló eða 4-11 ára.



Cosy Tot

Frá fæðingu allt að 13 kíló. Stóllinn snýr ávallt baki í akstursstefnu. Stóllinn má aldrei setja í framsæti með öryggisloftpúða.

19887AKT1K 08.05.

Britax

EURO NCAP

Samkvæmt endurskoðunum staði ECE R44/03 Prófað og vottað

Mother & Baby GOLD Award for Excellence

Reynslumesti stóllinn á götunni í dag!





RYANAIR ER ÓSTÖÐVANDI Ryanair er elsta og stærsta lággjaldaflugfélagið sem vex með ævintýralegum hraða þrátt fyrir að kostnaður vegna eldsneytis hafi hækkað hratt. Margir telja að þróunin á lággjaldaflugfélagamarkaði verði Ryanair og easyJet, helsta samkeppnisaðilanum, mjög í hag. Félagum muni fækka og þau stækka.

Flugið *fangar fjárfesta*

Fjárfestingar Íslendinga í lággjaldaflugfélögum nema um fjórtán milljörðum á einu ári. Geirinn vex hratt og ferðalöngum fjölgar. Allir eru sammála um enn frekari vöxt. *Eggert Þór Aðalsteinsson* ræddi meðal annars við þá Almar Örn Hilmarsson og Hannes Smárason, sem hvor með sínum hætti leiða útrásina og kannaði meðal annars stöðu mála í easyJet og Sterling-samstæðunni.

„Vöxturinn hefur nánast allur verið hjá lággjaldaflugfélögum sem eru flest að vaxa árlega um tveggja stafa tölu í farþega fjöldi á meðan hin hefðbundnu vaxa um 0-5 prósent.“

Richard Branson, hinn frægi frumkvöðull, sagði eitt sinn að fyrst verður maður milljarðamæringur og síðan kaupir maður flugfélag. Hvort íslenskir fjárfestar, sem hafa verið duglegir við að fjárfesta í flugfélögum að undanförunu, hafa farið eftir þessari speki Bransons skal ósagt látið.

Undanfarna mánuði hafa Íslendingar fjárfest í lággjaldaflugfélögum fyrir nærri fjórtán milljarða króna. FL Group hefur keypt um þrettán prósent hlut í easyJet, Fons eignarhaldsfélag hefur fest kaup á norrænu lággjaldaflugfélögum Sterling og Maersk Air og hefur ásamt Burðarási fjárfest í Fly Me, sænsku lággjaldaflugfélagi.

Burðarás er svo orðinn næststærstur í Finnair og nemur virði þess hlutar um fjórum og hálfum milljörðum króna.

HEFÐIRNAR VÍKJA

„Þróunin hefur verið sú undanfarin tvö ár að lággjaldaflugfélögin eru að saxa mjög á markaðshlutdeild stórra hefðbundinna flugfélaga eins og British Airways.

Rekstur hinna hefðbundnu félaga snerist að miklu leyti um að ná til sín viðskiptafarþegum á meðan lággjaldaflugfélögin hafa verið að taka til sín kúna sem eru á leið í fri og er sama um þægindin,“ segir Anna M. Ágústsdóttir hjá greiningardeild Landsbankans.

Anna segir að viðskiptafarþegarnir hafi í vaxandi mæli fært sig til lággjaldaflugfélagna og þar með hafa tekjur hinna hefðbundnu flugfélaga minnkað stórlega sem og markaðshlutdeild.

„Við teljum að það verði væntanlega tvö til þrjú lággjaldaflugfélög í Evrópu sem skipti einhverju máli og tvö félög, easyJet og Ryanair, verði meðal þeirra,“ segir Hannes Smárason, stjórnarformaður FL Group. Hannes telur að stóru lággjaldaflugfélögin séu að sýna mjög góðan árangur miðað við aðstæður. Það er fyrirsjáanlegt að easyJet og Ryanair vaxi hratt næstu tvö til þrjú árin. Bæði félögin hafi til dæmis pantað mikið af flugvélum og þar með muni sætaframboð aukast verulega.

ÁFRAMHALDANDI VÖXTUR

„Ég spurði mann að því hversu mörg hefðbundin flugfélög hefðu verið stofnuð í Evrópu á síðast liðnum fimmtán árum. Svarið sem ég fékk var núll,“ segir Almar Örn Hilmarsson, forstjóri Sterling. „Vöxturinn hefur nánast allur verið hjá lággjaldaflugfélögum sem eru flest að vaxa árlega um tveggja stafa tölu í farþega fjöldi á meðan hin hefðbundnu vaxa um 0-5 prósent.“ Af orðum Almars Arnar má ráða að markaðurinn er að vaxa en aukningin fellur að mestu í skaut lággjaldaflugfögunum.

Flestir búast við enn meiri vexti þeirra á kostnað annarra flugfélaga, bílaleigubíla og

rútna. Fargjöld á milli áfangastaða hafi lækkað mikið og fyrir vikið ferðist fólk oftar eins og við Íslendingar upplifum sterkt.

Bent hefur verið á að ein milljóna farþegar fóru á milli Dublin og London á hverju ári fyrir nokkrum árum en nú er fjöldinn kominn í fjórar milljónir.

SKORIÐ Á MILLILIÐI

Viðskiptamódel lággjaldafélaga gengur mik-



FJÓRÐA STÆRSTA LÁGGJALDAFLUGFÉLAGIÐ Stjórnendur Sterli milljónir farþega ferðist með því strax á næsta ári.

TÖLUR UM NOKKUR LÁGFARGJALDAFLUGFÉLÖG

	Farþegar	Farþegaaukning*	Sætanyting
easyJet	2.850.000	+18,0%	88%
Maersk Air	300.000	+25,0%	80%
Ryanair	3.200.000	+29,0%	90%
Sterling	250.000	+6,0%	90%

Tölurnar miðast við Júlí 2005

* Miðað við sama mánuð í fyrra

ið út á það að einfalda hlutina. Skorið er á alla milliliði sem hefðbundin flugfélög skipta við og stærstur hluti af farmiðasölu fer í gegnum netið. Mestu máli skiptir að ná sem bestri nýtingu á vélunum á sem stystum leiðum þar sem flugtíminn er kannski ein til tvær klukkustundir. Með stærðinni lækkar kostnaður á bak við hvert sæti.

Rekstrarumhverfi allra flugfélaga er mjög háð þáttum eins og olíuverði, sem er í hæstu hæðum, og fargjaldapróun.

Innan flugfélagabransans er gjarnan litið til EBITDAR-framlegðar (hagnaðar fyrir afskriftir, skatta og rekstrarleigu flugvéla) sem mælikvarða um árangur í rekstri fremur en EBITDA (hagnaðar fyrir afskriftir og skatta).

Hlutfall Ryanair hefur verið um 35 prósent undanfarnin fjögur ár, um fimmtungur hjá easyJet en 11-20 prósent hjá British Airways, Finnair, FL Group, Air France og Lufthansa. Hlutfallið hjá SAS er vel undir tíu prósentum.

HÁTT OLÍUVERÐ

Olíuverð hefur hækkað gríðarlega á árinu og komið illa við flugfélög. Sum félög eins og Ryanair hafa farið betur út úr þessum hækkingunum vegna fastra eldneystissamninga.

„Þrátt fyrir hækkingu olíuverð þá eru þessi fyrirtæki að ná mjög góðum árangri. Verðið hefur verið að batna og meðalverðið að hækka þótt ekki hafi farið mikið fyrir þeirri umræðu. Það getur verið allt að tífaldur munur á hæsta og lægsta fargjaldi og þegar vélin er að fyllast hækka fargjöldin,“ segir Hannes.

Fargjöld hafa hins vegar farið lækkandi í Skandinavíu á síðustu árum. Almar Örn telur að þau hafi lækkað um fimm til tíu prósent á ári. „Þetta gengur ekki endalaust. Þú borgar ekki fólk fyrir að fljúga.“ Hann bendir á að Sterling bjóði upp á lægsta verðið í Skandinavíu. „Ætli við höfum ekki 500 íslenskar krónur upp úr krafsinu á hvern farþega og það vita allir að flugfélög lifa ekki á því. Ef menn borga 500 krónur þá ættu þeir að fljúga um 100 metra með vélinni.“

VAXA HRAÐAR

Ryanair varð í júlí fyrsta laggjaldaflugfélagið til að flytja yfir þrjár milljónir farþega í einum mánuði. Segir það margt um ævintýralegan vöxt írnska flugfélagsins að þetta er meiri farþegafjöldi en allt árið 1997. „Við stefnum að því að tvöfalda farþegafjölda okkar þannig að árið 2010 munum við flytja sex milljónir farþega á mánuði,“ segir Michael O'Leary, forstjóri Ryanair.

Viðskiptamódel félagsins byggist upp á því að fljúga til flugvalla sem sumir skilgreina sem annars flokks eða varaflygvelli, en önnur félög, eins og easyJet, velja oft þá velli sem skilgreindir eru sem aðalflugvelli.

Ryanair hagnaðist um fimm milljarða á öðrum ársfjórðungi, sem var langt umfram spár, en það var nærri 31 prósent meiri hagnaður en á sama tímabili í fyrra. Tekjur jukust um 35 prósent á sama tíma þrátt fyrir að eldsneytiskostnaður hafi meira en tvöfaldað. Félagið hefur aukin verulega framboð á leiðum og herjar á nýja markaði.

Ryanair kynnti nýlega áætlanir sínar um að hefja innanlandsflug í Svíþjóð sem kemur sér illa fyrir SAS og laggjaldaflugfélögin

Sterling og FlyMe. Michael Cawley, aðstoðarforstjóri Ryanair, spurði þá kotroskinn: „Ef þau [FlyMe og Sterling] geta ekki skilað hagnaði þegar olíuverðið er 25 dalir á tunnu hvernig ætla þau þá að fara að því þegar olíuverðið er 60 dalir?“ Vísaði hann þar til þess að norrænu laggjaldafélögin hafa tapað miklum fjármunum á síðustu árum.

UNDIR SMÁSJÁ ÍSLENDINGA

FL Group hóf að kaupa í easyJet í október þegar gengi félagsins var í sögulegu lágmarki. Þegar easyJet fór á markað árið 2000 var útbodsgengið um 310 pens á hlut og hæst fór það í fimm pund á hlut í mars árið 2002. Áður en Hannes Smárason og félagar skelltu sér í slaginn á haustdögum árið 2004 hafði það tapað tveimur þriðju að verðmæti sínu frá áramótunum áður.

Það kann ekki að koma á óvart þótt áhugi FL Group sé mikill á easyJet. Fjárfestingin hefur skilað miklum ávinningi, enda hafa bréfin meira en tvöfaldað að verðgildi á tíu mánuðum. Talið er að óinnleystur gengishagnaður FL Group sé að minnsta kosti tíu milljarðar króna en heildarfjárfestingin er rúmur átján milljarðar.

EasyJet er byggt upp á góðu viðskiptamódeli, vöxturinn í greininni er mikill og mikil verðmæti eru talin liggja í lendingarleyfum og flugleiðum.

Breski fjölmiðlar hafa fullyrt að undanförunu að litlar líkur séu á yfirtöku. Er þar meðal annars vísað til orða Hannesar Smárasonar við Financial Times að FL Group hafi ekki verið meðal kaupenda í síðustu viku þegar gengi easyJet hækkaði snarlega. Í bresku pressunni er einnig efast um burði FL Group til að taka yfir félag sem er nærri þrefalt verðmætara.

Eftir því sem næst verður komist er enn mikill vilji hjá FL Group að auka hlut sinn í easyJet.

HREYFAST EKKI Í TAKT

Staðan innan stjórnar easyJet er FL Group mjög í hag þótt félagið eigi ekki enn sem komið er stjórnarmann. Ágreiningur er milli stjórnarmanna og hafa tveir sagt skilið við stjórnina á skömmum tíma. Annar þeirra – Colin Day – hafði gert sér vonir um að taka við forstjórastarfinu af Ray Webster sem sagði starfi sínu lausu í maí. Day naut ekki stuðnings meirihluta stjórnar.

Stærstu eigendur easyJet eru Stelios Haji-Ioannou, og tvö systkina hans sem ráða sameiginlega um 40 prósent hlut. Stelios á persónulega um sextán prósent og meðan hann fer með fjórðungshlut með beinum eða óbeinum hætti á hann rétt á því að gegna starfi stjórnarformanns easyJet. Samskipti systkinanna munu vera fremur stíð og ekki er talið óhugsandi að bróðir hans eða systir selji FL Group sinn hlut og geri FL Group að stærsta hluthafanum. Systkinin áttu hluti í bandarísku skipafélagi sem var á endanum yfirtekið. Systkini Stelios seldu hluti sína en Stelios varð eftir og vildi fá hærra verð fyrir sinn eignarhlut.

MJÓR ER MIKILS VÍSIR

Eigendur Iceland Express, Pálmi Haraldsson og Jóhannes Kristinsson Fons, keyptu fyrir á árinu Sterling og Maersk Air. Kaupverð þess fyrnefnda var fimm milljarðar króna en talið er að fyrri eigendur Maersk hafi greitt með félaginu. Sameinað félag mun velta um 60 milljörðum króna á ári og flytja um fimm milljónir farþega.

Almar Örn Hilmarsson segir að mikil hagræðing skapist við það eitt að steypa þessum fyrirtækjunum í eina sæng. „Það skiptir öllu máli í þeirri hörðu samkeppni sem ríkir á þessum markaði að nýta fjárfestinguna sem best og gæta ýtrustu hagkvæmni í rekstrinum,“ sagði Almar Örn sem telur að afkoma félaganna muni batna strax á næsta ári.

Margir hafa velt því fyrir sér hvort Iceland Express verði sameinað Sterling og Maersk og félagið skráð í Kauphöll Íslands. „Það eru engar áætlanir um slíkt en maður á aldrei að segja aldrei. Þetta fyrirtæki ætti miklu frekar erindi inn í kauphallir á Norðurlöndunum,“ segir hann.

Sterling mun líklega efla samstarf sitt við norska laggjaldaflugfélagið Norwegian og Fly Me á ákveðnum leiðum. Á dögum var gerð stjórnarbylting í Fly Me meðal annars að undirlagi Burðaráss og Fons. Almar efast um að Sterling hafi áhuga að eignast Fly Me. „Við erum að fljúga til Gautaborgar og Arlanda þar sem þeir eru með starfsemi. Að sameina þessar leiðir er eitt-hvað sem við gætum skoðað sem fyrsta skref.“



MICHAEL O'LEARY, FORSTJÓRI RYANAIR Heilinn á bak við ævintýralegan vöxt írnska flugfélagsins



STELIOS HAJI-IOANNOU Stofnaði easyJet árið 1995 og er enn stærsti hluthafinn. Hefur sagt að verðið á easyJet sé of lágt.



HANNES SMÁRASON, AÐALEIGANDI FL GROUP Telur að easyJet sé spennandi fjárfestingarkostur. Staða FL Group er talin vera sterk.



ALMAR ÖRN HILMARSSON, FORSTJÓRI STERLING. Vöxturinn hefur nánast allur verið hjá laggjaldaflugfélögum



RICHARD BRANSON, EIGANDI VIRGIN-SAMSTEYPPUNNAR Fyrst er að verða vellauðgugur, þá er hægt að kaupa flugfélag



og Maersk áætla að velta félagsins verði 60 milljarðar og fimm

AURASÁLIN

Enginn gróði af lágu verði

Aurasálin hefur velt því mikið fyrir sér hvernig Bónusfeðgar urðu jafn ríkir og raun ber vitni. Þar sem Aurasálin er svo rík að eiga stóran hóp barna sem öll hafa erfð dagnað og útsjónarsemi foreldra sinna, ber hún nokkurn hlýhug til þeirra feðga. Þeir lækkuðu matarreiðing fjölskyldunnar svo um munaði og vandséð að Aurasálin hefði nokkurn tímann tekið sér sumarfrí ef Bónus hefði ekki verið stofnað.

Hitt er gjörsamlega óskiljanlegt að þeir sem seldu vörurnar ódýrara en hinir hafi orðið svona ríkir. Eða öllu heldur er það gjörsamlega hulin ráðgáta hvers vegna þeir sem seldu sömu vöruna á mun hærra verði skuli ekki vera í dag miklu ríkir en þeir feðgar. Manni finnst nú ekki ofrausn að einhverjir af þessum fræðingum sem Aurasálin hefur kostað til náms með skattþeningum sínum, skýri þetta fyrir íslenskum almenningi í eitt skipti fyrir öll. Aurasálin vill þó ekki draga þá ályktun að það hafi verið með svindli, enda verður að viðurkennast að tilraunir til þess að lesa ákærur á hendur Baugsmönnum mistókust. Það þyrfti nú að senda lögfræðinga á námskeið í því að segja það sem þeir eru að hugsa á máli sem einhverjir aðrir skilja.

Nú er það svo að Aurasálin telur það almennt siðlaust að fólk græði meira en sem nemur sanngjörnum launum fyrir atorku sína og dugnað. Þau laun þarf svo sem ekkert að skera við nögl, en það er auðvitað í meira lagi undarlegt að menn verði milljarðamæringar af þessu öllu saman.

Annars var frændi Aurasálarinnar sem er býsna glúrin og hefur verið að græða eitthvað á því að gera ekki neitt á því að þetta væri pappírshagnaður. Hann skýrði þetta ekki mikið nánar, en Aurasálin er sannfærð um að pappírshagnaður geti ekki verið mjög góður hagnaður. Pappír er mjög forgengilegt efni og þolir hvorki vætu né sól. Aurasálin dregur því þá ályktun að þetta muni allt hrynja. Líka hjá Bónusfeðgum sem geta augljóslega ekki hafa grætt á því að selja vöruna ódýrara en hinir. Það bara gengur ekki upp.

Hvað hina varðar sem seldu vörurnar dýrara en Bónus, þá er tími til kominn að einhver atorkusamur rannsóknarblaðamaður eða yfirvöld sjálf fletti ofan af því hvort þessir menn hafi ekki komið fúlgum fjár undan og eigi þá nú í svissneskum bönkum. Aurasálin verslaði stundum við Kaupfélagið sem seldi vörur á hærra verði en Bónus. Sambandið fór á hausinn og Aurasálin er viss um að þar hljóti peningar að hafa horfið til útlanda með dularfullum hætti. Útilokað er annað en að þeir hafi verið að græða, því vöruverðið var hátt og menn græða á því að kaupa ódýrt og selja dýrt. Ekki satt?!

Tekur golfið fastari tókum

Þórður Friðjónsson hefur verið forstjóri Kauphallarinnar síðustu þrjú og hálf ár og má segja að íslenskt viðskiptalíf hafi teygst sig langt yfir hafið á þeim tíma. Þórður hitti *Dögg Hjaltalín* í hádegisverði sem snæddur var á Vox. Þangað kemur Þórður stundum enda stutt að fara frá Kauphöllinni. Boðið er upp á hlaðborð í hádeginu sem samanstendur af súpu og brauði, nokkrum léttum og framandi aðalréttum og efitréttum. Greinilega fellur þetta hlaðborð vel í kramið því nokkuð þétt setið var í hádeginu á mánudegi. Þórður ræddi um það efsta á baugi í Kauphöllinni ásamt því sem helstu áhugamál hans bar á góma.

Fyrst ber á góma sumargleðina sem hefur ríkt í Kauphöllinni. Mikil viðskipti hafa verið með hlutabréf að undanförunu og Úrvals-vísitalan hefur náð nýjum hæðum. Þórður segist mjög ánægður með hvernig málin hafi þróast og segir ekki endilega samhengi milli þess að fyrirtæki hækki mikið í verði á skömmum tíma og að þau séu orðin of dýr. „Fyrirtækin sem hafa verið að hækka í verði eru þau sem eru að vaxa erlendis. Mér finnst rangt að vega og meta verð á grundvelli þess að vísitalan hafi hækkað og þess vegna hljóti hún að lækka.“ Þórður bendir þessu til sönnunar á ýmsa mælikvarða til að leggja mat á verð fyrirtækja miðað við tölur úr rekstri þeirra. „Við nánari skoðun kemur í ljós að ekki er um augljós bóluveikni að ræða eins og árin 2000 og 2001. Við gætum verið með eitthvað yfirverð en hugsanlegt er að það haldi sér á þeim grunni að fyrirtækin séu að ná fótfestu erlendis og festa sig í sessi.“

Þórður segir vikuna fyrir og eftir verslunarmannahelgina oftast hafa verið daufustu vikurnar í Kauphöllinni og september og október séu yfirleitt langbestu mánuðirnir. „Þá koma menn endurnærðir úr sumarfríunum og uppfyllir af orku.“

GÆTIR JAFNRÆÐIS

Þórður á fjögur börn og svo skemmtilega vill til að þau vinna öll hjá mismunandi fjármálafyrirtækjum. Steinn dóttir hans vinnur hjá Íslandsbanka, Sigríður dóttir hans hjá Tölvumiðstöð sparisjóðanna, Friðjón sonur hans hjá Landsbankanum og Haraldur hjá KB banka. „Þetta er mjög vel dekkjað hjá mér og augljóslega fyllsta jafnræðis gætt.“

En Þórður á ekki bara áhuga á fyrirtækjum og fjármálum sameiginlegan með börnum sínum heldur stundar hann einnig áhugamál sín með þeim. Hann segir það vera fastan lið hjá sér að fara í veiði með sonum sínum. „Við höfum veitt töluvert saman og ég hef mjög gaman af því.“ Hann stundar fluguveiði og segist fara tvisvar til fjórum sinnum á ári. „Ég er ekki svo heltekinn að ég þurfi að fara vikulega.“

Þórður er einnig nýbyrjaður að stunda golf en segist ekki vita hvort hann sé kominn með bakteríuna. Kveikjan að golfáhuga Þórðar var sú að hann tók þátt í þremur mótum síðasta sumar en hann hafði aldrei slegið kúlu áður. „Í fyrsta mótinu var ég nokkuð ánægður með mig en svo í næstu tvö skipti gekk illa og ég hitti boltann einungis af og til. Ég ákvað því að taka þetta fastari tókum, hef verið að æfa mig að slá bolta og fá leiðsögn golfkennara. Það er allt annað líf.“

Þórður hefur einnig stundað hestamennsku og nýlega fór hann í þriggja daga hestaferð. Hann hefur farið nær árlega í vikufélag um hálendið en segir sig ekki vera hestamaður. „Mér finnst of kalt til að vera á hestum á veturna þannig að ég er svona sumarhestamaður. Sumarið hefur verið ágætt, ég hef bæði stundað fluguveiði, golf og hestaferðir.“

Þórður á fjögur börn og svo skemmtilega vill til að þau vinna öll hjá mismunandi fjármálafyrirtækjum... „Þetta er mjög vel dekkjað hjá mér og augljóslega fyllsta jafnræðis gætt.“



SUMARHESTAMAÐUR Þórði finnst of kalt til að vera á hestum á veturna þannig að hann segist vera svona sumarhestamaður.

FYRRVERANDI EFNAHAGSRÁÐGJAFI

Þórður er með meistaraþróf í hagfræði frá Queens háskólanum í Kanada en þar áður lærði hann hagfræði í Háskóla Íslands. Eftir nám starfaði hann sem hagfræðingur hjá félagi íslenskra iðnrekenda í tvö ár ásamt því að kenna við Háskólann. Þórður starfaði svo sem efnahagsráðgjafi forsætisráðherra tvö kjörtíma-

bil, var ráðuneytistjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti í tvö ár og áður en hann tók við sem forstjóri Kauphallarinnar stýrði hann Þjóðhagsstofnun. „Ég óx upp í og kem úr svoltið öðru umhverfi en ég starfa nú í. Fjármálin voru samt alltaf ofarlega á dagskrá því ég ætlaði í doktorsnámmám sem blandaði saman fjármálum og hagfræði eftir masterinn og á þeim tíma þótti það óvenjulegt.“

Þórður hefur þó ekki alveg sagt skilið við skólabeðinn því í sumar sótti hann námskeið hjá Harvard Business School. Í framhaldi af því eru staddir hér á landi tveir prófessorar frá Harvard til að búa til verkefni (case) um kauphöllina. „Verkefnið er ekki hefðbundið verkefni með svörum heldur er því ætlað að velja upp hvað gæti gerst á næstunni. Eiga kauphallir til dæmis eftir að sameinast? Koma hingað erlend fyrirtæki áfram og erlendir fjárfestar? Þetta er

mjög skemmtilegt viðfangsefni því framtíðin er svo spennandi.“

ERLENDIR FJÁRFESTAR PRÓFRAUN

Þórður segir íslenskt viðskiptalíf hafa tekið stakkaskiptum á síðustu árum. „Þegar ég ræði við útlendinga þekka þeir oftast ágætlega til mála sem eru efst á baugi hér í viðskiptalífnum og geta jafnvel nefnt nokkur fyrirtæki á nafn.“

Honum finnst erlendir fjárfestar skipta höfuðmáli til að íslenski markaðurinn verði virkilega öflugur markaður. Til að vera í fremstu röð þurfi erlenda fjárfesta til að dýpka verðmyndun. „Ef við gerum hlutina vel þá getur okkur tekist þetta.“

Þórður segist hafa lagt mikla áherslu á að íslensk fyrirtæki væru spennandi fyrir erlenda fjárfesta frá því að hann tók við taumunum í Kauphöllinni. Hann segist til að mynda hafa lagt mikla áherslu á að fyrirtæki skilðu öllum tilkynningum frá sér samtímis á íslensku og ensku. „Við þurfum ekki að lúta í gras þegar við berum okkur saman við aðrar kauphallir á Norðurlöndunum þegar kemur að þessum efnum.“

Hann segir það eiga eftir að hafa úrslitaáhrif á þróun íslensks verðbréfamarkaðar hvort hingað sæki erlendir fjárfestar. Nú þegar hafi íslenskum fyrirtækjum tekist að verða alþjóðleg og meirihluti tekna margra komi eingöngu erlendis frá. „Það eina sem vantar upp á er alþjóðlegur hluthafahópur.“

Með áframhaldandi bjartsýni, dugnaði og metnaði telur Þórður að allir vegir séu færir, hvort sem er í viðskiptunum eða golfinu.

HÁDEGISVERÐURINN

Með Þórði Friðjónssyni

forstjóra Kauphallarinnar

Hádegisverður fyrir tvo á Vox Restaurant á Nordica

Hádegisverðarhlaðborð fyrir tvo

Drykkir

Pepsi Max

Kaffi

Tvöfaldur espresso

Humarhúsið

Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is



Creative kennir Apple um tap Keppinautar Apple viðurkenna að Ipodinn sé í algerum sér- flokki. Svo virðist sem neytendur velji útlit framur gæðum.

Creative Technology tapaði rúmum tveimur milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi. Creative framleiðir stafræna tónlistarspilara og hefur ekki tekið að halda í við Apple sem hefur algera yfirburði á markaðnum.

Ekkert lát virðist hins vegar vera á velgengi Ipodins frá Apple. Hagnaður fyrirtækisins nam á öðrum ársfjórðungi rúmum tuttugu milljörðum króna.

Creative Technology hefur tekið þann pól í hæðina að leggja mesta áherslu á tæknilegu hliðina á meðan Apple leggur megin áherslu á útlitið. Þá hefur verðstríð geysað á markaðnum og hefur Creative orðið illa úti.

Meira að segja keppinautar Apple viðurkenna að Ipodinn hafi algera yfirburði þegar kemur að útliti, Apple vörumerkið sé í sérflokk: „Þetta snýst

allt um vörumerkið. Hönnunin hjá Apple er í algerum sérflokk, þeir eru eins og Nokia á farsímamarkaðnum hvað það varðar“, sagði starfsmaður Creative sem ekki vildi láta nafns síns getið. -jsk

ZEN-SPILARI FRÁ CREATIVE Creative spilaramir þykja ekki síðri en Ipodinn frá Apple. Ipodinn hefur hins vegar yfirburði er kemur að hönnun og útliti.



Gallar í Windows

Microsoft hefur gefið út viðvörðun um þrjú galla í nýjustu útgáfu Windows-stýriforrítsins. Alvarlegasta gallann er að finna í Internet Explorer-vafranum og gætu óprúttir aðilar nýtt sér hann til að yfirtaka tölvu viðkomandi notanda.

Microsoft hvatti notendur í yfirlýsingu til að hala niður endurbótum á Windows sem eiga að koma í veg fyrir að hægt sé að nýta sér öryggisgallana til illra verka.

Microsoft hefur

BILL GATES, STJÓRNARFORMAÐUR MICROSOFT Tilkynnt hefur verið um þrjú galla í nýjustu útgáfu Windows-stýriforrítsins. Gates og félagar hafa lagt ríka áherslu á að auka öryggi tölvunotenda.



undanfarið þrjú ár lagt ríka áherslu á að auka öryggi Windows-forrísins. Það virðist þó ekki ganga sem skyldi því æ fleiri vírusar og gallar herja á stýrikerfið. Rúmlega níutíu prósent tölvunotenda notast við Windows. -jsk

Kattardýr á Atkins-kúrnum

Kattardýr finna ekki bragð af sætum mat og kjósa því heldur að nærast á kjöti og fiski, samkvæmt niðurstöðum bandarískra vísindamanna. Ástæðuna má rekja til stökkbreytingar sem gerir það að verkum að litningur sem finna á bragð af sætum mat virkar ekki sem skyldi.

Þetta er afar óvenjulegt með-

al spendýra og hafa vísindamenn lengi velt ástæðunni fyrir sér. Teymi bandarískra vísindamanna telur sig nú hafa fundið svar við gátunni: „Kattardýr, hvort sem um er að ræða heimilisketti, tígrisdýr eða hlébarða, finna einfaldlega ekki bragð af sætum mat og fúlfa því við honum,“ sagði Leslie Stein sem leiddi rannsóknina. -jsk

Ferðamenn til tunglsins

Bandarískt fyrirtæki hyggst bjóða ferðamönnum upp á tunglferðir. Plássið kostar 6,5 milljarða króna.

Brátt verður ferðamönnum gert kleift að ferðast til tunglsins. Bandaríska fyrirtækið Space Adventures hefur lýst því yfir að árið 2008 muni tveir ævintýraþyrstir geimferðamenn fara á vegum fyrirtækisins til tunglsins.

Flogið verður með rússneskri Soyuz-geimflug og verður ekki lent á tunglinu heldur mun tunglfarið svífa um sporbaug þess. Space Adventures hefur áður sent tvo ferðalanga út í geim og mun sá þriðji, Bandaríkja- maðurinn Greg Olsen, taka á loft í

október á þessu ári. Hver um sig borgaði um 1,2 milljarða íslenskra króna.

Það er því ljóst að geimferðir eru ekki á færi meðalmannsins en áætlað er að tunglferðamennirnir þurfi að greiða um 6,5 milljarða króna fyrir herlegheitin.

EKKI hefur verið flogið til tunglsins síðan geimskutlan Apollo 17 lenti þar árið 1972. Alls hafa 24 geimfarar komið til tunglsins og hefur helmingur þeirra stigið þar niður fæti. -jsk



GEIMSKUTLAN DISCOVERY Frá og með árinu 2008 geta ferðamenn keypt sér tunglferðir. Alls hafa 24 menn komið til tunglsins og helmingur þeirra stigið þar niður fæti.

Er einhver í þínu fyrirtæki sem heldur að skást sé best?



og

vodafone

Hafðu samband við **fyrirtækjaráðgjöf Og Vodafone** í síma 599 9500 eða sendu tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is

Heyrumst!

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Íslenskir fjárfestar hafa séð tækifæri sem liggja í breytingum á flugrekstri í heiminum:

Flug og díll

Hafliði Helgason

Fræg eru orð Richard Bransons eiganda Virgin-veldisins: „Fyrst er að verða vellauðugur, þá er hægt að kaupa flugfélag.“ Ástæðan er væntanlega sú að sögulega er rekstur flugfélaga afar sveiflukenndur og miklir fjármunir geta tapast á skömmum tíma ef á móti blæs. Þeir Íslendingar sem að undanförunu hafa fjárfest í flugfélögum verða því ekki sakaðir um áhættufælni.

Venjan er sú að þegar menn takast á við ögrandi verkefni, þá eru alltaf nógir til að bera upp hrakspárnar. Leitun er að þeim frumkvöðlum sem ekki máttu þola mikla vantrú á áætlanir sínar í upphafi. Það er gott að spyrja að leikslokum og spennandi verður að fylgjast með þróun flugrekstrar á næstu mánuðum.

Margir eru þeirrar skoðunar að FL Group muni á næstu mánuðum stíga frekari skref í átt til þess að kaupa easyJet sem er eitt öflugasta lágjaldaflugfélag í Evrópu. Stjórnarformaður FL Group er framsækinn og ýmsir óttast að hann fari of hratt yfir. Flugfélagið Icelandair skiptir vissulega miklu máli fyrir þjóðarbúið. Ferðatíðni til og frá landinu hefur ráðið úrslitum fyrir alþjóðavæðingu íslensks viðskiptalífs. Að sigla er nauðsyn, sögðu Rómverjar á sinni tíð. Í nútímanum hefur flugið sömu stöðu og siglingar áður. Íslendingar eiga sín tímabil einangrunar frá umheiminu. Þau tímabil voru hrörnunartímar í sögu þjóðarinnar. Eins og samskipti við annað fólk þroska einstaklinga, þá þroskast þjóðir í samskiptum við aðrar þjóðir.

Leiða má líkum að því að viðskiptahættir og hugmyndir í viðskiptalífnum hafi tekið framförum hér á landi vegna vaxandi þekkingar á háttum annarra og viðskiptum við þá. Fyrir utan hrein viðskiptataækifæri sem af þeim hafa hlotist.

Framsækin stefna og útrás FL Group þarf ekki á nokkurn hátt að ógna þeirri uppbyggingu sem orðin er í leiðakerfi Flugleiða í Keflavík. Þvert á móti gætu slíkar fjárfestingar opnað enn fleiri tækifæri fyrir Íslendinga og íslenska athafnamenn í framtíðinni. Viðskipti eru skapandi. Þar ná þeir lengst sem fá bestu hugmyndirnar og hafa kraftinn og þekkinguna til að vinna úr þeim. Leikvöllur viðskiptanna hefur aldrei verið stærri en nú og á þeim velli fara saman hættur og tækifæri.

Ef vel gengur gætu Íslendingar átt og rekið þrjú öflug flugfélög með ólíkar áherslur í starfsemi sinni: FL Group, Avion Group og Sterling/Iceland Express. Sú þróun sem nú er í uppbyggingu flugrekstar á sér helst samsvörun í starfi þeirra manna sem stofnuðu Flugfélag Íslands og Loftleiðir. Þá skorti ekki úrtöluraddir og hrakspár, þegar ungir og djarf huga men rufu einangrun landsins með því að hefja flug milli Íslands og annarra landa. Vonandi mun uppskera þeirra sem nú taka flugið í viðskiptum verða góð og að Ísland verði áfram í miðju heimsins í tengingu milli heimsálfanna.

bjorgvin@markadurinn.is | dogg@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is
hafliði@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is

Líflegur verðbréfamarkaður

ORD Í BELG

Jafet Ólafsson,
framkvæmdastjóri
Verðbréfastofunnar



þá sem síðar vilja koma.

Oft er spurt: Eru ekki öll tækifæri til yfirtöku og samruna búin, hvar getur þetta endað?

Markaðurinn hefur aldrei sagt sitt síðasta orð, hér gilda lögmál framboðs og eftirspurnar. Tækifæri eru fyrir hendi og verða það um ókomin ár. Tæknibreytingar einar og sér kalla á nýjar lausnir, landmæri hverfa, heimurinn er eitt markaðssvæði.

Frá áramótum 2004/2005 hefur vísitalan í Kauphöllinni hækkað um 32 prósent og finnst mörgum nóg um, sérstaklega þegar litið er til fjármálafyrirtækjanna sem mörg hver hafa hækkað um 50 prósent og þar yfir. Hækkunirnar eru til marks um mikla grósku í íslensku viðskiptalífi og góða afkomu flestra fyrirtækja. Þessar hækkunir eru ekkert einsdæmi þegar litið er til markaða í Evrópu. Verðbréfastofan hefur um árabil selt nokkra sjóði frá Carnegie-fyrirtækinu. Flestir Evrópusjóðirnir hafa hækkað um

tæp 30 prósent frá áramótum. Frændur vorir Norðmenn hafa verið að gera það gott, hlutabréfamarkaðurinn þar hefur hækkað um 28 prósent, olíufyrirtæki þeirra hafa hækkað langt umfram þá tölu. Íslenskir fjárfestar ættu að líta meira til norska markaðarins.

En hver verður þá framvindan á íslenskum hlutabréfamarkaði? Það er erfitt að spá um veðrið og sama má segja um hlutabréfamarkaðinn. Eitt er víst að veltan verður áfram góð.

Af stærri málum verður fróðlegt að fylgjast með hvort og þá hvenær Straumur selur sinn stóra hlut í Íslandsbanka, KB banki er í mikilli útrás, kaupir bankinn fjármála eða tryggingafyrirtæki í Noregi, KB banki eignaðist stóran hlut í Símanum fyrir um tveimur vikum. Eflaust ætla bankinn að selja stóran hlut aftur til almennings í landinu og horfir örugglega til hlutafélagsins Almennings ehf. sem Orri Vigfússon og Agnes Bragadóttir stofnuðu.

Reikna má með því að nýtt félag, Avion group, verði skráð öðru hvoru megin við áramót. Hljótt hefur verið um sjávarútveginn, fyrirtækjum í þeirri grein fækkað verulega í Kauphöllinni en í þessari grein eru enn möguleikar á töluverðum samruna og útrás.

Það er áreiðanlegt að áfram verður líflegt á verðbréfamarkaði.

Viðskipti eru skapandi. Þar ná þeir lengst sem fá bestu hugmyndirnar og hafa kraftinn til að vinna úr þeim. Leikvöllur viðskiptanna hefur aldrei verið stærri en nú og á þeim velli fara saman hættur og tækifæri.



Markaðurinn hefur aldrei sagt sitt síðasta orð, hér gilda lögmál framboðs og eftirspurnar. Tækifæri eru fyrir hendi og verða það um ókomin ár. Tæknibreytingar einar og sér kalla á nýjar lausnir, landmæri hverfa, heimurinn er eitt markaðssvæði.

UM VÍÐA VERÖLD

Viðskiptafrelsi kostar

Financial Times | Robert Hunter Wade, hagfræðiprófessor við London School of Economics og greinahöfundur Financial Times, segir það ekki borðleggjandi að aukið viðskiptafrelsi bæti hag þróunarríkja. Mikil hreyfing hefur á síðustu misserum skapast í kringum þetta baráttumál og hafa bæði poppstjórnur og pólitikar lagt því lið.

Þá hefur Alþjóðabankinn stutt það eindregið að ríkari lönd losi um viðskiptahömlur gagnvart þróunarlöndum. Wade segir þessa miklu samstöðu byggja á því að tekjur þróunarlanda aukist til muna verði viðskiptahindranir felldar niður. Þetta telur Wade rangt og að samkvæmt útreikningum Alþjóðabankans muni samanlagðar tekjur þróunarlanda aðeins aukast um 0,6 prósent verði hindranir felldar niður að fullu. Þessi 0,6 prósent segir hann skiptast afar ójafnt milli landa og að flest þeirra muni koma til með að tapa á ósköpunum.

Vill ekki heyra minnst á olíuverðið

Forbes | „Það er ekkert orsakasambandi milli olíuverðs og gengis hlutabréfa,“ segir Kenneth L. Fischer í Forbes. Fischer segir það verða æ algengara að fjölmiðlum takist að búa til goðsagnir sem ekki standist nánari skoðun.

Ein þessara goðsagna sé sú að hækkun olíuverðs valdi sjálfkrafa lækkingu hlutabréfa. Hann segir hins vegar ekkert hæft í þessu, og að samkvæmt tölfærðirannsóknunum megi sýna fram á að minna en eitt prósent breytinga sem verða á gengi hlutabréfa megi skýra með breytingum á olíuverði. Hann segir það sama gilda um verð á gulli, gengi dalsins, gengi vísitalna, svartisýni eða bjartisýni neytenda og fjárfesta: „Fjárfestar eiga ekki að fyllast örvertingu þegar breytingar verða á þessum þáttum. Kaupið góð hlutabréf og varðveitið þau, sama hvað fjölmiðlar segja.“

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRN: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Dógg Hjaltalin, Eggert Þór Aðalsteinsson, Jón Skafason AUGLÝSINGASTJÓRN: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSIÐI: 550 5000 SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðurinn er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efnisbásins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

Verslaðu við traustan aðila!

LEIGJUM TJÖLD

sem henta við öll tækifæri!



Fyrir brúðkaup, ættarmót, afmæli, party og alls konar samkomur. Hafðu samband og við gerum þér tilboð!

OPID:
virka daga kl. 9-18
laugardaga kl. 12-16



EYJARSLÓÐ7 • SÍMI 511 2200 • www.seglagerdin.is

Tíu ár frá netbólunni

Í vikulegu fréttabréfi frá MP fjárfestingarbanka er fjallað um stöðu evrunnar gagnvart bandaríkjadal. Þar segir að almennt virðist gjaldeyrismiðlarar erlendis frekar hallast að enn frekari gengisstyrkingu evrunnar ef lítið sé til næstu 12 mánaða. Efnahagstölur í Bandaríkjunum undanfarið hafi heldur ekki hjálpað til við að koma í veg fyrir áframhaldandi styrkingu evrunnar gagnvart bandaríkjadal og beri helst að nefna aukinn viðskiptahalla. Í MP Molum segir að því verði fróðlegt að sjá á næstu misserum

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

hvort evran haldi áfram sínu striki og reyni við ný met á árinu.

Í Morgunkornum Íslandsbanka segir að spenna hafi myndast á vinnumarkaði og atvinnuleysi fari minnkandi um þessar mundir. „Lágt atvinnuleysisstig mun sennilega auka þrýsting á laun og verðbólgu á næstu misserum. Skráð atvinnuleysi reyndist tvö prósent af vinnuafla í júlí samkvæmt tölum sem Vinnuálastofnun birti síðastliðinn föstudag. Er það lækk-

un um 0,1 prósentustig frá fyrra mánuði, en miðað við sama tíma í fyrra er skráð atvinnuleysi nú prósentustigi lægra. Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi er um 2,1 prósent og stendur í stað á milli mánaða en það hefur minnkað um nálega þriðjung frá liðnu hausti,“ segir í Morgunkornum.

Framboð lausra starfa dróst nokkuð saman í júlí frá fyrra mánuði, úr 1683 störfum í 1506, en það er þó nær tvöfalt meira en á sama tíma í fyrra, þegar laus störf voru 801 talsins. Um 20 prósent þessara starfa eru á höfuðborgarsvæðinu, en tæp-

lega 40 prósent á Austurlandi. Líkur eru þó á að stór hluti lausra starfa fyrir austan verði mannaður af erlendu vinnuafla innan tíðar. Lausum störfum fækkaði á milli mánaða um 170 á höfuðborgarsvæðinu og um sjö á landsbyggðinni. Vinnuálastofnun telur að atvinnuleysið breytist lítið í ágúst og verði aftur á bilinu 1,8 prósent til 2,2 prósent af vinnuafla.

Í Hálfmífréttum KB banka er sagt frá 10 ára afmæli netbólunnar eða réttara sagt tíu ár eru liðin frá hlutafjárútbóði Netscape. Það var talið marka upphaf netbólunnar miklu sem sprakk með látum árið 2000. Fram að útbóði Netscape höfðu

félög sem sóttust eftir skráningu á markað þurft að sýna mikinn tekjuvöxt í þrjá fjórðunga og aukinn hagnað eða hagnaðarmöguleika áður en hlutafjárútbóð fór fram. Þetta breyttist hins vegar allt með útbóði Netscape. Félagið hafði að vísu tvöfaldað tekjur sínar síðustu tvo fjórðunga fyrir útbóðið en engu að síður aldrei skilað hagnaði. Skemmtilegt dæmi er tekið í Hálfmífréttum KB banka um hversu mikill áhugi var fyrir útbóðinu. Þegar hringt var í verðbréfafyrirtækið Charles Schwab sagði símsvarinn: „Velkomin til Charles Schwab. Ef þú hefur áhuga á Netscape útbóðinu, ýttu á einn“.



SPÁKAUPMAÐURINN

Easy does it

Ég verð sannfærðari um það með hverjum deginum að Hannes Smárason hefur bara eitt lokatakmark með eignarhlutum í easyJet. Það er að eignast félagið að fullu. Hann má hins vegar ekkert tala um það, en hann verður alltaf skríttinn á svipinn þegar maður spyr hann út í þetta. – Ég þekki hann smá í gegnum sameiginlegan kunningja. Ég held að Hannes veðji á ósætti milli systkinanna sem eiga easyJet og muni ná yfirhöndinni innan tíðar.

Í það minnsta hélt ég áfram að kaupa í easyJet í vikunni og reyndar í FL Group líka. Ég hef ennþá trú á því að markaðurinn hér heima eigi eitthvað inni. Bankarnir eru enn á fullu við að koma peningum í vinnu og varla til sá jólasveinn sem eitthvað hefur grætt á uppsveiflunni að hann sitji ekki á fundum með fyrirtækjasviðum bankanna með einhverja fjárfestingaráætlun í útlöndum. Danmörk er greinilega í uppáhaldi og ég heyrir sífellt fleiri bölv því að hafa ekki sinnt skóladönskunni betur. Heyrði meira að segja einn flytja

hjartnæma ræðu fulla af eftirsjá um hvað hann hefði verið andstyggilegur við dönskukennarann sinn. – Hann var reyndar dálítið fullur. Ef Danir fara ekki að taka sig á í eigin viðskiptalífi, þá munu Íslendingar kaupa Danmörku innan tíu ára. Ég legg reyndar til að lesendur klippi út þennan pistil og hafi hann á ískápnnum hjá sér næstu tíu árin.

Ef ég væri ráðgjafi ömmu minnar í fjárfestingum – sem ég er ekki – þá myndi ég ráðleggja henni að halda bréfunum í bönkunum eitthvað lengur. Ég sagði um daginn við félagið minn að Landsbankinn ætti auðveldlega inni gengið 22 og að Íslandsbanki ætti líka smá sveiflu upp. Eina ástæðan fyrir því að ég geng ekki um bæinn og segi það sama um KB banka er að hann er orðinn svo stór að íslenski markaðurinn ræður varla við hann lengur.

Maður hittir alltaf einn og einn sem eru að spá þessu öllu niður. Helst eru þetta einhverjir háskólakennarar sem aldrei hafa hagnast á nokkrum hlut. Ekki einu sinni því að mennta sig. Ef maður hefði alltaf hlustað á vel menntaða úrtölumenn, þá ætti maður ekki það sem maður á í dag.

Spákaupmaðurinn á horninu

LLOYD

STEINAR WAAGE
SKÖVERSLUN

NÝ SENDING AF DÖMU OG HERRASKÓM...

LLOYD

SMÁRALIND (551 8519) - KRINGLAN (568 9212)

Viltu sjá BBC eða CNN beint um gervihnött? Þá höfum **VIÐ** búnaðinn.

Verð frá **16.900,- stgr.**

- Smart FTA móttakari,
- 65 cm stáldiskur
- 0,3dB stafrænn nemi.

Leiðandi í

- loftnetskerfum
- mögnurum
- tenglum
- loftnetum
- gervihnattadiskum
- móttökurum
- örbylgjunemum
- loftnetsköplum

ÖREIND
Auðbrekka 3 - Kópavogur
sími: 564 1660

www.oreind.is

FÓLK Á FERLI

PORSTEINN ÖRN GUÐMUNDSSON hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri stefnumótunar og viðskiptaþróunar hjá FL Group.



Meðal viðfangsefna sviðsins eru stefnumótun samstæðunnar, nýsköpun og viðskiptaþróun innan sem utan fyrirtækisins. Þorsteinn Örn hefur starfað hjá FL Group í tæpt ár sem forstöðumaður viðskiptaþróunar, en var áður ráðgjafi hjá alþjóðlega ráðgjafafyrirtækinu McKinsey & Co. í Skandinavíu og Singapore á árunum 1999 - 2004 og starfaði sem slíkur í þágu fjölmargra alþjóðlegra fyrirtækja. Þorsteinn Örn lauk mastersprófi (M.Sc.) í byggingaverkfræði frá Tækniháskólanum í Kaupmannahöfn (DTU) árið 1999.

MARK KEATLEY hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri fjármálasviðs Actavis Group og mun taka sæti í framkvæmdastjórn fyrirtækisins.



Mark var áður framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Farmar SA, í London, leiðandi framleiðanda á lyfjum til þriðja aðila í Evrópu, þar sem hann hefur starfað frá árinu 2002. Áður en hann hóf störf hjá Farmar var hann framkvæmdastjóri fjármálasviðs Ardana Bioscience Limited í Edinborg frá 2001-2002 og Ashanti Goldfields Company Limited í Accra, Ghana frá 1994-2000. Mark hefur MBA gráðu frá Stanford Business School, í Bandaríkjunum, og útskrifaðist með M.Phil. gráðu í alþjóðasamskiptum og MA gráðu í sögu frá Cambridge University, í Bretlandi. Hann er löggiltur endurskoðandi í Bretlandi, þar sem hann er meðlimur í félagi endurskoðenda þar í landi.

HANS BRAGI BERNHARDSSON hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Enex-Kína.



Meginverkefni Enex-Kína eru á sviði jarðhitavinnslu, en félagið er í samstarfi við þarlanda um þróun og uppbyggingu hitaveitna. Sem stendur er m.a. unnið að undirbúningi hitaveitu í borginni Xianyang í Shaanxi héraði. Ennfremur vinnur Enex-Kína að útvegum og sölu búnaðar frá Kína til Evrópu. Hans Bragi mun hafa aðsetur og meginstarfsstöð í Beijing. Hans Bragi lagði stund á nám í sagnfræði við Háskóla Íslands og kínversku við Beijing Language Institute í Beijing og lauk þaðan BA prófi í kínversku árið 2000. Hann hefur síðan m.a. starfað hjá sendiráði Íslands í Beijing og hjá Icelandic China (dótturfélagi SH) í Qingdao.

Sameinar leik og lærdóm

Börn frá þriggja ára aldri hafa tækifæri á að eignast sína eigin leikjavél með tækni sem 3-plus hefur þróað. Tæknin breytir venjulegum dvd-spilara í leikjavél. Með aðstoð dvd spilara geta börnin þannig spilað gagnvirka og þroskandi leiki á sérstakt tæki en leikurinn sjálfur birtist á sjónvarpsskjá. *Dögg Hjaltalín* kynntist fyrirtækinu betur.

Ingólfur Garðarsson, framkvæmdastjóri 3-plus segir að dvd-kids, en svo heitir leiktækið, hafi fengið mjög góðar viðtökur og til að mynda seldust um 800 þúsund tæki í Bandaríkjunum fyrir jólin í fyrra. 3-plus gerir einnig leiki til að nota í dvd-kids og eru sífellt nýir leikir á teikniþorðinu. 3-plus hefur gert 12 leiki og hafa þeir verið gefnir út á 10 tungumálum.

3-plus hefur vakið mikla athygli og hefur fyrirtækið hlotið fjöldann allan af viðurkenningum. „Við erum frumkvöðlar á þessu sviði og erum leiðandi í þessari tækni í heiminum í dag.“

SAMEINAR LEIK OG LÆRDÓM

Ingólfur segir tæknina á bakvið dvd-kids í raun einfalda. Tækið sendir dvd-spilara skilaboð sem aftur varpar leikjunum upp á sjónvarpsskjá Tækið er síðan notað sem stýritæki fyrir mismunandi leiki. En það er ekki nóg að hanna sniðugt tæki, leikirnir þurfa líka að vera skemmtilegir og krefjandi. Ingólfur segir starfsfólk 3-plus hafa lagt mikla áherslu á að finna skemmtilegar sögupersónur og svo séu leikirnir samdir með það í huga að vera þroskandi. „Dvd-kids sameinar leik og lærdóm og barnið nýtur þess.“

Hægt er að velja úr leikjum sem byggja á þekktum sögupersónum, bæði úr skáldsögum og kvikmyndum. Til dæmis eru leikir sem byggja á heimsþekktum teiknimyndapersónum svo sem Bangsimon, Lion King og Dodda. Ingólfur segir leikina reyna á samspil hreyfinga, hugar og gjörða. „Við reynum að gera leikina þannig að ekki sé verið að kenna það sama og leikirnir eru miserfiðir.“

Ingólfur segir fyrirtækið einbeita sér að hópnum tveggja til sex ára. „Við erum með leiki fyrir aldurinn áður en Playstation tekur í raun og veru við. Við höfum einsett okkur það að búa til skemmtilega leiki, en um leið fræðandi og þroskandi. Ofbeldi á ekki heima í þessum leikjum.“

GRÍÐARLEGT MAGN

Ingólfur segir dvd-kids hafa fyrst verið markaðssett í Frakklandi haustið 2003 í samvinnu við franska leikfangarisann Berchet, síðasta haust hafi það síðan farið á markað á Norðurlöndum og í Bandaríkjunum. Markaðssvæði fyrirtækisins skiptast eftir tungumálum og hefur fyrirtækið gert samninga við dreifingar fyrirtæki í hverju landi fyrir sig um sölu á vörum. Til dæmis samdi 3-plus við Fisher Price um dreifingu í Bandaríkjunum og er dvd-kids tækið og leikirnir þá framleiddir undir þeirra vörumerki.

Ingólfur segir dvd-kids strax hafa fengið mikla athygli í Frakklandi og í Bandaríkjunum var það eitt söluhæsta leiktækið í fyrra. „Í Bandaríkjunum voru seld 800 þúsund tæki og meira af leikjum strax á fyrstu mánuðum þannig að magnið er gríðarlegt.“

Efst á baugi hjá 3-plus um þessar mundir eru þrjú leikir frá Disney sem koma á markað í ár. Aðalpersónur leikjanna ættu flestir að þekkja en það er Bangsimon, Lion King og prinsessurnar. Einnig var fyrirtækið að skrifa undir samning um að gera leiki sem byggja á vini litla fólksins, Bubba byggji.

Dvd-kids verður selt á fjölmörgum nýjum mörkuðum fyrir jólin, svo sem Þýskalandi, Spáni og Ítalíu og er tækið þá til sölu í nær öllum löndum vestur Evrópu. Ingólfur segir fyrirtækið einnig vera að skoða nýja markaði, til dæmis í Asíu. „Þar eru mjög áhugaverðir markaðir til dæmis í Japan, S-Kóreu og Taívan en þar er fólk mjög hrifið af tölvuleikjum. Við höfum verið að kanna markaðinn fyrir austan og stefnum að markaðssetningu á næsta ári.“

Vörubrún skipar stóran sess innan fyrirtækisins og kemur fyrirtækið með tvær nýjar vörur á markað nú í haust. Um er að ræða dvd-spilara og skjá fyrir krakka sem meðal annars virkar



HAFI EINSETT SÉR AÐ BÚA TIL SKEMMTILEGA LEIKI Ingólfur Garðarsson, framkvæmdastjóri 3-plus.

með dvd-kids leiktækinu. Jafnframt er fyrirtækið með nokkur önnur járn í eldinum og er stefnt að því að hafa nýjar vörur tilbúnar fyrir stærstu leikfangasýningu heims sem haldin er í Nürnberg í Þýskalandi í febrúar ár hvert.

ÓSAMSTÍGA MARKAÐIR

3-plus var stofnað árið 1999 af Helga G. Sigurðssyni og Jóhannesi Þórðarsyni. Nokkur ár fóru þó í undirbúningi vinnu því að fyrsta dvd-kids tækið fór á markað í Frakklandi haustið 2003.

Ingólfur segir þá Jóhannes og Helga hafa eytt miklum tíma fyrstu árin í að kynna vöruna, bæði hjá leikfangaframleiðendum og á sýningum. Ekki hafi þó liðið á löngu áður en dvd-kids fór að vekja athygli. „Fisher Price sá hvað tækið var áhugavert og hóf sölu á tækjunum á haustmánuðum 2004 í Bandaríkjunum.“

Tækið og allar umbúðir eru framleiddar í Kína en dvd-diskarnir eru framleiddir í Danmörku. Dreifingarnet 3-plus er orðið mjög öflugt og hefur fyrirtækið samið við stóra dreifingar aðila í hverju landi til að sjá um dreifingu og markaðssetningu á

tækini og leikjunum.

Ingólfur segir 14 manns starfa hjá fyrirtækinu á Íslandi, í Danmörku og í Frakklandi. Starfsfólk fyrirtækisins hefur mikla reynslu af gerð gagnvirkra leikja, bæði héðan og erlendis og á starfsfólkið stóran þátt í veltungi fyrirtækisins að sögn Ingólfs.

Eins og sjá má er mikið um að vera hjá 3-plus og nóg framundan. Bæði í þróun á leikjum sem og tækjum. Stefnt er að því að selja eina til 1,5 milljón dvd-kids tæki í Bandaríkjunum í samvinnu við Fisher Price og álíka mikið magn af leikjum á þessu ári. Ingólfur segir sölu á Evrópu vera aðeins á eftir en það eigi sér eðlilegar skýringar. Meðal annars má nefna að notkun dvd-spilara er mislangt á veg komin og leikjamenning er mismunandi milli landa. „Í sjálftu sér er ekkert slæmt að markaðirnir séu ekki samstíga og felur sérstaða hvers markaðar í sér ákveðin tækifæri fyrir 3-plus. Við teljum okkur eiga mikið inni í Evrópu og væntum mikillar söluaukningar á næstu misserum.“

Dvd-kids var selt hér á landi fyrir síðustu jólin og segir Ingólfur viðbrögðin hafa verið góð. „Íslenski markaðurinn er reyndar lítill en við erum íslenskt fyrirtæki og viljum selja vöruna hér á landi.“

3-plus
Stofnað:1999
Fjöldi starfsmanna:14
Stofnendur:Helgi G. Sigurðsson og Jóhannes Þórðarson
Eigendur:Stofnendur, starfsfólk og nokkrir fjárfestar

SKJALASKÁPAR

SKJALAPOKAR OG MILLIMÖPPUR

-og allt á sínum stað!



ÓLAFUR GÍSLASON & CO HF

Sundaborg 3 • sími 568 4800

www.olafurgislason.is

BESTA RÁÐIÐ

Gera eitthvað skemmtilegt á degi hverjum

Aðalheiður Héðinsdóttir, eigandi Kaffitárs, segir besta ráð sem hún hafi fengið vera að hafa gaman af því sem maður er að gera. Til þess að svo megi verða sé góð regla að gera eitthvað skemmtilegt á hverjum einasta degi.

Ráðið fékk hún frá lærimeistara sínum, Bandaríkjamanninum Victor Allan Mondry. Aðalheiður dvaldi um tíma í Madison í Wisconsin-fylki þar sem Mondry kenndi henni allt um listir og leyndardóma hins fullkomna kaffibolla. „Einhverju sinni þegar ég var alveg að gefast upp á fyrirtækjarekstri sagði hann mér: „Addi mín, sjáðu til þess að þú gerir alltaf eitthvað skemmtilegt á degi hverjum.““



AÐALHEIÐUR HÉÐINSDÓTTIR EIGANDI KAFFITÁRS Besta ráð sem Aðalheiður hefur fengið er að gera eitthvað skemmtilegt á hverjum degi: „Ég reyni oft að tala við jákvætt og skemmtilegt fólk.“

Aðalheiður segist hafa reynt að fylgja þessu síðan: „Maður endist lengur í þúðinu ef maður leggur lykkju á leið sína til að gera eitthvað skemmtilegt.“

Hún segir þó margar og mismunandi leiðir til að lyfta sér upp: „Ég reyni oft að tala við jákvætt og skemmtilegt fólk.“ - jsk

Heineken bruggar í Rússlandi

Rússneskur bjórmarkaður er í örnum vexti. Erlendir bruggarisar keppast við að kaupa þarlend fyrirtæki.

Hollenski bjórrisinn Heineken hyggst kaupa rússneska bruggfyrirtækið Ivan Taranov. Kom þetta fram í rússneska viðskipta- blaðinu Kommersant. Kaupverð er rúmir 36 milljarðar króna.

Taranov er sjöundi stærsti bjórframleiðandi Rússlands, með um 4,5 prósent markaðshlut- deild. Þekktustu vörumerki fyr- irtækisins eru Königsberg og Doctor Diesel auk þess sem það framleiðir bjórtegundir á borð við Bavaria og Coors fyrir Rúss-

landsmarkað.

Taranov er að sextíu prósent hlut í eigu eignarhaldsfélagsins Allied Partners, þá á bandaríska félagið Texas Group 38 prósent hlut. Hagnaður fyrirtækisins nam á síðasta ári tæpum tveimur milljörðum króna.

Rússland er fimmti stærsti bjórmarkaður veraldar og sá sem er í örnum vexti. Alþjóð- legir bjórrisar hafa keppt við að kaupa þarlend fyrirtæki en skemmst er að minnst þess þeg-

ar Heineken keypti Bravo- b r u g g v e r k - smiðjur Björg- ólfsfeðga í Pét- ursborg. -jsk



ÍSKALDUR HEINEKEN
Heineken hefur nú keypt enn eitt brugghúsið í Rússlandi.

!

90,9

MARKAÐURINN

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ymsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30



FJARÐARSÓL

Stofa í góðum rekstri til margra ára. Verð einungis 5,9 milljónir, skipti skoðuð sem hluti af greiðslu.



FYRIRTÆKJASALA
- heilsugar um þinn bag -
Suðurlandsbraut 50 · bláu húsin v/Faxafen · 108 Reykjavík

533 4300

Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur
ingvaldur@husid.is

Salómon Jónsson • Löggiltur fasteignasali



533 4300

Ingvaldur Mar Ingvaldsson lögg. fasteignasali
ingvaldur@husid.is

Suðurlandsbraut 50 · bláu húsin v/Faxafen · 108 Reykjavík

Salómon Jónsson • Löggiltur fasteignasali

LEITA AÐ HEILDSÖLU FYRIR TRAUSTAN AÐILA

verð allt að 100 milljónir. Leita að traustu fyrirtæki sem hefur verið vel rekið, kaupandinn hefur góða fjárhagsstöðu.

BÓNSTÖÐ

Stöðin hefur verið starfrækt síðan 1991, góð leiga, góð staðsetning og mikið af föstum kúnnum.

KVENNFATAVERSLUN

með fatnað í 42+ stærðum. Þriggja ára gamalt fyrirtæki sem hefur náð að skapa sér gott orðspor, góð staðsetning.

ÍS – GRILL – VIDEO – 100 MILLJÓNA VELTA


Þess virði að yfirgefa höfuðborgina. Veitingar og videosjoppa á góðum stað á suðurlandi, vel tækjum búin og megnið af sölnunni í grill og ís.

KAFFIHÚS Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR

Frábær staðsetning, fallegar innréttingar, 75 sæti, nýlegur staður með mikla mög.

AUGLÝSTU EFTIR STARFSFÓLKI Á RÉTTUM STAÐ

Þú nærð til rúmlega helmingi fleiri Íslendinga á aldrinum 20–40 ára með því að auglýsa í atvinnublaði Fréttablaðsins frekar en atvinnublaði Morgunblaðsins.



Lestur sunnudaga*

Á sunnudögum fylgja bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sérblöð inni í aðalblöðunum sem fjalla um atvinnumál. Rúmlega 60% 20–40 ára Íslendinga fletta ekki sunnudagsblaði Morgunblaðsins.

Láttu ekki fyrirtæki þitt verða af góðum starfsmanni með því að auglýsa á röngum stað.

allt - atvinna



*20–40 ára Íslendingar. Gallup júní 2005.

FRÉTTAMENN ÓSKAST

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu sendar til Þórs Jónssonar varafréttastjóra, Lynghálsi 5, 110 Reykjavík eða á netfangið thor.jonsson@365.is fyrir 20. ágúst 2005.

Sigmundur Ernir Rúnarsson
Fréttastjóri/Editor in Chief

365 ljósvakamiðlar óska eftir að ráða fréttamenn til starfa. Umsækjendur þurfa að hafa gott vald á íslensku máli og vera vel að sér í þjóðmálum. Kunnátta í erlendum tungumálum er einnig mikilvæg.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

Hagnast aldrei allir jafnt

Margir hafa orðið til þess að gagnrýna fyrirhugaðar skattalækkanir ríkisstjórnarinnar og bent á að varhugavert sé að lækka skatta á þenslutímum. Markaðurinn sendi Geir H. Haarde fjármálaráðherra tölvu-póst og forvitnaðist um breytingarnar.

setning lækkunar tekjuskatts á árabílinu 2005 til 2007 tekur mið af þessu og sama er að segja um framkvæmdir á vegum ríkisins, sem fylgja þeirri langtímaáætlun um ríkisfjármál sem ríkisstjórnin hefur lagt fram.

Hvaða breytingum má búast við á virðisaukaskattkerfinu?

Kemur til greina að afnema vörugjöld?

Varðandi vörugjöld, þá er ljóst

TÖLVUPÓSTURINN Til Geirs H. Haarde fjármálaráðherra



Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir meðal annars um skattamálin: „Að nýta auknið svigrúm ríkissjóðs til að tryggja aukinn kaupmátt þjóðarinnar með markvissum aðgerðum í skattamálum. Á kjörtímabilinu verður meðal annars tekjuskattprósenta á einstaklinga lækkuð um allt að fjögur prósent, eignarskattur felldur niður, erfðafjárskattur samræmdur og lækkaður og virðisaukaskattkerfið tekið til endurskoðunar með það í huga að bæta kjör almennings.“ Eftir þessari stefnu er unnið.

Í skýrslu OECD um efnahagshorfur á Íslandi kemur fram að ekki sé hyggilegt að lækka skatta á meðan stóriðjuframkvæmdir standa sem hæst. Er ekki hugsanlegt að skattalækkunum fylgi þensluáhrif og að verðbólga fari jafnvel úr böndunum?

Meginþungi þeirra skattalækkanana sem ákveðnar hafa verið mun koma fram á árinu 2007, en þá verða yfirstandandi stóriðjuframkvæmdir að mestu að baki og sú efnahagslega spennan sem þeim hefur fylgt. Tíma-

ad ekki er svigrúm til þess að afnema þau um leið og áður nefndum skattalækkunum er hrint í framkvæmd. Fjármálaráðuneytið hefur hins vegar til athugunar hvort unnt sé að gera þar einhverjar breytingar og koma til móts við gagnrýni á uppbyggingu vörugjaldakerfisins.

Njóta allir góðs af skattalækkunum?

Allir munu njóta góðs af fyrirhuguðum skattalækkunum en það er aldrei hægt að búa svo um hnútana að allir hagnist jafnt, enda greiðir fólk misháa skatta

fyrir. Þegar er búið að lögfesta breytingar á tekjuskatti og erfðafjárskatti sem og afnám eignarskatts frá og með næsta ári. Stjórnarflokkarnir eru enn með í vinnslu sín í milli hvernig best er að hrinda ákvæðinu um virðisaukaskatt í framkvæmd á kjörtímabilinu. Í stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins fyrir síðustu kosningar var markað sett á helmingslækkun lægra þreps virðisaukaskattsins, það er úr fjórtán prósentum í sjö prósent. Fjármálaráðherra telur engin framkvæmdaleg rök eða skatttæknileg atriði standa gegn slíkri breytingu.



FRÁ KÁRAHNÚKUM Margir hafa varað við því að ráðist verði í skattalækkanir á meðan stóriðjuframkvæmdir standa sem hæst. Sérfræðingar telja hættu á að hagkerfið ofhitni og verðbólga fari úr böndunum verði ekki rýmt fyrir skattalækkunum með niðurskurði á öðrum sviðum.

Varað við skattalækkunum

Ríkisstjórnin fyrirhugar skattalækkanir um næstu áramót. Ekki eru allir á eitt sáttir um þær áætlanir. Sérfræðingar segja varhugavert að lækka skatta á þenslutímum og að nauðsynlegt sé að ríkið ráðist á aðhaldsgerðir til þess að skapa rými fyrir lækkanir. Jón Skaftason kynnti sér málið.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir eitt prósent lækkun tekjuskatts um næstu áramót og síðan um eitt prósent til viðbótar áramótin 2007. Samkvæmt frétt Fréttablaðsins, sem birtist á dögunum, eru uppi hugmyndir um að lækka tekjuskattinn um tvö prósent í einu stökki strax um næstu áramót.

Neðra skattþrep virðisaukaskatts stendur síðan til að lækka úr fjórtán prósentum niður í sjö til tólf prósent. Neðra þrepið leggst aðallega á matvæli og aðrar nauðsynjavörur.

Það eru þó ekki einungis lækkanir fyrirhugaðar því einnig hefur komið til tals innan stjórnarinnar að hækka fjármagnstekjuskatt úr tíu prósentum í tólf til fjórtán prósent. Það er því ljóst að í burðarliðnum eru töluverðar breytingar á skattakerfinu.

Ekki eru þó allir sammála um ágæti fyrirhugaðra skattalækkanana. Í skýrslu OECD um efnahagshorfur á Íslandi kemur til að mynda fram að ekki sé hyggilegt að lækka skatta á meðan stóriðjuframkvæmdir standa sem hæst. Varar stofnunin við því að halda þurfi vel á hags-

við ofþenslu í hagkerfinu.“

Tryggvi segir að með skattalækkunum sé verið að spýta auknum peningum inn á heimili í landinu og ýta undir neyslu: „Það verður að skera niður á móti. Með því að draga úr peningamagni í umferð á öðrum stöðum má „nútralisera“ skattalækkanirnar.“

MÁLID ER Skattalækkanir á þenslutímum

PUNGAR BYRÐAR SEÐLABANKANS

Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Íslandsbanka, er sammála Tryggva í meginatriðum og segir

afstöðu greiningardeildarinnar mótast af stöðu efnahagslífsins, hvort ráðist verði í einhverjar aðhaldsáðgerðir til þess að rýma fyrir lækkunum: „Í ár er ekki nægjanlegt aðhald í ríkisfjármálum og það stefnir ekki í að svo verði á næsta ári.“

Hann segir hætt við að of mikil spennan skapist í hagkerfinu: „Við núverandi aðstæður tel ég að heppilegt væri að draga úr fjárfestingum og þá helst vinnuafsláttum framkvæmdum. Það verður að skapa rými fyrir allar þær stóriðjuframkvæmdir sem á döfinni eru og draga úr þeirri spennu sem nú ríkir á byggingamarkaði.“

Ingólfur segist þó aldrei setja sig upp á móti skattalækkunum, hins vegar megi setja spurningu við tímasetninguna: „Ef ætlunin er að lækka skatta við núverandi þensluástand, þegar hætta er á að ójafnvægið verði mikið í þjóðarbúskapnum, þá verða menn að huga að því að skera niður á móti. Heppilegast er að lækka skatta á samdráttartímum. Sá tími mun alveg örugglega koma.“

Ingólfur segir það gefa augaleið að skattalækkanirnar muni koma til með að ýta enn frekar undir verðbólgu í landinu: „Verðbólgan er of mikil og mun koma til með að verða það áfram. Verðbólguástand er sameiginlegt verkefni Seðlabankans og stjórnvalda. Við teljum að þar hvíli of miklar byrðar á herðum Seðlabankans.“

Ingólfur telur stjórnvöld ekki standa sig sem skyldi þegar kemur að aðhaldi í fjármálum: „Seðlabankinn hefur þurft að hækka stýrivexti ítrekað. Þeir standa nú í nú og hálfu prósent og stefnir í enn frekari hækkun.“



TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON Forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.

ÞARF AÐ JAFNA ÚT HÆKKANIRNAR

Sérfræðingar eru sammála um að þótt skattalækkanir séu almennt af hinu góða megi setja spurningamerki við tímasetninguna. Varhugavert sé að lækka skatta á þenslutímum nema ríkisútgjöld verði skorið niður sem því nemur.

Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, segir skattalækkanir smyrja hjól efnahagslífsins. Hann telur þó tímasetningu fyrirhugaðra skattalækkanana vanhugsaða: „Ef ætlunin er að lækka skatta er nauðsynlegt að skera niður ríkisútgjöld að minnsta kosti sem skattalækkunum nemur. Að öðrum kosti er hætt



INGÓLFUR BENDER Forstöðumaður greiningardeildar Íslandsbanka.

„Ef ætlunin er að lækka skatta við núverandi þensluástand, þegar hætta er á að ójafnvægið verði mikið í þjóðarbúskapnum, þá verða menn að huga að því að skera niður á móti. Heppilegast er að lækka skatta á samdráttartímum. Sá tími mun alveg örugglega koma.“



90,9

MARKAÐURINN

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30

Verslaðu við traustan aðila!

Ægisskyggnin

–sérhönnuð fyrir íslenska veðráttu



- íslensk gæðaframleiðsla • viðhaldsfritt efni • endalausir möguleikar
- góð og traust þjónusta • stuttur afgreiðslufrestur

OPID:
virka daga kl. 9-18
laugardaga kl. 12-16



EYJARSLÓÐ 7 • SÍMI 511 2200 • www.seglagerdin.is



NÍU ÍSLENSKIR SJÓNVARPSPÆTTIR!

Á SIRKUS Í VETUR VERÐA NÍU INNLENDIR ÆTTIR - FLEIRI EN Á NOKKURRI ANNARRI STÖÐ!
ÞEIR ERU: KVÖLDÞÁTTURINN, VEGGFÓÐUR, IDOL EXTRA, SIRKUS RVK, SJÁÐU, ÍSLENSKI LISTINN,
SÚPERSPORT OG GAME TV. NÍUNDI ÞÁTTURINN ER ALGJÖRT LEYNDÓ, MYNDAÐUR AÐ MESTU
ERLENDIS OG VERÐUR KYNNTUR SEINNA Í ÞESSUM MÁNUÐI. FYLGSTU MEÐ.



BANKAHÓLFID

Hvað um kindina?

Það er ekki auðvelt að finna núverandi skrifstofur breska bankans Singer & Friedlander, sem KB banki tók yfir í sumar. Inngangurinn stendur við þrönga hliðargötu í London og sjálft húsið er ekki sjáanlegt í fyrstu. Hins vegar er hliðið að húsinu tignarlegt og nokkuð sérstakt fyrir inngang að fjármála-fyrirtæki. Ástæðan er sú að forlata sauðkind stendur hnarreist efst á hliðinu og starir eins og hún eigi heiminn. Íslendingum í London er farið að þykja nokkuð vænt um þessa kind enda sú skepna sem var mönnum hvað kærust á Íslandi hér á árum áður. Það sé því viðeigandi að breski bankinn, sem féll sveitasmönnunum frá Íslandi í skaut, fagni viðskiptavinum sínum á þennan hátt. Því spyrja þeir í óvæntingu sinni nú þegar starfsemi bankans verður flutt: Hvað verður um kindina? Það er spurning hvort hún fái ekki að flytjast með bankanum og verði plantað fyrir ofan nýjar höfuðstöðvar KB banka í London. Það er við hæfi að blessuð sauðkindin fylgi með í íslensku útrásinni. Tignarlegra verður það ekki.

Ráðgjafi Pútíns

Andrei Illarionov, aðalefnahagsráðgjafi Pútíns Rússlandsforseta, verður staddur hér á landi í byrjun næstu viku til að sækja fund Mont Pelerin-samtakanna. Samtökin voru á eftirstrífisárunum mikilvægur vettvangur helstu fræðimanna Evrópu og Bandaríkjanna sem vildu í sameiningu takmarka vöxt ríkisvaldsins, stuðla að frjálsum hagkerfi og tryggja athafnafrelsi einstaklingsins. Margir þekktustu hagfræðingar tuttugustu aldarinnar voru þar í forsvari eins og Friedrich von Hayek og Milton Friedman. Hannes H. Gissurarson hefur skipulagt fundinn hér á landi. Meðal gesta verða Vaclav Klaus forseti Tékklands, hinn kunni hagfræðingur Harold Demsetz og Mart Laar fyrrum forsætisráðherra Eistlands svo fáeinir séu nefndir. Björn Lomborg, sem margir vinstri menn leggja fæð á fyrir sýn sína í umhverfismálum, mun líka mæta á svæðið.

Sjöundi himinn

Blaðið þóttist hafa sjöunda himin höndum tekið þegar þeir ráku augun í það í birtingu Baugsá-kærunnar í Fréttablaðinu að engin ákæra var undir VII. lið ákærunnar. Dró Blaðið þegar þá ályktun að þarna hefðu þeir nú aldeilis gripið menn í bólinu og þyrfti ekki fleiri vitna við í því hvernig sakborningar ritstýrðu birtingu ákærunnar. Staðreyndin var hins vegar sú að þennan lið vantaði í ákæruskjalið sem birt var sakborningum. Blásmenn verða því að leita skýringanna hjá efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra í stað þess að halda áfram að sækja sér vatn yfir lækinn.

1,3%

Verðmæti fiskaflans hefur dregist saman um 1,3 prósent á árinu.

70

þúsund bandarískir landgönguliðar tóku þátt í orrustu sem mynd Clint Eastwood byggir á en til varnar voru tuttugu og sjö þúsund japanskir hermenn.

900

milljónir sem Burðarás gæti hagnast á yfirtökutilboði í norskt olíuleitarfyrirtæki.

www.icelandexpress.is

FLUG OG DÍLL
FRÁ 7.995 KR.*

Þarftu að gera yfirtökutilboði í alþjóðlegan banka? Ertu að hugsa um að kaupa þér matvörukeðju, fyrirtækjasamtæðu eða bara að fara með starfsfólkið út að borða? Hver sem tilgangur ferðarinnar er, býður Iceland Express alltaf ódýrustu og þægilegustu lausnirnar á viðskiptaferðum. Gerðu fjármálastjórnann glaðan og fljúgðu með Iceland Express.

Mangogrill vantar hress og skemmtilegt fólk í grill og sal. Uppl. gefur Anna á staðnum.

Óskum eftir starfsfólki í sal frá 11-15 virka daga og aukafólki um kvöld og helgar. Upplýsingar á staðnum. Grillhúsið Tryggvagötu.

Mikil vinna

Vantar gröfumenn og verkamenn í jarðvinnuframkvæmdir. Mikil vinna framundan. Uppl. í síma 695 2399 & 695 0556.

Rafbogi ehf

Óskar eftir rafvirkjum til vinnu. Þurfa að geta unnið sjálfstætt. Upplýsingar veitir Þórður í síma 660 4430.

Gröfumaður og vörubílstjóri

Vanur gröfumaður óskast á nýja hjólagrófu, einnig vantar trailerbílstjóra við vinnu á höfuðborgarsvæðinu. Sími 892 8626.

Valhússkóli

Óskum eftir að ráða skólaliða. Uppl. gefur Þróstur Leifsson í s. 822 9125.

Súfustinn Hafnarfirði

Súfustinn Hafnarfirði vill ráða starfsmann til aðstoðar í eldhúsi sem fyrst. Vinnutími frá kl. 9-14. Leitað er að fjölhæfum og traustum einstaklingi með mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Upplýsingar um starfið gefur Birgir í síma 692 3740.

Jolli Hafnarfirði

Starfsfólk óskast í dagvinnu, reyklaus vinnustaður. Upplýsingar hjá Ingu í s. 898 6670 eða á staðnum.

Afgreiðslustarf

Leita af fólki til afgreiðslustarfa í stóru skólalunduneyti. Áhugasamir hafi samband í síma 691 5976.

Prikið auglýsir.

Óskum eftir kaffibarþjónum á dagvaktir fyrir veturinn sem fyrst. Áhugasamir hafi samband í síma 694 5553 Þórhildur.

Café Bleu Kringlunni óskar eftir að ráða þjóna í sal, einnig vantar góðan starfskraft í uppvas. Uppl. gefur Jón á staðnum eða í síma 588 0300 og 690 1074. Café Bleu, Kringlunni s. 588 0300.

Múrverk

Leitum að múrara eða mjög handlögnum manni vönum múrverki, í tímabundið verkefni. Upplýsingar í síma 846 2986.

Skemmtistað vantar starfsfólk á bar og í dyravörslu. Verður að geta byrjað strax. Aldurstakmark 25+. Uppl. í s. 868 6080.

Starfsfólk óskast á lítinn veitingastað í Kópavogi. Heilsdags og hlutastörf í boði. Lágmarksaldur 25 ára. Uppl. í s. 894 0292.

Sómasamlökur vantar duglegt fólk í vaktavinnu. Uppl. gefur verkstjóri á staðnum. Sómi ehf Gilsbúð 9, Garðabæ.

Leikskólinn Jöklaborg

Aðstoðarmaður í eldhúsi óskast á Leikskólann Jöklaborg í Seljahverfi í 50% starf. Vinnutími 12.30 - 16.30. Uppl. veitir leikskólustjóri í s. 557 1099.

Skalli Vesturlandsvegi

Skalli Vesturlandsvegi óskar eftir starfsfólki. Uppl. á staðnum í dag milli 16-20.

Starfsmaður óskast við uppvas. o.fl. Vinnutími frá kl. 11-18.00. Fri um helgar. Góð laun í boði. Upplýsingar á staðnum, ekki í síma. Kaffi Milanó, Faxafeni 11.

Óska eftir reglusömum og barngóðum baðverði í kvennaklefa, vaktavinnu. Uppl. í s. 822 0333.

Ræstingur í grunnskóla í Kópavogi á kvöldin. Góð laun. Tilvalið fyrir skólafólk. Uppl. í síma 577 4900, milli 10 og 14 virka daga.

Hýsing- vörúthótel Skútuvogi 9 óskar eftir duglegu og áreiðanlegu starfsfólki í vörumerkingar og almenn lagerstörf. Vinnutími er frá 8-17, nánari uppl. veitir Júlíus Steinn Kristjánsson á staðnum.

Veitingahúsvinna

Viljum bæta við okkur hressu og skemmtilegu starfsfólki fyrir veturinn. Þjónustustörf - vakta- eða helgavinnu. Hjálparkokk í eldhúsi (þítasabakari). Uppl. og umsóknir á staðnum milli kl. 10-16. Kringlukráin. Einnig umsóknir á www.kringlukrain.is

Ræsting, morgunvinna

Viljum bæta við okkur fólki við ræstingur fyrir veturinn. 40-50% vinna. Uppl. og umsóknir á staðnum milli kl. 10-16. Kringlukráin, einnig umsóknir á www.kringlukrain.is

KK Verktakar ehf

Verkamenn og menn vana mívinnu vantar í vinnu við húsavíðgerðir strax. Uppl. gefur Karl í síma 897 6655.

Lítill verslun með kristal og handunnar glervörur í Reykjavík óskar eftir starfsfólki í hlutastarf. Aðeins reyklaut, reglusamt og áreiðanlegt fólk kemur til greina. Æskilegur aldur 25-35 ára. Upplýsingar veitir Björg í s. 692 1715.

Vana háseta vantar á bát með beitingarvél sem hefja mun veiðir um mánadagmót ágúst/sept. Uppl. í s. 861 7655.

Bakarí

Aðstoðarmaður óskast í bakstur í Breiðholti. Uppl. í s. 893 7370.

Vaktstjóri, bill til umráða! Veitingahúsið Culiacan, Faxafeni 9, leitar að vaktstjóra. Góð laun í boði fyrir rétta manneskju. Vinsamlega sækid um á staðnum eða sendid póst til culiacan@culiacan.is

Ísbúðin í Kringlunni og Álheimum

Ísbúðin í Kringlunni óska eftir að ráða í eftirfarandi störf: Fast starf í dagvinnu, 11.30-16.30 og hlutastörf seinni part og um helgar. Ísbúðin Álheimum óskar eftir að ráða fólk í hlutastörf á kvöldin og um helgar. Einnig traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn.

Einkamá**Viltu kynna fólk?**

Fólk með sömu þarfir og þú er akkurat núna að að spjalla saman á einkamal.is. Einfalt og skemmtilegt að kynna góðu fólk. Einkamal.is

Nýtt símanúmer

hjá dreifingu:




550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

TILKYNNINGAR**Tapað - Fundið**

Gullkross tapaðist við Garðatorg eða við SPRON Hafnarfirði föstudaginn 12. ágúst. Fundarlaun. Uppl. í s. 898 5187.



Allt sem þú þarft og meira til

allt

Allt um nám

á miðvikudögum í Fréttablaðinu.



Smiðir

Hjá okkur er allt mælt og mikil mælingarvinna framundan, góður aðbúnaður og virkt starfsmannafélag.

- Við þurfum 4-6 smiði í mótauppslátt við 8.hæða ca. 7.000 m2 húsnæði.
- Smiði í utanhúsklæðningar í stórum húsum.

Upplýsingar í síma 693-7310.



Múrarar.

Hjá okkur er allt mælt og mikil mælingarvinna framundan, góður aðbúnaður og virkt starfsmannafélag.

Við þurfum múrara í almenna múraravinnu og flisalagnir.

Upplýsingar í síma 693 7300.



Byggingaverkamenn

Vegna aukinna verkefna óskar JB Byggingafélag eftir að ráða byggingaverkamenn.

Upplýsingar gefur Kári Bessason í síma 693-7004 Einnig er hægt að sækja um á www.jbb.is.

JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333



Járnamenn

Vegna aukinna verkefna óskar JB Byggingafélag eftir að ráða járnsmenn.

Upplýsingar gefur Kári Bessason í síma 693-7004 Einnig er hægt að sækja um á www.jbb.is.

JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333



KÓPAVOGSBÆR

LINDASKÓLI

Óskum eftir að ráða:

- Gangaverði/-ræsta
- Starfsmenn í Dægradvöl, 50% starf

Laun samkvæmt kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störf.

Upplýsingar veitir Gunnsteinn Sigurðsson skólastjóri í síma 554-3900.

Sjá ennfremur: www.kopavogur.is og www.job.is



Álftamýrarskóli

Laus er til umsóknar 75% staða skólaliða til að annast gæslu og þrif. Einnig vantar skólaliða í mótuneyti nemenda og starfsmanna, 100% staða.

Upplýsingar veita skólastjórnendur Álftamýrarskóla í síma 5708100.

Umsóknnum skal skila á skrifstofu skólans, Álftamýri 79, 108 Reykjavík . eða á netföngin steinunn@alfto.is eða brynhildur@alfto.is.



Kranamenn

Vegna aukinna verkefna óskar JB Byggingafélag eftir að ráða kranamenn.

Upplýsingar gefur Kári Bessason í síma 693-7004 Einnig er hægt að sækja um á www.jbb.is.

JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333

Varmalandsskóli í Borgarfirði

Varmalandsskóli auglýsir eftir kennara til að starfa við skólann.

Um er að ræða kennslu og umsjón í 1. bekk.

Lítu inn á heimasíðu skólans www.varmland.is. Þar finnur þú ýmsar góðar og gagnlegar upplýsingar um skólann og skólastarfið.

Upplýsingar gefur Flemming Jessen, sími 4301502 / 4350170 / 8401520 netf. fjessen@varmland.is

STARFSFÓLK ÓSKAST



Verkamenn

Ístak hf. óskar eftir að ráða verkamenn til starfa sem fyrst.

Upplýsingar um störf og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.

ÍSTAK

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

Verzlunarskóli Íslands auglýsir eftir fólki í ræstingar.

Upplýsingar eru veittar í síma 5900-600 milli kl. 8.00 og 16.00



Verkamenn vantar til starfa strax.

Upplýsingar í síma 660-6100, Sölvi eða 545-1805.



90,9

ALLT & SUMT

Með Hallgrími Thorsteinssyni, Helgu Völu Helgadóttur og Helga Seljan.

Á Talstöðinni alla virka daga kl. 15.



sími: 588 9090 • fax: 588 9095 • Síðumúla 21

eignamidlun@eignamidlun.is www.eignamidlun.is
Sverrir Kristinnson, löggiltur fasteignasali

Íbúð á svæði 101 óskast til leigu

Glæsileg 3ja herbergja íbúð á svæði 101 óskast til leigu í þrjá mánuði frá 1. sept. n.k (helst í lyftuhúsi).
Æskilegt er að húsgögn séu í íbúðinni.
Um er að ræða fjársterkan erlendan aðila.

Nánari upplýsingar veitir
Magnea Sverrisdóttir fasteignasali.

Ábyrg þjónusta • örugg viðskipti



Fasteignasalan ehf
Gránufélagsgötu 4,
600, Akureyri.
Sími 462-1878

Glæsilegt einbýli á Akureyri



Til sölu er mjög gott
279 fm einbýlishús
að Sunnuhlíð 10,
Akureyri.
Verð kr. 35. millj. Efri
hæðin er 5 herbergja
íbúð með bílskúr.
Gryfja í bílskúr.

Tvær íbúðir á neðri hæð

Á neðri hæðinni eru tvær íbúðir til útleigu og mjög einfalt er að gera þriðju íbúðina til útleigu, úr bílskúr og herbergi á neðri hæð. Húsið var málað að utan í sumar. Þak, veggir, gluggar og hurðir. Lóðin er mjög snyrtileg, með runnabeðum og trjám. Húsið verður laust til afhendingar í næsta mánuði.
Hermann R. Jónsson sölustjóri s. 861-5025.

EFNALAUG Í GÓÐUM REKSTRI

Til sölu er lítil efnalaug, húsnæði fylgir í kaupunum, hægt að hefja rekstur með aðstoð eiganda strax eftir samning.



533 4300

Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur

Suðurlandsbraut 50 - bláa húsin v/Faxafen - 108 Reykjavík

SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS
Salmon Jónsson • Löggiltur fasteignasali

ATLAS

INTERNATIONAL

VILT ÞÚ EIGNAST HÚS Á SPÁNI?

25 ára reynsla
Verð frá 7,7 millj.
4 daga skoðunarferð á
19.500 kr.

Sími: 696 1960
sales@atlasiceland.com
www.atlasinternational.com

Mercedes-Benz
International
PROPERTY
★★★★
BEST SPANISH
ESTATE AGENT
2002

MORGUNSTUND MED
SIGURÐI G. TÓMASSYNI
Á Talstöðinni alla virka daga kl. 10.



90,9





www.bui.is



Sigurður Guðmundsson • hdl. lögg. fasteignasali.

Fosssel

Selfossi

Einbýli á 3000fm lóð með hesthúsi og 8 hektara leigulandi.
Staðhættir og ástand: Húsið er 143,7m² timbur með 80m² nýbyggðu hesthúsi og bílskúr. Húsið stendur vestan megin Ölfusár á frábærum stað með 3000m² skjólgóða lóð. Húsið er í góðu standi að utan, 50-60 m² timbur verönd með hitapotti, fallegur trjágróður. 8 hektara leiguland fyrir hross getur fylgt með.
Jarð hæð 97,3m²: Forstofa, stórt hol, ásamt eldhúsi eldhús með víðar innréttingu, flísar milli skápa og flísar á gólfum með gólfhita. Snyrting og tvö svefnherbergi. Stofa með útgengi út á timbur verönd í garði og borðstofa. Þvottahús og geymsla með útgengi út í garð.
Efri hæð 46,4m²: Þrjú svefnherbergi, parket á gólfum, baðherb. baðkar og góð innrétting.
Stór eign með mikla möguleika



RE/MAX BÚI
 Sigurður Guðmundsson hdl. • lögg. fasteignasali.
 Verð: 33.000.000
 Stærð: 143,7 fm
 Byggingarár: 1982
 Bílskúr: Já

Garðar Hólm
 Sölufulltrúi
 899 8811
gardar@remax.is



Sighvatur
 Sölufulltrúi
 864 4615
sighvatur@remax.is

www.remax.is



Egilsmói 3

Mosfellsdalur

Verð: Tilboð
 Stærð: 9175 fm

RE/MAX BÚI
 Sigurður Guðmundsson hdl. • lögg. fasteignasali.
 Tæpur hektari lands með byggingarrétti í Mosfellsdal.
Staðhættir og ástand: Á skjólgóðum stað í Mosfellsdal, ótrúlegar möguleikar fyrir hestamenn eða annað útivistarfólk. Í Mosfellsdal er einstakt mannlit, frábærar reiðleiðir, gólfvöllur í næsta nágrenni.
Byggingarréttur: Byggingarréttur fyrir einbýlishús, hesthús og/eda gróðurhús. Teikningar af 400m² glæsilegu húsi fylgir með. Einstakt tækifæri á hóluborgarsvæðinu til að byggja á tæðum hektara einbýlishús, hesthús eða gróðurhús!

Garðar Hólm
 Sölufulltrúi
 899 8811
gardar@remax.is

Sighvatur
 Sölufulltrúi
 864 4615
sighvatur@remax.is



Víkurás 2

4ra herbergja íbúð með staði í bilageymslu

Verð: 17.300.000
 Stærð: 108,7 fm
 Byggingarár: 1985

RE/MAX BÚI
 Sigurður Guðmundsson hdl. • lögg. fasteignasali.
Staðhættir og ástand að utan: Íbúðin er 86,8m² með 21,9m² staði í bilageymslu, samtals 108,7m², staðsett á góðum stað í Seláshverfi í Árbæ. Húsið er í góðu standi að utan og stendur bilageymslan við hlið húsin. **Nánari lýsing:** Parkettlagt andyri með góðum skáp. Stofa og borðstofa með útgengi á svalir. Eldhús með hvítri innréttingu. Hjónab. með skápum, tvö önnur herbergi. Parket á stofu, borðstofu, eldhúsi og herbergi. Baðherbergi, góð innrétting, baðkar, flísalagt í hól og gólf, tengi fyrir þvottavél.

Garðar Hólm
 Sölufulltrúi
 899 8811
gardar@remax.is

Sighvatur
 Sölufulltrúi
 864 4615
sighvatur@remax.is



www.bui.is



SJÓNARHORN



Síðsumar við Reykjavíkurtjörn/Ljósmynd: GVA

SVIPMYND



DAMASKUS: HEITIR DIMASHQ ASH-SHAM Á ARABÍSKU OG ER HÖFUÐ-BORG SÝRLANDS.

ÍBÚAFJÖLDI: Um sex milljónir.

GJALDMÍÐILL: Sýrlenskt pund.

TRÚ: Íslam.

VERÐBÓLGA: 1,5 prósent.

INNFLUTNINGUR: Vélbúnaður, flutningsbúnaður, matur, búfé, málmur og efnaafurðir.

ÚTFLUTNINGUR: Hráolia, vefnaður, ávextir, grænmeti og óunnin bómull.

ÞJÓÐARBROT: Arabar (90 prósent), Kúrdar, Armeníumenn og Tyrkir.

TUNGUMÁL: Arabíska er opinbera málið.

STAÐSETNING: Damaskus er í suð-austurhorni Sýrlands á hásléttu 680 metra yfir sjávarmáli.



Allt sem þú þarft og meira til

Vissir þú ...

...að stærsta þyrlan sem nú er í framleiðslu er rússneska fimm manna þyrlan Mil Mi-26 sem hefur 56 þúsund kílóa flugtaksgetu?

...að verst lyktandi sameindin er af etýlmerkaptani og bútýl-selenmerkaptani?

...að hugmyndin um farsímann fæddist hjá Lucent Technologies Bell Labs í New Jersey í Bandaríkjunum árið 1947?

...að algengasta skotvopn heims er Kalashnikov-ríffill (AK 47)?

KOKOS-SISAL TEPPI

Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²

Subúrtandsbraut 10
Sími 533 5800
www.sinnet.is/strond

STRÖND
EKF.

Allt um mat
á föstudögum í Fréttablaðinu.

allt



KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 4.486,41 **+0,63%** Fjöldi viðskipta: 242
Velta: 1.819 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ **Atorka** +3,42%
↑ **Straumur** +1,91%
↑ **Landsbankinn** +1,9%

MESTA LÆKKUN

↓ **Og Vodafone** -1,47
↓ **Íslandsbanki** -0,35

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 40,70 +0,2% ... Bakkavör 40,40 +0,7%...
Burðarás 17,40 +1,2%... FL Group 15,20 1,3% ... Flaga 4,25 +0,00% ... HB Grandi
8,45 +0,00% ... Íslandsbanki 14,25 -0,3% ... Jarðboranir 21,10 +0,00% ... KB banki
581,00 +0,50% ... Kögun 57,60 +0,00% ... Landsbankinn 21,50 +1,9% ... Marel
63,50 +0,00% ... SÍF 4,83 +0,00% ... Straumur 13,35 +1,9% ... Össur 87,50 +0,6%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Góð afkoma Finnair

Hlutur Burðarás orðinn
4,4 milljarðar.

Hagnaður Finnair eftir skatta var um þrjú milljarðar á fyrri árshefningu. Hlutabréf í flugfélaginu hækkuðu yfir átta prósent í finnsku kauphöllinni í gær. Burðarás er annar stærsti hluthafinn með 8,3 prósent hlut og nemur markaðsvirði hans um fimm milljörðum króna. Finnska ríkið er stærsti hluthafinn með 59 prósent.

Annars var afkoma félagsins á öðrum ársfjórðungi mun betri en spáð hafði verið. Hagnaður af reglulegri starfsemi jókst úr 376 milljónum króna í 2.800 milljónir og tekjur félagsins jukust um sextán prósent á öðrum fjórðungi ársins miðað við sama tímabil í fyrra.



FINNAIR HAGNAÐ Hagnaður af reglulegri starfsemi jókst um 650 prósent á öðrum ársfjórðungi miðað við sama tímabil í fyrra.

Stjórnendur Finnair sjá fyrir sér áframhaldandi farþegafjölgun, betri sætanýtingu og hækkanandi fargjöld. Einnig telja þeir að hátt olíuverð setji mark sitt á reksturinn.

- eþa

Methagnaður Sparisjóðabankans

Tæplega átta hundruð milljóna króna hagnaður á fyrstu sex mánuðum ársins.

Sparisjóðabanki Íslands skilaði 786 milljóna króna hagnaði á fyrstu sex mánuðum árs. Er það rúmlega tuttugu prósent meiri hagnaður en á sama tímabili í fyrra. Arðsemi eigin fjár var 43,4 prósent á uppgjörstímabilinu.

Sparisjóðabankinn er viðskiptabanki í eigu allra sparisjóða á land-

inu. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis á 24,7 prósent í bankanum og er stærsti hluthafinn. Þá eiga Sparisjóður Hafnarfjarðar og Sparisjóður vélstjóra rúm fjórtán prósent hvor. Sparisjóðurinn í Keflavík á tæp tólf prósent.

Í tilkynningu Sparisjóðabankans til Kauphallarinnar segir að hagnaður á fyrri hluta árs slagi hátt upp í hagnað bankans allt árið 2004. Er gott gengi einkum þakkað markaðsáðstæðum, sem hafi verið bankanum afar hagstæðar. Einkum á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum.

-jsk

Hagnaður SPH minnkar

Gengishagnaður af hluta- og skuldabréfum dregst saman.

Sparisjóður Hafnarfjarðar hagnaðist um 183 milljónir króna á fyrri hluta ársins. Það er 34 prósent minni hagnaður en á sama tímabili árið 2004 þegar hann nam 319 milljónum.

Hreinar rekstrartekjur drógust saman um ellefu prósent og vegur þar þungt að gengishagnaður af hluta- og skuldabréfum minnkaði.

Hreinar vaxtatekjur námu 660 milljónum króna og hækkuðu um rúman fjórðung á milli ára. Aðrar rekstrartekjur drógust saman úr tæpum 700 milljónum króna í 420 milljónir eða um fjórutíu prósent.

Vaxtagjöld hækkuðu um átján prósent og voru um 770 milljónir króna.

Arðsemi eigin fjár var um tólf prósent á ársgrundvelli en var um tuttugu prósent árið áður. Heildar eignir SPH voru yfir 38 milljarðar 30. júní og eigið fé um 3.260 milljónir, þar af stofnfé um sextán milljónir króna.

- eþa

Búist við tvöföldun hagnaðar

Farþegamet hjá Icelandair í júlí. Yfir 200 þúsund farþegar og sætanýting batnar.

FL Group, móðurfélag Icelandair, birtir sex mánaða uppgjör sitt í dag. Bankarnir spá því að félagið hagnist að meðaltali um 2.143 milljónir króna en hagnaður þess var 903 milljónir á sama árshluta í fyrra. Gangi spáin eftir hækkar hagnaður FL Group um 140 prósent á milli ára.

Félagið birti í gær tölur yfir þróun farþegafjölda í júlí. Farþegum í áætluðarflugum Icelandair fjölgaði um sextán prósent á milli ára og

SPÁ UM AFKOMU FL GROUP Á ÖÐRUM ÁRSFJÓRÐUNGI

- Í MILLJÓNUM KRÓNA

Spá Íslandsbanka	2.350
Spá KB banka	1.873
Spá Landsbankans	2.205

Meðaltalsspá **2.143**

fóru í fyrsta skipti yfir tvö hundruð þúsund í einum mánuði. Sætanýting var 86,6 prósent og hækkaði örlítið.

Farþegum Icelandair hefur fjölgað um tæp fjórtán prósent frá áramótum og eru 882 þúsund á árinu. Sætanýting er um 77 prósent á árinu og hefur hækkað um 2,3 prósent frá árinu 2004.

Farþegum í innanlandsflugi fækkaði lítillega.

- eþa



Landsbankinn

410 4000 | landsbanki.is

Mitt kort hjá Landsbankanum

ÍSLENSKA AUGUSTINGASTOFANVISA.IS LBI 292451 08/2005



Jón Nordal
Íslandsmeistari

Farðu inn á landsbanki.is og búðu til þitt eigið kort.

PEARL BAILEY (1918-1990)
lést þennan dag.



„Það sem heimurinn þarfnast er meiri ást og minni pappírsvinna.“

- Pearl Bailey var bandarísk söng- og leikkona

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Rudolf Hess finnst látinn

Rudolf Hess, hægri hönd Adolfs Hitler, fannst látinn 93 ára að aldri í Spandau-fangelsinu í Vestur-Berlín þennan dag árið 1987. Þar hafði hann dvalist frá Nürnberg-réttarhöldunum árið 1946. Hann hafði verið eini fanginn í fangelsinu í yfir 20 ár eftir að Albert Speer og Baldri von Schirach var sleppt þaðan árið 1966. Rudolf Hess gekk til liðs við Nasistaflokkinn strax árið 1920 og starf að náði með Hitler á uppgangsrúsum hans. Hann sat meðal annars í fangelsi á sama tíma og hann. Þegar þeim var sleppt úr haldi gerðist Hess aðstoðarmaður Hitlers og síðar ráðherra í stjórn

hans. Hess aðstoðaði Hitler við útgáfu bókarinnar Mein Kampf og Hitler var svaramaður við brúðkaup Hess árið 1927. Árið 1941 flaug Hess á laun til Skotlands til þess að semja um frið en var þess í stað handtekinn af Bandamönnum. Þegar fréttist af svikum Hess afneitaði Hitler honum. Stjórnendur Spandau-fangelsins héldu því fram að Hess hefði framið sjálfsmorð og sýndu því til staðfestingar sjálfsmorðsbref. Hins vegar voru fjölskylda hans og vinir ekki sannfærð. Ein vinsæl samsæriskenning er að Hess hafi verið myrtur þar sem Sovétmenn æt-



17. ÁGÚST 1987

uðu sér loks að sleppa honum úr haldi en þeir ráku fangelsið í samvinnu við Bandamenn. Ári eftir lát Hess upplýstu þýsk yfirvöld að morðrannsókn hefði farið fram en að ekkert hefði komið upp úr kafinu. Eftir lát Hess var Spandau-fangelsið rífið.

MERKISATBURÐIR

- 1877 Útlaginn Billy the Kid drepur sinn fyrsta mann af mörgum.
- 1946 Fysta íslenska konan tekur einkaflugmannsþróf.
- 1969 Woodstock-tónlistarhátíðinni lýkur í Bandaríkjunum.
- 1978 Loftbelg er í fyrsta sinn flogið yfir Atlantshafið frá Maine í Bandaríkjunum til Parísar í Frakklandi.
- 1998 Bill Clinton Bandaríkjaforseti viðurkennir að hafa átt í óviðurkvæmilegu sambandi við Monica Lewinsky.
- 1999 Sautján þúsund lást í miklum jarðskjálfta í Tyrknesku borginni Izmit.
- 2000 Vilhjálmur Bretaprins útskrifast úr menntaskóla.

AFMÆLI

Pétur Arason listaverkasafnari er 61 árs

Ellert A. Ingimundarson leikari er 48 ára

Próstur Helgason bókmenntafræðingur er 44 ára

Björn Ingi Hilmarsson leikari er 43 ára



BÆJAR- OG HÉRAÐSBLAÐIÐ VÍKURFRÉTTIR: GEFIÐ ÚT Í ALDARFJÓRÐUNG

Sinnir Jóni og Jónu Jóns

„Ég vil meina að markaðurinn fyrir bæjar- og héraðsfréttablöð sé síst verri núna en áður. Landsfjölmiðlarnir eru mikið með stóru fréttirnar, pólitíkina og það sem er að gerast á höfuðborgarsvæðinu. Við erum meira að sinna Jóni Jónssyni sem er ýmist að rækta kartóflur, er snjall kylfingur eða barnapía,“ segir Páll Ketilsson eigandi og ritstjóri Víkurfrétta, eins elsta bæjar- og héraðsblaðs landsins, sem heldur upp á aldarfjórðungs afmæli sitt á þessu ári. Í tilefni af afmælinu verður gefið út hundrad síðna tímarit síðar á árinu þar sem rifjuð verða upp ýmis mál sem komið hafa upp á þessum tíma en Páll telur öfluga fréttabjónustu eitt af aðalsmerkjum Víkurfrétta.

Starfsemi blaðsins hefur aukist jafnt og þétt yfir árin. Systurblaðið með sama nafni hefur verið dreift á öll heimili í Hafnarfirði, Garðabæ og Álftanesi í þrjú ár. Mikill og góður fréttavefur er starfræktur hjá fyrirtækinu og sem dæmi um vaxandi þrótt þess var í vor opnaður sérvefur um golfþróttina á www.kylfingur.is en Páll er mikill golfáhugamaður. Hann lýsir golfmótum í sjónvarpi og ritstýrir tímariti um íþróttina sem gefið er út af Gólf sambandi Íslands.

Páll telur ekki að lestur dagblaða muni færast alfarið á netið. „Netið hefur á síðustu árum komið gríðarlega sterkt inn en er hrein



EIGENDUR Páll Ketilsson eigandi og ritstjóri Víkurfrétta ásamt eiginkonu sinni og með-eiganda Ásdís Björk Pálmadóttur.

viðbót að mínu mati. Fólk vill áfram fá blöðin. Það er þessi tilfinning að vera með kaffibollann að fletta blaðinu sínu,“ segir Páll sem var einungis tvítugur þegar hann keypti rekstur Víkurfrétta í samstarfi við annan mann árið 1983 en þá hafði blaðið verið gefið út af prentsmiðjunni

GAMLA OG NÝJA Víkurfréttir komu fyrst úr árið 1980. Fjótlega var farið að bera blaðið út á öll heimili á Suðurnesjum og er það gert enn í dag.

Grágás í tvö ár. Hann var þó ekki ókunnur blaðamannsstarfinu.

„Ég held ég hafi byrjað sextán ára þeyi að skrifa í fjölmiðla. Þetta er eitthvað í blóðinu,“ segir Páll en mikið var lesið af blöðum á æskuheimili hans þar sem faðir hans sem starfaði á rútustöðinni fékk að eiga mörg blöð sem þangað komu. Páll segist oft hafa tekið þau fram yfir bækur. „Ég las nú reyndar Nonnabækurnar og skólábækurnar en blöðin heilluðu mig meira,“ segir Páll hlæjandi en hann telur lykilið að því að reka og starfa við fjölmiðlafyrirtæki þann að eiga góða og skilningsríka fjölskyldu og góða starfsmenn sér við hlið. ■

ANDLÁT

Guðbjörn S. Hjálmarsson, Hátúni 10, Reykjavík, lést á heimili sínu sunnudaginn 24. júlí. Útförin hefur farið fram.

Margrét Ólafsdóttir, frá Hlíð, Siglufirði, Kópavogsbraut 1B, lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð föstudaginn 12. ágúst.

Oddný Aðalbjörg Jónsdóttir, Rauðalæk 20, Reykjavík, áður Sunnuhvoli Fáskrúðsfirði, lést á Landakotssjúkrahúsi föstudaginn 12. ágúst.

Björgvin helgi Guðmundsson, lést að elliheimilinu Grund föstudaginn 12. ágúst

Guðmundur Sæmundsson, vélvirkjameistari, til heimilis í Boðahleini 7, Garðabæ, lést laugardaginn 13. ágúst.

Erlingur Vigfússon, óperusöngvari, andaðist á sjúkrahúsi í Köln í Þýskalandi sunnudaginn 14. ágúst.

Guðrún S. Magnúsdóttir, Valhúsabraut 13, Seltjarnarnesi, lést sunnudaginn 14. ágúst.

Inga Sigríður Ingólfssdóttir, áður til heimilis að Rauðalæk 22, Reykjavík, lést á Hrafnistu í Reykjavík mánudaginn 15. ágúst.

Kolbrún Sigurðardóttir, Álfamýri 2, Reykjavík, lést á heimili sínu mánudaginn 15. ágúst.

Lilja Sigfinnsdóttir, Hjallabraut 33, Hafnarfirði, lést mánudaginn 15. ágúst.

JARÐARFARIR

13.00 Einar Oddgeirsson, Heiðvangi 16, Hafnarfirði, verður jarðsungið frá Fossvogskirkju.

13.00 Valdimar Jónsson, húsgagnasmíðameistari frá Kringlu í Miðdölum, verður jarðsungið frá Háteigskirkju.

Amalía Rut Gunnarsdóttir
Björtusölum 23, Kópavogi,

verður jarðsungið föstudaginn 19. ágúst kl. 13.00 frá Háteigskirkju.

Jónas Yamak
Edda Falak Yamak
Ómar Yamak

Minningarsjóður hefur verið stofnaður til minningar um Amalíu Rut Gunnarsdóttur nr. 0552-14-602320.

Kolbrún Sigurðardóttir
Álfamýri 2, Reykjavík,

andaðist á heimili sínu mánudaginn 15. ágúst. Jarðarförin auglýst síðar.

Höskuldur Eliasson

Sigrún Höskuldsdóttir	Antonio Cavaleiro
Eliás Höskuldsson	María Carolina Skackauskaite
Sigurður Höskuldsson	Dagbjört Edda Barðadóttir

Linda Rut, Telma Rós, Alexander Freyr, Ragnar Már, Lilja Björk, Ragnhildur Sara og Vigdís Karólína.

Jóhannes Steinþórsson
Eyjabakka 26, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 9. ágúst síðastliðinn verður jarðsungið frá Breiðholtskirkju föstudaginn 19. ágúst kl. 15.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

Guðrún Sigmundsdóttir

Kolbrún Jóhannesdóttir	Axel Gíslason
Dagný Jóna Jóhannesdóttir	Theodoros Kagiannalíus
Eva Karen Axelsdóttir	Eiríkur Þór Hafdal
Jóhannes Axelsson	
Björg Sigmundsdóttir	
Sara Sigmundsdóttir	
Marína	
Markús	
Kristbjörg Aþena.	

Margrét Ólafsdóttir
frá Hlíð, Siglufirði, Kópavogsbraut 1B,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, föstudaginn 12. ágúst.

Sólveig Helga Jónasdóttir
Ásgeir Jónasson
börn og barnabörn.

Einar Long Siguroddsson
Ásdís Hinriksdóttir

Inga Sigríður Ingólfssdóttir
áður til heimilis að Rauðalæk 22, Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Reykjavík mánudaginn 15. ágúst. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 18. ágúst kl. 15.

Steinunn Þorvarðsdóttir, Rík de Visser, Steinn Helgason, Síf, Salka og Egill, Ólöf Þorvarðsdóttir, Jón Valur Jensson, Ísak og Sóley Kristín.

Handklæða markaður

Við bjóðum upp á
vönduð handklæði
á verði sem þú
finnur ekki annars
staðar...

Þvottapoki

29_{kr}

Þvottastykki

89_{kr}

Handklæði

50 x 100

399_{kr}

Handklæði

70 x 140

699_{kr}

Þvottapoki

29_{kr}

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



Valur og ÍBV fá liðsauka

Handknattleiksdeildir Vals og ÍBV sömdu í gær við fjóra leikmenn og hafa því styrkt leikmannahópa sína fyrir komandi átök í vetur. Valur endurnýjaði samning við Baldvín Þorsteinsson og samdi við franskan leikmann að nafni Mohamadi Loutoufi. ÍBV samdi við tvo leikmenn frá Tékklandi, hornamanninn Jan Vtípil og línumanninn Michal Dostalík.

sport
sport@frettabladid.is

EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN: VERÐUR Í ELDLÍNUNNI MEÐ LANDSLIÐINU Í KVÖLD

Á von á sterku suður-afrísku liði

Eiður Smári Guðjohnsen, fyrirlíði íslenska landsliðsins, verður með á móti Suður-Afríku í dag, en hann meiddist lítillega á læri í leik gegn Wigan Athletic um síðustu helgi og var tvísýnt um þátttöku hans í leiknum. Landslið Suður-Afríku er sterkt og á Eiður von á hörkuleik. „Ég veit svo sem ekki mikið um þetta lið þó ég þekki til nokkurra einstaklinga í liðinu, en það er ljóst að það eru sterkir leikmenn í liðinu. Þessi leikur er mikilvægur undirbúningur fyrir leikina í undankeppni heimsmeistaramótsins í september og vonandi náum við vel saman fyrir þann tíma.“

Keppnistímabil í flestum deildum Evr-



ópu eru að byrja um þessar mundir og hafa flestir leikmannna íslenska landsliðsins verið við stífar æfingar undanfarnar vikur. Þessi tímasetning á landsleik er því umdeild. „Ég get alveg viðurkennt það að mér finnst þessi tímasetning á landsleik ekki gáfuleg. Það er slæmt að meiðast á þessum tíma og þess vegna svoltitil áhætta sem fylgir því að taka þátt í æfingaleik eins og þessum.“

Keppnistímabilið á Englandi hófst um síðustu helgi og eru flestir knattspyrnusérfræðingar á því að Chelsea verji enska meistaratitlinn. Nokkrir nýir leikmenn hafa komið

til Chelsea í sumar og list Eiði Smára ágætlega á þá. „Það á eftir að koma í ljóst hvernig þessir leikmenn reynast okkur en þetta eru auðvitað frábærir knattspyrnumenn sem bæta leikmannahópinn.“

Ganverjinn Mikael Essien er nú á leið til Chelsea, en erfiðlega hefur gengið hjá Chelsea að ná samkomulagi við Lyon um kaupverð á kappanum, en talið er að hann kosti tæpa þrjú milljarða íslenskra króna. Eiður er ekki hræddur við samkeppni um stöðu í liðinu og ætlar sér að berjast fyrir sæti sínu. „Þetta er ekki í fyrsta skipti sem ég þarf að sanna mig sem mikilvægur hluti af liðinu. Það er margir góðir leikmenn hjá Chelsea og ég fagna því bara ef það bætist einn góður leikmaður í hópinn.“

> Við hrósum ...

... íslenska landsliðinu í körfubolta sem gerði sér lítið fyrir og vann tvo leiki gegn sterku landsliði Hollands og það á þeirra heimavelli í þökkabót. Framundan eru mikilvægir leikir í B-deild Evrópumótsins og vonandi að liðið nái að fylgja eftir þessum góða árangri með állka frammistöðu í þeim.

> Við hvetjum ...

... alla knattspyrnuáhugamenn til að fjölmenna á Laugardalsvöllinn í kvöld og fylkja sér að baki íslenska landsliðsins í knattspyrnu sem mætir landsliði Suður-Afríku í kvöld. Strákarnir þurfa að finna fyrir því að þjóðin stendur með liðinu í gegnum súrt og sætt.



LEIKIR GÆRDAGSINS

Landsbankadeild kvenna:

KEFLAVÍK-KR	2-1
1-0 Lilja Íris Gunnarsdóttir (18.), 2-0 Lilja Íris Gunnarsdóttir (56.), 2-1 Hrefna Huld Jóhannesdóttir, víti (72.).	
FH-ÍA	2-2
1-0 Valdís Rögnvaldsdóttir (21.), 2-0 Sif Atladóttir (52.), 2-1 Telma Ýr Gyfladóttir (62.), 2-2 Anna Þorsteinsdóttir (90.).	

STADAN:

BREIÐABLIK 12	11	1	0	37-8	34
VALUR	11	9	0	2 50-12	27
KR	12	7	1	4 38-16	22
ÍBV	11	7	0	4 35-23	21
KEFLAVÍK	12	5	0	7 28-33	15
FH	12	3	1	8 10-39	10
STJARNAN	12	3	0	9 13-33	9
ÍA	12	0	1	11 9-56	1

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

14 15 16 17 18 19 20

Miðvikudagur

LEIKIR


- 17.00 Valur og ÍBV mætast að Hlíðarenda í Landsbankadeild kvenna.
- 20.00 Ísland og Suður-Afríka mætast í landsleik í knattspyrnu karla á Laugardalsvelli.
- 07.00 Olíspport á Sýn. Endursýnt fjórum sínum.
- 15.20 Landsleikur í knattspyrnu milli Argentínu og Ungverjalands á Sýn.
- 17.20 Olíspport á Sýn.
- 17.50 Landsleikur í knattspyrnu milli Englands og Danmerkur á Sýn.
- 19.55 Landsleikur í knattspyrnu milli Íslands og Suður-Afríku á RÚV.
- 20.00 US PGA-mótaröðin í golfi á Sýn.
- 22.00 Olíspport á Sýn.
- 22.20 Formúlukvöld á RÚV.
- 22.20 Landsleikur í knattspyrnu milli Króatíu og Brasilíu á Sýn.
- 00.00 Landsleikur í knattspyrnu milli Englands og Danmerkur á Sýn.

Leikmenn Íslands ætla sér sigur

Knattspyrnulandslið Suður-Afríku mætir því íslenska á Laugardalsvelli í kvöld og eru leikmenn íslenska liðsins staðráðnir í því að vinna leikinn.

FÓTBOLTI Íslenska landsliðið í knattspyrnu karla mætir í kvöld landsliði Suður-Afríku í æfingaleik á Laugardalsvelli. Um er að ræða æfingaleik til undirbúnings fyrir leikina í undankeppni heimsmeistaramótsins í byrjun september. Suður-Afríka er með sterkt landsliðið sem komist hefur í úrslitakeppni heimsmeistaramótsins í síðustu tvö skipti, og er númer 38 á lista yfir sterkustu landslið heims. Ísland er sem stendur í sæti númer 92 á heimslistanum og hefur lækkað töluvert að undanförunu. Búast má við hörkuleik þar sem leikmenn beggja liða hafa æft að kappi með liðum sínum undanfarnar vikur og eru keppnistímabilin víðast hvar að hefjast.

Líklegt byrjunarlið 4-5-1



Stefán Gíslason verður í eldlinunni með landsliðinu í kvöld en hann hefur leikið vel með liði sínu Lyn í Noregi. Hann á von á erfiðum leik en vonast til þess að leikmenn verði tilbúnir í slaginn. „Við fáum nú ekki mikinn tíma til undirbúnings en við höfum náð að þjappa okkur ágætlega saman og það er góður andi í hópnum. Við munum að sjálfsögðu reyna allt til þess að vinna leikinn og búumst fastlega við því þetta verði erfiður leikur.“

Logi Ólafsson, annar tveggja þjálfara landsliðsins, segir undirbúning hafa gengið ágætlega þótt óneitanlega hafi verið betra að fá meiri tíma með landsliðshópnum. „Það er eins og fyrir alla landsleiki, það er ekki mikill tími sem gefst til undirbúnings. En hópurinn er samstilltur og mér finnst hafa verið fin einbeiting á æfingunum. Leikmenn eru í svoltitil misjöfnu formi. Tímabilið á Englandi og í Belgíu er nýbyrjað, en



LANDSLIÐIÐ Á ÆFINGU Leikmenn íslenska landsliðsins hafa æft að kappi síðustu daga og ætla sér sigur í kvöld gegn sterku liði Suður-Afríku.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

það er langt komið í Skandinavíu og hér heima. Maður sér svona aðeins á leikmönnum en annars er ljóst að meira og minna allir leikmennirnir í hópnum eru í góðu formi. Hannes Sigurðsson og Ólafur Örn Bjarnason verða þó líklega ekki með vegna meiðsla. Við munum byggja á ágætum

leikjum gegn Mólту og Ungverjalandi og vonandi nær liðið að sýna góða frammistöðu líkt og í þeim leikjum.“

Leikmenn Suður-Afríku leika nánast allir með sterkum liðum í Evrópu og má því búast við baráttuleik á Laugardalsvelli í kvöld. magnush@frettabladid.is

Íslenska körfuboltalandsliðið gerði góða ferð til Hollands:

Gefur góð fyrirheit um framhaldið

KÖRFUBOLTI „Það var frábært að vinna A-þjóð í körfubolta tvívegis á þeirra heimavelli,“ sagði Sigurður Ingimundarson landsliðsþjálfari eftir sigur íslenska körfuboltalandsliðsins á því hollenska ytra í gær. Það voru þó heimamenn sem höfðu undirtökin í leiknum lengst af en íslenska liðinu tókst að tryggja sér fram-

lengingu 30 sekúndum fyrir leikslok. Í framlengingunni tók lið Íslands öll völd á vellinum og vann öruggan sigur, 82-75, en staðan að loknum venjulegum leiktíma var 71-71.

Sigurður Þorvaldsson var stíghæstur íslensku leikmannanna með fjórtán stig en Jón Arnór Stefánsson gerði þrettán

stig auk þess að taka sex fráköst. Í fyrri leiknum, sem fór fram á mánudagskvöldið, hafði íslenska liðið sigur, 78-74.

Framundan eru þýðingamiklir leikir gegn Danmörku og Rúmeníu í september en áður en kemur að þeim fer landsliðið til Kína og mun leika þar tvo æfingaleiki í lok mánaðarinnar. - esá

HM U-21 landsliða:

Sigur á Kongó

HANDBOLTI. Íslenska landsliðið í handbolta skipað leikmönnum 21 árs og yngri vann sinn fyrsta leik á heimsmeistarátölinu sem fram fer í Ungverjalandi. Liðið vann auðveldan sigur á Kongó, 41-15 en það mætir liði Chile í dag. Markahæstir í íslenska liðinu voru Ernir Hrafn Arnarson með átta mörk, þar af eitt úr víti, og Árni Sigtryggsson með sjö mörk. -esá

ÚTVARPIÐ ÞITT
ÞOLIR EKKI
EINTÓMAN
VIÐBJÓÐ

X
97.7



SKÓLAVÖRUR

LAVORUR SKÓLAVÖRUR SKÓLAVÖRUR SKÓLAVÖRUR SKÓLAVÖRUR

1,- kr.
Stílabók A4

1 kr.
1 stk. Plúto býantur

1,- kr.
Teygjumappa

1 kr.
Svo flestir njóti góðs af krónu-tilboðum okkar takmarkast kaup á þeim við 5 stk. á fjölskyldu

Verð frá 59,-
Skæri

Verð 65,-
Reiknivél

Verð 125,-
Stílabók A4

Verð 95,-
Stílabók A5

Verð 395,-
5 fagabók

Verð frá 99,-
Pennaveski

Verð 495,-
Gormabók A4

5 i pakka!

Verð frá 2.795,-

Skólatöskur í miklu úrvali

Allar töskurnar eru með bólstuðu baki svo að taskan falli vel að baki barnsins. Breiðar bólstaðar axlarólur og mittisól tryggja að líkamsburður barnsins er réttur.

OUTBACK

Verð 995,-

Verð 1.995,-

Verð 1.995,-

Tilboðin gilda út ágúst 2005 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbreytingu og prentvillur.

Opið
alla
daga

Office 1 Superstore

**WorldClass
ICELAND**

hefurðu þjónustulund,
sýnirðu frumkvæði, ertu
jákvæð/ur?
www.worldclass.is



Ég er allveg að
fíla það að
vinna á KFC!
Valdi kokkur.

Við leitum að skemmtilegu fólki.
Tökum daglega við umsóknum.
Vilt þú vinna á KFC?

KFC

MYND: HELGI SIGURSSON



Ég er nýkominn heim frá Grænlandi þar sem ég gerði meðal annars úttekt á áfengisneyslu heima-manna, aðallega vegna þess að drykkjuskapur og eymdin sem honum fylgir er sérstakt áhugamál mitt. Grænlandingar drekka mikið. Það er að segja þeir eru oft fullir þótt magnið sem þeir innbyrði sé ekkert stórkostlegt, sérstaklega ekki á íslenskan mælikvarða. Sigurður ísmaður segist drekka fjóra til fimm kassa af bjór þegar hann dettur í ða og það dugi ekki til þess að hann endi hálfærnulaus,

baulandi og grenjandi. Grænland-ingarnir þurfi hins vegar ekki meira en tvo bjóra og þá eru þeir úr sögunni.

Það er til ákveðin þróunarkenn-ing um áfengisþol ólíkra kynstofna en hún byggir í grunninn á kenn-ingu Darwins um náttúruvalið.

Um þrjú prósent gyðinga eru alkóhólistar en þeir hafa gutlað í víni allra þjóða lengst, í nokkur þúsund ár, og hafa því drukkið af sér flesta alkana. Alkóhólisminn virðist nefnilega vera þess eðlis að hann útrýmir sér þannig að þeir hæfustu til að drekka komast af. Norrænir menn eru búnir að kneypa mjöðinn í rúm 1000 ár og hafa náð, á þeim tíma, að fækka alkóhólistum niður í 25% eða svo.

Frumbyggjar Ameríku og Grænlandingar eru varla búnir að djúsa nema í nokkur hundruð ár og eiga því enn svo langt í land að alkóhólismi er almennur og eitthvað um eða yfir fimmtíu prósentin. Samkvæmt þessu er því tomt mál að tala um það að berjast af einhverju viti gegn áfengisbölinu á Grænlandi fyrr en í kringum árið 3000.

Eymdin og volæðið verður að fá að taka sinn toll í þúsund ár í viðbót og koma þeim ólánsömu sálum sem enn hafa ekki fengið áfengisúthald í arf frá forfedrum sínum í hel.

Bakkus er harður húsbóndi en ljósið í myrkrinu er sú staðreynd að hann grefur undan sér þótt hann grafi. ■

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Í KVÖLD
KL. 17:50

**DANMÖRK
ENGLAND**

Í DAG KL. 15:20
UNGVERJALAND-
ARGENTÍNA

Í KVÖLD KL. 22:20
KRÓATÍA-BRASILÍA

SYN
besta sætið



COTT: FOLK: MCCANN

SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.

Þótt lausnarhraði fari eftir æfingu og hæfni má reikna með að það taki tíu til þrjátíu mínútur að leysa Sudoku-þrautina. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

2	9			3				8
	3							2 7
		8 9		1 3				
		7 2 8 5 6						
8		7 6						1
		9 3 1 4 8						
		6 5 2 7						
1 2								9
4			6					8 5

su|do|ku
© Puzzles by Pappocorn

myndasögur

■ PONDUS

Eftir Frode Överli



■ GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ PÚ OG PA

Eftir SÖB



■ KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



■ BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott





DOHERTY Pete Doherty, forsprakki Babyshambles, er væntanlegur hingað til lands í október. Hér sést hann ásamt kærustu sinni Kate Moss.

Tvö hundruð umsóknir

Yfir tvö hundruð umsóknir hafa borist frá íslenskum hljómsveitum og tónlistarmönnum um að koma fram á Iceland Airwaves-hátíðinni sem verður haldin 19. til 23. október.

Þetta er í fyrsta sinn sem listamönnum er gefið færi á að sækja um að spila á hátíðinni með því að fylla út umsóknareyðublað og skila inn fylgigögnum og hafa viðtökurnar verið framfar vonum. Starfsmenn Hr. Örlygs munu svara umsóknunum fyrir 1. september.

Búist er við að um eitt hundrað innlendir listamenn komi fram á Iceland Airwaves og er þegar búið að staðfesta 25 þeirra. Á meðal þeirra eru Mínus, Leaves, Bang Gang, Gus Gus og Hjalmar. Búist er við fimmtán erlendum hljómsveitum og tónlistarmönnum og hafa tíu nöfn verið staðfest. Á meðal þeirra eru Babyshambles, The Zutons, The Fiery Furnaces, The (International) Noise Conspiracy, The Mitchell Brothers, Zoot Woman, Annie, José González og High Contrast – DJ set.

Míðasala á hátíðina hefst 5. september. ■



JUDE OG SIENNA Þótt ekki sé allt fallið í ljúfa löð þá fær Jude að koma með í brúðkaup systur Siennu.

Jude fær að koma með

Jude Law og Sienna Miller munu mæta saman í brúðkaupsveislu systur Siennu. Samkvæmt götu-bláinu The Sun fer brúðkaupið fram í september og ætlar parið að koma saman. Law er sagður vera öngum sínum og vilji með þessu sýna fjölskyldu Miller hversu vænt honum þyki um leikkonuna. Law verður þó ábyggilega ekki beðinn um að gefa brúðgumanum heilræði enda hélt hann bæði fram hjá fyrrum eiginkonu sinni og verðandi. Að sögn heimildarmanns blaðsins á parið nú að vera að reyna lappa upp á sambandið eftir að Jude viðurkenndi að hafa haldið fram hjá Miller með barnfóstrunni. Hann er sagður vera skýjunum yfir því að Miller skuli vilja láta sjást með honum og hann ætli að nýta sér tækifærið. ■

U2 fá portúgölsk heiðursverðlaun

Bono og félagar hans í U2 fengu æðstu heiðursverðlaun í Portúgal fyrir störf sín að mannúðarmálum. Forseti landsins, Jorge Sampaio, veitti tónlistarmönnum Order of Liberty heiðurinn í forsetahöllinni nokkrum tímum áður en þeir fóru upp á svið fyrir tónleika sína í Lissabon á sunnudag. „Þetta er að sjalfsögðu mjög stór heiður fyrir okkur fjóra,“ sagði Bono eftir afhendingu verðlaunanna, en hann gegndi stóru hlutverki á Live Aid tónleikum vegna hungursneyðar í Afríku fyrir tuttugu árum og hefur barist fyrir því að útrýma fátækt alla tíð síðan. U2 spiluðu á Live8 tónleikum í sumar og hljómsveitin hefur vakið athygli á mörgum mannréttindamálum á árinu. „Ef við höldum virkilega að líf Afríku-



U2 Bono og félagar hafa eflaust verið kátir á tónleikum í Lissabon eftir að hafa fengið heiðursverðlaunin.

manns væri jafnmikils virði og líf Evrópubúa myndum við ekki standa hjá með fullar fötur vatns þegar heil heimsálfa væri að brenna til grunna,“ sagði Bono við afhendinguna. Þetta er í fyrsta skipti sem Portúgal veitir erlendri hljómsveit heiðursverðlaunin. ■

The O.C. og Desperate Housewives vinna verðlaun

Teen Choice Awards-verðlaunin voru afhent í Hollywood á dögunum. Sjónvarpsþættirnir The O.C. og Desperate Housewives bitust um að fá flest verðlaun. Rachel Bilson, sem leikur Summer í The O.C., krækti í verðlaunin sem besta leikkona í dramaþáttum og sem „heitasta gellan“, þrátt fyrir að eiga í höggi við andstæðing á borð við Mischu Barton. Kærasti og mótleikari Rachel, Adam Brody, vann verðlaunin sem besti dramaleikarinn og parið fékk verðlaun fyrir heitasta sambandið á skjánum sem er ekki skritið. The O.C. vann einnig verðlaun fsem besti drama-sjónvarpsþátturinn. Desperate Housewives fékk verðlaun fyrir besta nýja þáttinn og Eva Longoria



CHAD MICHAEL MURRAY OG RACHEL BILSON Chad og Rachel fengu verðlaunin „Choice Hottie“ sem þýðir að þau voru valin heitustu og sætustu leikararnir.

var valin besta nýja leikkonan í sjónvarpsbransanum.

Bíómyndaverðlaunin fóru flest til The Notebook sem er rómantísk gamanmynd en hún fékk átta verðlaun. Gwen Stefani, Mariah Carey og Eminem fengu öll verðlaun í tónlistarbransanum og meira að segja hótelerfinginn Paris Hilton var verðlaunuð – fyrir besta öskrið í myndinni House of Wax. ■



NÍU ÍSLENSKIR SJÓNVARPSÞÆTTIR!

Á SIRKUS Í VETUR VERÐA NÍU INNLENDIR ÞÆTTIR - FLEIRI EN Á NOKKURRI ANNARRI STÖÐ! ÞEIR ERU: KVÖLDÞÁTTURINN, VEGGFÓÐUR, IDOL EXTRA, SIRKUS RVK, SJÁÐU, ÍSLENSKI LISTINN, SÚPERSPORT OG GAME TV. NÍUNDI ÞÁTTURINN ER ALGJÖRT LEYNDÓ, MYNDAÐUR AÐ MESTU ERLENDIS OG VERÐUR KYNNTUR SEINNA Í ÞESSUM MÁNUÐI. FYLGSTU MEÐ.



Útgáfutónleikar Flís



Í kvöld klukkan 20.30 í Edinborgarhúsinu á Ísafirði verður sýnd fertugasta sýningin á einleikum um Gísla Súrson. Fritt er inn á sýninguna fyrir alla þá sem bera nöfnin Gíslí og Auður. Sýningin markar upphafið að ferð einleiksins um allt landið á næstu mánuðum og segist Elfar Logi Hannesson, sem leikur Gísla, vona að fólk í öðrum landslutum taki Gísla opnum örmum þegar hann kemur þangað í sjálfskipaðri útleið sinni.

menning

menning@frettabladid.is

Í tilefni útgáfu á geisladisknum Vottur með djasstríóinu Flís, þar sem leikin eru lög sem Haukur Morthens gerði vinsæl á árum áður, heldur tríóið útgáfutónleika í Iðná í kvöld og annað kvöld. Það sem tónleikagestir mega eiga von á að heyra eru til dæmis lög eins og Bláu augun þín, Til eru fræ, Hæ mambó og Simbi sjómaður í flottum djassútsætningum. Tríóið Flís er skipað þeim Davíð Þór Jónssyni á píanó, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson bassa og Helga S. Helgasyni á trommur. Forsala miða er í verslun 12 Tóna, Skólavörðustíg 15 og kostar miðinn 1000 krónur. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.00 og sér Ragnar Kjartansson, ásamt fleiri góðum gestum, um að koma fólk í girinn áður en Flís stígur á svið. Forsala miða er í verslun 12 tóna, Skólavörðustíg 15 og kostar miðinn 1000 kr.



FLÍS Davíð Þór Jónsson píanóleikari, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson trommuleikari og Helgi S. Helgason trommuleikari mynda tríóið Flís sem heldur tónleika í Iðná í kvöld og á morgun í tilefni af útkomu nýrrar plötu.

> Ekki missa af ...

...tónleikum með möntrusöngvaranum **Shri Yogi Hari** og tablaspilaranum/trommuleikaranum **Steingrími Guðmundssyni** í **Jógamiðstöðinni**, Ármúla 38, annað kvöld kl. 21.00.

... síðustu sýningu **Ferðaleikhússins** á **"On the way to Heaven"** í **Iðná** föstudagskvöldið 19. ágúst kl. 20.30.



... tónleikum hljómsveitarinnar **Hummus** veitingahúsinu **Jómfrúnni** við Lækjargötu, laugardaginn 20. ágúst kl. 16.00.

Lokatónleikar Ísafoldar

Kammersveitin Ísafold heldur lokatónleika sína í Íslensku óperunni klukkan 20.00 annað kvöld en hljómsveitin hefur að undanförunni verið á tónleikaferð um landið.

Á efnisskrá tónleikanna verða eins og áður verk eftir ýmsa erlenda höfundar, eins og Stravinski, Mansuriani, Ravel, og Luciano Berio. Einnig verður frumflutt nýtt verk eftir Þuríði Jónsdóttur sem hún samdi sérstaklega fyrir kammersveitina Ísafold og Guðrúnu Jóhönnu.

Ísafold er skipuð átján hljóðfæraleikurum og hefur hljómsveitin að þessu sinni fengið til liðs við sig unga söngkonu, Guðrúnu Jóhönnu Ólafsdóttur mezzosópran en hún hefur vakið mikla athygli fyrir fallega rödd sína og fagaða túlkun.



KAMMERSVEITIN ÍSAFOLD Heldur lokatónleika sína í Íslensku óperunni annað kvöld klukkan 20.00.

Ísafold hefur hlotið mikið lof áheyrenda og gagnrýnenda fyrir flutning sinn og var ásamt stjórnanda sínum Daniel Bjarnasyni tilnefnd til Íslensku Tónlistarverðlaunanna 2005 sem bjartasta vonin í flokki sígildrar- og samtímatónlistar. ■

Misskilningur araba og Vesturlandabúa í sögunni


Hussein Shehadeh heldur fyrirlestur um misskilninginn á milli arabaheimsins og Vesturlanda á Borgarbókasafni á Menningarnótt.

Dr. Hussein Shehadeh, blaðamaður og fyrirlesari, heldur fyrirlestur í aðalsafni Borgarbókasafns Reykjavíkur á Menningarnótt, 20. ágúst, kl. 15.00. Shehadeh er fæddur í Jerúsalem en hlaut menntun sína í Englandi og Danmörku. Hann hefur á síðustu þrjátíu árum haldið fjölda fyrirlestra á Norðurlöndunum og víðar um menningu og daglegt líf araba.

„Fyrirlestur minn fjallar um hinn gagnkvæma misskilning sem hefur verið á milli arabaheimsins og Vesturlanda síðastliðnar aldir. Ég hef búið í Danmörku í 38 ár en þar áður bjó ég í þrjú ár á Englandi. Þegar ég flutti fyrst til

Vesturlanda heillaðist ég af frelsinu sem einkenndi samfélagin hér, frelsi sem ég hafði ekki kynnst þegar ég bjó í arabaheiminum þar sem meira að segja veðurspáin í fjölmiðlunum er ritskoðuð. Það sem sagt er frá í fréttum í arabaheiminum eru eingöngu fréttir af konungunum og stjórnámálmönnunum og einhverju tengdu þeim en ekkert sagt frá hinum almenna borgara. Þegar ég kom hingað vestur voru fyrstu fréttirnar sem ég heyrði saga af einhverjum þorpshálfvita sem hafði hent bréfpoka í tjörnina í bænum sínum og saga af konu sem hafði fengið lélega þjónustu hjá tannlækni og íhugaði málshöfðun. Það er þarna sem munurinn liggur því hér á Vesturlöndum er sjónarhornið oftast á einstaklingum en þeim sem ráða í samfélaginu,“ segir Shehadeh sem auk þess að halda fyrirlestur sýnir þrjátíu ljósmyndir sem hann hefur tekið í Óman í gegnum árin og er meðal annars ætlað að undirstrika þær miklu samfélagslegu breytingar sem hafa átt sér stað þar í landi síðastliðin 35 ár. Sýningin ber heitið *Óman, hinn töfrandi hluti Arabíu*.

Hussein segist ætla að tala um hugarfarið í arabaheiminum í breiðum skilningi og að á köflum verði tónninn í málflutningi hans nokkuð kaldhæðinn. „Ég held að sú reynsla sem hafi auðgað líf mitt meira en nokkur önnur sé að hafa dvalið langdvölum í kjötbúð föður míns, slátrarans, þegar ég var í drengur í liltum bæ í Palestínu. Þar fylgdist ég með hversdagslegu hegðunarmynstri araba, til dæmis hvernig þeir heilsuðust alltaf með handarbandi og af miklum virktum, jafnvel þó að sömu manneskjurnar hefðu hist áður fyrr um daginn. Á Strikinum í Kaupmannahöfn



HUSSEIN SHEHADEH Hussein heldur fyrirlestur á Borgarbókasafni á Menningarnótt þar sem hann fjallar um misskilninginn milli araba og Vesturlandabúa sem hann telur vera greinilegan.

